KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR

Ræktar kirsuber úti og inni

Matur Tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

UNNUR ÖSP OG BJÖRN THORS:

Leikarafjölskylda á leið til London

sirkus

FY LGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

SYKURMOLARNIR

Þegar heimsfrægðin bankaði á dyrnar

Tuttugu ár frá því Birthday kom út í Bretlandi

FÓLK 39

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. ágúst 2007 — 221. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Syngjandi bankastjóri

Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings, tók lagið með Helga Björns í gær. Hann segir það hafa verið upphaf og endi söngferils síns.

FÓLK 46

Stingur á kýlum

Ný heimildarmynd Michaels Moore um bandaríska heilbrigðiskerfið fær jákvæða umsögn.

KVIKMYNDIR 38

Olíuhreinsunarstöð

„Alþingi samþykkti í vetur lög um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við skuldbindingar Íslands og því ljóst að olíuhreinsistöð getur ekki fallið undir ákvæði þeirra laga," skrifar Árni Finnsson.

Í DAG 24

KR-stúlkur bestar

KR var lið umferða 7-12 í Landsbankadeild kvenna. Hólmfríður Magnúsdóttir KR var besti leikmaðurinn og Helena Ólafsdóttir KR var valin þjálfari umferðanna.

ÍÞRÓTTIR 40

VEÐRIÐ Í DAG



Þurrt víðast hvar: Hæg norðlæg átt um allt land, svalt norðan til, en hiti 10-15 stig sunnanlands.

VEÐUR 4

Björgólfsfeðgar leggja undir sig miðbæinn

Fjárfestingar Björgólfsfeðga í miðbæ Reykjavíkur gera þá að umsvifamestu einkaeigendum fasteigna á svæðinu. Stór reitur við Laugaveg er nú að mestu leyti í eigu þeirra. Talsmaður segir ekki liggja fyrir hvað verði gert við eignirnar.

VIÐSKIPTI Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson eru orðnir umsvifamestu einkaeigendur fasteigna í miðborginni í gegnum fasteignafélagið Samson Properties. Feðgarnir hafa meðal annars keypt nánast öll hús á reit sem markast af Barónsstíg, Hverfisgötu, Vitastíg og Laugavegi.

Þeir eiga einnig fjöldann allan af húsum á reit sem markast af Lindargötu, Vatnsstíg, Laugavegi og Frakkastíg. Ásgeirs Friðgeirssonar, talsmaður Björgólfsfeðga, segir ekki liggja fyrir hvað verði gert við reitina en auðveldara sé að skipuleggja þá þegar þeir eru á einni hendi. „Það eru ýmsir möguleikar í stöðunni til að skipuleggja reitinn í heild sinni," segir hann.

Samson Properties gekk í síðustu viku frá kaupum á félögunum Rauðsvík ehf. og Vatn og land ehf. Félögin voru áður skráð á Þorstein Steingrímsson fasteignasala. Þorsteinn, sem á meðal annars Heilsuverndarstöðina í Reykjavík, hefur farið mikinn á síðustu mánuðum við að kaupa upp fasteignir í miðbænum.

Þótt kaup Samson Properties á félögum Þorsteins hafi gengið í gegn í síðustu viku var samkomulag um þau gert fyrir ári. Að sögn Ásgeirs þurfti Þorsteinn að uppfylla ákveðin skilyrði áður en af kaupunum varð.

Feðgarnir hafa einnig keypt eina eign við Vitastíg fyrir neðan Hverfisgötu með sama hætti, það er að félög í eigu Þorsteins voru undanfari að kaupunum, auk íbúða við Skúlagötu. Fyrir eiga þeir mikið af eignum á reitnum milli Frakkastígs og Vatnsstígs, bæði ofan og neðan við Hverfisgötu. Meðal annars eiga þeir byggingarnar sem hýsa Regnbogann og skemmtistaðinn Vegas.

- snæ / kh / sjá Sirkus

BEINT Á TOPPINN Rodney Hamrick frá Alabama kemur sér í rokkgírinn fyrir Elvis Presley eftirhermukeppnina í Memphis, Tennessee. Þegar gengið er í spor kóngsins frá Tupelo dugar ekki minna til en tonnatak í hárið og þessi eini sanni fílingur. Í gær voru þrjátíu ár liðin frá andláti Presleys. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fyrrverandi samgönguráðherra tjáir sig loks um Grímseyjarferjumálið:

Sturla axlar ekki fulla ábyrgð

SAMGÖNGUMÁL Sturla Böðvarsson, fyrrverandi samgönguráðherra og forseti Alþingis, vísar frá sér ábyrgð á Grímseyjarferjumálinu. Engin fyrirmæli voru gefin af hans hálfu sem áttu að geta leitt til þeirrar niðurstöðu sem nú liggur fyrir um kostnað ferjunnar, segir í yfirlýsingu sem Sturla sendi út í gær.

Þar kemur fram að verði misbrestur á störfum stofnana og ráðgjafa sem undir ráðherrann heyra sé endanleg ábyrgð vissulega hans, en dagleg afskipti eða yfirsýn ráðherra vegna einstakra verkefna af stærðargráðu á við Grímseyjarferjumálið sé „auðvitað óhugsandi."

STURLA BÖÐVARSSON

Augljóst sé að umfjöllun og viðeigandi aðgerðir vegna málsins geti ekki verið á borði fyrrverandi samgönguráðherra heldur einungis þeirra sem nú standa við stjórnvölinn í ráðuneytinu.

Tólf ára gömul ferja var keypt til að leysa Grímseyjarferjuna Sæfara af hólmi í nóvember 2005. Til stóð að lagfæra hana og taka í notkun í nóvember í fyrra. Kostnaður við lagfæringarnar hefur farið langt fram úr áætlunum, og hefur ferjan ekki enn verið tekin í notkun.

Kristján Möller samgönguráðherra vildi ekki tjá sig um efni yfirlýsingarinnar í gær, samkvæmt aðstoðarmanni hans, Róberti Marshall. Ekki náðist í Sturlu vegna málsins.

- sþs

Ný plata Megasar selst vel:

Ekki vinsælli í tuttugu ár

TÓNLIST **„Það má segja að Megas sé kominn inn í hlýjuna. Hann er miklu betur metinn heldur en hann var," segir Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu. Hátt í þrjú þúsund eintök hafa selst af nýrri plötu Megasar á aðeins örfáum vikum. Það er mun meira en selst hefur af síðustu plötum hans.**

Sjálfur kann Megas engar skýringar á þessum vinsældum. „Ég hef áður gert plötur sem mér hefur líkað við en ekki öðrum, þannig að ég veit ekki hvar minn smekkur rímar við almennan smekk," segir hann.

- fb / sjá síðu 46

Heimsminjaskrá UNESCO:

Reykholt og Gásir duttu út

HEIMSMINJAR Reykholt í Borgarfirði og Gásir við Eyjafjörð komu til álita þegar yfirlit var fyrst samið um hugsanlegar tilnefningar Íslendinga til heimsminjaskrár UNESCO. Í Reykholti hefur of miklu verið raskað til að staðurinn komi til greina og verslunarstaðurinn Gásir reyndist ekki svo einstakur þegar upp var staðið.

Gömul útvarpsstöð í Svíþjóð og sögunarverksmiðja í Finnlandi teljast hins vegar nægilega merkar til að hljóta þennan virðingarsess.

- kóþ / sjá síðu 18

Hlutabréf og króna titra:

Fimmta mesta dagslækkunin

VIÐSKIPTI Skörp lækkun varð á gengi hlutabréfa í gær, hér eins og annars staðar. Úrvalsvísitalan lækkaði um 3,84 prósent sem er fimmta mesta lækkunin á einum degi. Vísitalan hefur fallið um sextán prósent frá því hún náði hæsta gildi hinn 18. júlí.

Sex félög lækkuðu um fimm prósent eða meira og rýrnaði markaðsverðmæti Kauphallarfélaga um 118 milljarða króna sem er það mesta sem sést hefur á einum degi.

- eþa / sjá síðu 22

SPURNING DAGSINS

Bergvin, verður bara boðið upp á svart kaffi?

„Það er best þannig en ég býst við að kaupa mjólk."

Ungliðahreyfing Blindrafélagsins býður upp á bakkelsi og kaffi í svartamyrkri um helgina til að vekja athygli á málefnum blindra. Bergvin Oddsson er formaður Ungliðahreyfingarinnar.

Fjörutíu Íslendingar taka þátt í skákhátíð á Grænlandi um þessar mundir:

Keppa og kenna á skákhátíð

ÍÞRÓTTIR Stór hópur Íslendinga tekur þátt í skákhátíð á Grænlandi, sem haldin er um helgina. Glitnismótið verður haldið þar í dag, og hið árlega Flugfélagsmót verður um helgina. Sérstakt barnaskákmót var haldið í gær, Toyota-mótið svokallaða.

Íslendingarnir, sem eru um fjörutíu, kenna ýmist skák eða keppa á mótinu. Meðal þeirra eru heimsmeistararnir í liðakeppni í skólaskák, skáksveit Salaskóla.

Að þessu sinni fór skákkennslan fram á þrem stöðum: Hrókurinn sá um kennsluna í Tasiilaq, Kátu biskuparnir frá Hafnarfirði voru í bænum Kúummiit og Skákíþróttafélag stúdenta við Háskólann í Reykjavík var í Kúlúsuk.

GRANNT FYLGST MEÐ Grænlensku börnin hafa sýnt mikinn áhuga á skákinni og var barnamót haldið í gær.

Skáklandnámið á Grænlandi hófst árið 2003 í Qaqortoq á Suður-Grænlandi. Þá var fyrsta skákmótið á Grænlandi haldið og mættu margir stórmeistarar til leiks. Síðan þá hafa Hróksmenn einbeitt sér að því að innleiða skákina á Austur-Grænlandi.

Flugfélagsmótið hefur verið haldið árlega í Tasiilaq, jólaskákmót hafa verið haldin þar tvö ár í röð með yfir 90 þátttakendum. Um síðustu páska var farið í Scoresby-sund sem er nyrsti bærinn á austurströnd Grænlands og er 800 kílómetra frá næsta bæ. Ætlunin er að fara þangað aftur á næsta ári og halda mót þar. - pal / sþs

Jarðskjálfti í Perú:

Rauði krossinn í viðbragðsstöðu

HJÁLPARSTARF Rauði kross Íslands hefur ekki fengið hjálparbeiðni frá félögum sínum í Perú en búist er við henni, miðað við manntjón og eyðileggingu eftir jarðskjálftann þar.

„Fyrstu viðbrögð hjá Rauða krossinum eru að leita í neyðarsjóð, sem er ávallt til staðar," segir Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins.

„Sá sjóður á að geta brúað bilið í smærri áföllum en þetta er það stórt að það þarf líklega að fara af stað með söfnun þegar búið er að meta þörfina," segir hann.

Þá yrði stofnaður sérstakur reikningur fyrir landsmenn. - kóþ

Seinheppinn þýskur bóndi:

Geit skorin upp og náð í milljón

ÞÝSKALAND Þýskur bóndi tapaði 10.000 evrum, jafngildi tæplega milljónar íslenskra króna, þegar geitin hans át seðlabúntið hans. Kalla þurfti á lækni til að skera geitina upp og endurheimta féð.

Maðurinn skildi evrurnar eftir á glámbekk þegar hann svaraði í síma. Þegar hann sneri aftur hafði geitin hans, Steffi, étið þær allar. Bóndinn náði í dýralækninn, sem hélt eftir 300 hálfmeltum evrum í greiðslu fyrir verkið. Bóndinn ætlar að kaupa traktor fyrir afganginn. - sgj

STRANDGATA Verslunareigendur hafa kvartað yfir að bílastæði séu teppt allan daginn.

Hafnarfjarðarbær:

Bílastæðaskífur koma til greina

SAMGÖNGUR „Það hafa engir stöðumælar verið í Hafnarfirði frá stofnun bæjarins árið 1908, það hefur verið prinsippmál," segir Gunnar Svavarsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Bæjaryfirvöld íhuga nú notkun bílastæðaskífa í miðbænum.

Skífurnar eru settar á framrúðu og á þeim er klukka, sem stilla má til að sýna hvenær lagt var í stæðið. Þær eru þannig staðgenglar stöðumæla, en án gjaldtöku. Akureyrarbær notar svipaðar skífur.

„Verslunareigendur hafa bent á að fólk geti tekið stæði fyrir framan búðirnar allan daginn," segir Gunnar. Með skífunum mætti koma til móts við þá. - sgj

Biðlistum á BUGL útrýmt og þjónusta aukin verulega

Stórauka á þjónustu við ungmenni með hegðunar- og geðraskanir. Heilbrigðisráðherra segir að 150 milljónir muni renna til Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans á næstu átján mánuðum. 167 börn bíða nú eftir aðstoð. Foreldrar segja biðina erfiða fyrir alla aðstandendur. Efasemdarradda gætti á fundinum.

HEILBRIGÐISMÁL Langir biðlistar hafa verið eftir aðstoð hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL). Þegar bíða um 167 börn eftir hjálp. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra tilkynnti í gær að 150 milljónum verði veitt til deildarinnar á næstu átján mánuðum til að ráða bót á vandanum.

MARGRÉT ÓMARSDÓTTIR

LINDA KRISTMUNDSDÓTTIR

BJARNI MÁR BJARNASON

Heilbrigðisráðherra segist vongóður um að féð muni verða til þess að þjónustan við ungmenni með hegðunar- og geðraskanir verði stóraukin. „Þetta er langstærsta átak sem við höfum farið í og það sem er ánægjulegt er að í sumar hafa fjölmargir unnið að þessari stefnumótum, ekki aðeins ráðuneytið heldur fjölmargir aðilar sem koma að því starfi sem fram fer á Barna- og unglingageðdeildinni," sagði Guðlaugur á fundinum.

Efasemdarradda gætti þó í salnum og sagðist Bjarni Már Bjarnason, ráðgjafi á unglingadeildinni, hissa á heildarupphæðinni. „Þetta er bara svipað fé og þarf til að byggja einbýlishús," sagði Bjarni á fundinum. „Það fer nú eftir því hvernig einbýlishús um er að ræða," svaraði ráðherra þá og benti á að þarna væri um verulega stórt átak að ræða. „Ég hélt að mér hefði misheyrst þegar hann nefndi upphæðina," bætti hann við á eftir. Kvaðst hann fullur efasemda að þessi upphæð yrði til þess að hægt yrði að fjölga starfsmönnum og efla þjónustu um allt land eins og gert er ráð fyrir. Þá sérstaklega þar sem vandinn væri mikið til falinn í því að laun starfsmanna væru of lág og því fengist ekki fólk til vinnu.

Linda Kristmundsdóttir, deildarstjóri á BUGL, sagði ljóst að loksins eygðu þeir sem starfa á BUGL von um bjartari tíma. „Við förum vongóð inn í veturinn eftir þetta framtak heilbrigðisráðherra," sagði hún.

Margrét Ómarsdóttir, stjórnarmaður Félags foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga sagði mikilvægast að peningarnir yrðu nýttir til að vinna á biðlistum. „Fólk áttar sig oft ekki á því að hægt er að margfalda fjölda þeirra sem bíða eftir aðstoð. Þegar barn þarf að komast inn á BUGL er það ekki bara það sem líður fyrir langa bið heldur einnig foreldrar og systkini. Biðin reynir mikið á en vonandi mun þetta verða til að bæta ástandið," sagði Margrét.

karen@frettabladid.is

167 BÖRN BÍÐA EFTIR AÐSTOÐ Heilbrigðisráðherra kynnti í gær aðgerðaráætlun til að bæta hag þeirra ungmenna sem bíða eftir aðstoð hjá Barna- og unglingageðdeild auk þess sem hann tilkynnti að 150 milljónum yrði varið til að stórauka þjónustuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚR ÁÆTLUN HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

- Leið barna og ungmenna að þjónustu sérfræðinga á sviði barna- og unglingageðheilbrigðisþjónustu verður gerð greiðari.
- Starfsmönnum sem sjá um þjónustuna fjölgi og samvinna þeirra sem veita þjónustuna verði aukin. Jafnframt á að auka samstarf þeirra sem veita þjónustuna, að ráðgjafahlutverk og þjónusta Barna- og unglingageðdeildar og Miðstöðvar heilsuverndar barna verði efld auk þess sem aðilum á að verða gert kleift að bregðast við þeirri brýnu þörf sem skapast hefur fyrir þjónustuna.
- Styrkt verða tvö tilraunaverkefni til að efla samvinnu þjónustuaðila á að minnsta kosti tveimur stöðum á landinu.
- Hrint verður í framkvæmd aðgerðaráætlun á sviði forvarna um geðvernd barna og ungmenna til lengri tíma.
- Ferðum starfsmanna til heilbrigðisstofnana út á landi verður fjölgað.
- Biðlistum náð niður á einu ári með því að bæta við starfsmönnum.
- Ítarleg úttekt verður gerð á starfsemi og stjórnun Bugl. Niðurstöður úttektarinnar verða svo lagðar til grundvallar ákvörðun um framtíðarskipulag og rekstur deildarinnar.

BÍLL DAGSINS
NISSAN PATROL ELEGANCE
Nýskr. 06.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 126 þús. km.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Styrking japanska jensins eykur gengisáhættu íslenskra skuldara verulega:

Höfuðstóll lána í jenum rýkur upp um fjórðung á mánuði

LÁNTÖKUR Japanska jenið hefur ekki verið sterkara gagnvart íslensku krónunni á þessu ári. Á einum mánuði hefur það styrkst um 23,5 prósent á móti krónu en samtímis hefur gengisvísitalan lækkað um fjórtán prósent.

Jenið hefur verið vinsæll gjaldmiðill við lántökur landans í erlendum lánum sökum afar lágs vaxtastigs í Japan. Fyrir íslenska lántakendur merkir þessi gríðarmikla styrking jensins einfaldlega það að höfuðstóll lána í japanskri mynt hefur rokið upp um fjórðung á einum mánuði og vaxtagreiðslurnar hækka þar af leiðandi.

„Þeir sem voru að taka svona lán í lágvaxtamyntunum þegar krónan var hvað sterkust finna verulega fyrir þessari gengishreyfingu nú. Þær endurspeglast í samsvarandi hækkun á höfuðstólnum og vaxtagreiðslunum líka," segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis. Hann bendir þó á að margir hafi tekið myntkörfulán þegar gengi krónunnar gagnvart körfunni eða lágvaxtamyntum, eins og jeni og svissneskum franka, var nær núverandi gildi en því sem sást í júlí.

TÓKÝÓ Höfuðstóll lána Íslendinga í jenum hefur rokið upp.

Fjárfestar um allan heim hafa verið að flýja úr áhættusömum eignum sem hafa verið fjármagnaðar í jenum. „Síðustu daga og vikur er sagan sú sama á mörkuðum, að allar hávaxtamyntir hafa lækkað mikið gagnvart annarri mynt og þá sérstaklega gagnvart fjármögnunarmynt, sér í lagi jeninu," bætir hann við.

Jenið styrktist um 4,5 prósent gegn krónu í gær. Eitt jen kostaði þá um 60,9 aura en fyrir um mánuði kostaði það 49,3 aura. - eþa

STÓRTÓNLEIKAR
LANDSBANKANS & RÁSAR 2
MIKLATÚN
Á MENNINGARNÓTT
NÓTT I KL. 20 - 22:30
MANNAKORN
& ELLEN KRISTJÁNS
MEGAS & SENUÞJÓFARNIR
Á MÓTI SÓL
EIVÖR
SPRENGJUHÖLLIN
DAGUR I KL. 16 - 18
MÍNUS
PÉTUR BEN
AMPOP
LJÓTU HÁLFVITARNIR
VONBRIGÐI
RÁS
Landsbankinn

GENGIÐ 16.08.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	69,33	69,67
Sterlingspund	137,17	137,83
Evra	92,8	93,32
Dönsk króna	12,469	12,541
Norsk króna	11,661	11,729
Sænsk króna	9,875	9,933
Japanskt jen	0,6074	0,6110
SDR	105,39	106,01

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 126,7513

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra segir ekki farið á svig við fjárreiðulög í Grímseyjarferjumálinu:

Tíðkast að færa fé á milli verkefna

STJÓRNMÁL Árni Mathiesen fjármálaráðherra vísar á bug gagnrýni Ríkisendurskoðunar á fjármögnun á kaupum og endurbótum á nýrri Grímseyjarferju.

Er það mat stofnunarinnar að ekki sé heimild í fjárlögum til að verja þeim tæpu 400 milljónum króna úr ríkissjóði sem þegar hafa farið til verksins. Aðeins hafi verið heimild til að selja Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri.

Árni Mathiesen segir allar heimildir liggja fyrir og lengi hafi viðgengist að fjármunir á samgönguáætlun, sem ekki nýtast í framkvæmdir vegna tafa, séu

ÁRNI MATHIESEN Segir allar heimildir liggja fyrir og lengi hafi viðgengist að færa fé milli verkefna.

nýttir til annarra framkvæmda sem heimild er fyrir. „Í gildi eru reglur um hvernig flýta eigi framkvæmdum og nota fjármuni sem ekki hafa nýst," segir Árni og undrast að Ríkisendurskoðun skuli í einni skýrslunni gagnrýna að fjárveitingar séu ekki nýttar og í annarri skammast yfir að þær séu nýttar.

Hann segir Grímseyjarferjumálið vissulega sérstakt en að framkvæmd fjármögnunarinnar sé ekki öðruvísi en í mörgum öðrum málum. „Ég dreg ekki úr því að þarna hefur margt farið öðruvísi en það átti að fara, en það er ekki hægt að tala um að eitthvað hafi verið gert í heimildarleysi, alla vega hvað varðar kaupin á ferjunni og hvernig fjármunir voru settir í verkið." - bþs

Danskir dagar í Stykkishólmi:

Enginn verður útundan

STYKKISHÓLMUR Danskir dagar verða haldnir í fjórtánda skipti í Stykkishólmi nú um helgina, frá föstudegi til sunnudags.

„Venjulega eru í kringum fimm til sex þúsund manns sem mæta á svæðið," segir Daði Heiðar Sigurþórsson, framkvæmdastjóri Danskra daga. Hann segir að allir séu velkomnir á hátíðina. „Dagskráin er þannig uppbyggð að öll fjölskyldan á að finna eitthvað við sitt hæfi. Það er dagskrá bæði fyrir börn og unglinga, við viljum ekki skilja þá útundan eins og oft er gert." - þeb

Menningarmálaráðherra Dana:

Baðst forláts á víkingainnrás

ÍRLAND, AP „Heima í Danmörku erum við svo sannarlega stolt af þessu skipi. Við erum hins vegar ekki stolt af því tjóni sem hin írska þjóð varð fyrir í kjölfar víkinganna," sagði Brian Mikkelsen, mennningarmálaráðherra Dana í gær.

Þá kom til hafnar í Dyflinni Foli hafsins, 30 metra löng endurgerð víkingaskips sem var smíðað árið 1042.

Ráðherrann nýtti tækifærið til að koma á framfæri þessari óbeinu afsökunarbeiðni á fyrri hegðun Dana. Sem betur fer hefðu þær hlýju móttökur, sem skipverjar fengu hjá Írum, að þeir hefðu fyrirgefið Dönum. - kóþ

Fundur um hlýnun loftslags:

Merkel kanslari til Grænlands

BERLÍN, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hélt í gær til Grænlands ásamt umhverfisráðherra sínum til fundar við Andres Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur og Hans Enoksen, formanns heimastjórnar Grænlands. Fyrirmennin hittast í Ilussiat, sem er á heimsminjaskrá UNESCO, til að ræða hlýnandi loftslag jarðar.

Illussiat varð fyrir valinu vegna þess að jökullinn sem er á heimsminjasvæðinu hefur bráðnað og minnkað nokkuð á síðustu árum. - kóþ

BENSÍNVERÐ

Bensínverð í 132 krónur

Verð á 95 oktana bensíni fór í gær í 132 krónur hjá stóru félögunum þremur; Skeljungi, Olís og N1. Lítraverð í sjálfsafgreiðslu var 127 krónur hjá þeim öllum.

Samkeppni flutt út á land með ljósleiðara

Aukin nýting á þeim hluta ljósleiðarakerfis landsins sem áður var í höndum Ratsjárstofnunar gæti opnað fyrir samkeppni á landsbyggðinni. Vodafone og Síminn hyggjast semja við ríkið um að fá að nota bandbreiddina sem losnar.

FJARSKIPTI Bandbreidd í ljósleiðarakerfi Símans sem losnar í kjölfar yfirtöku ríkisins á rekstri Ratsjárstofnunar gæti orðið til þess að samkeppni í fjarskiptum á landsbyggðinni aukist. Vodafone og Síminn eru meðal þeirra fyrirtækja sem hafa áhuga á að nýta bandbreiddina.

Þegar ljósleiðari var lagður um landið fyrir tæpum tuttugu árum var gerður samningur á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda um að NATO fengi þrjú af átta pörum ljósleiðarans til einkanota fyrir Ratsjárstofnun. Í staðinn tók NATO þátt í kostnaði við uppbyggingu ljósleiðarakerfisins alls, og greiddi um 120 milljónir á ári fyrir rekstur og viðhald þeirra þriggja para sem Ratsjárstofnun notaði. Þetta kemur fram í skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu Símans frá árinu 2005.

Hin fimm ljósleiðarapörin eru í eigu Símans, sem leigir afnot af þeim til annarra fjarskiptafyrirtækja.

Íslensk stjórnvöld tóku við rekstri Ratsjárstofnunar í fyrradag, og þar með kostnaðinum sem NATO hafði greitt hingað til. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að mögulegt væri að opna fyrir nýtingu annarra á ljósleiðaranum, og þannig dreifa kostnaði við rekstur hans á fleiri en Ratsjárstofnun. Gagnaflutningsgeta innanlands gæti aukist um allt að sextíu prósent, sagði hún. Ekki hefur verið ákveðið hvort og hvernig ríkið mun standa að útdeilingu bandbreiddar í sínum hluta kerfisins.

LJÓSLEIÐARAKERFIÐ Ljósleiðari var lagður um landið í lok níunda áratugarins, og tók NATO þátt í kostnaðinum í skiptum fyrir afnot af þremur ljósleiðarapörum af átta. Ratsjárstofnun hefur notað þann hluta kerfisins til að senda upplýsingar á milli ratsjárstöðvanna, sem merktar eru með rauðum punkti á kortinu.

GESTUR G. GESTSSON

LINDA BJÖRK WAAGE

Gestur G. Gestsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs hjá Vodafone, segir fyrirtækið hafa mikinn áhuga á að nýta þau þrjú ljósleiðarapör sem Ratsjárstofnun hefur notað. Verðmæti séu fólgin í aukinni bandbreidd, sem gæti opnað fyrir aukna þjónustu við landsbyggðina. „Ef ríkið stendur að þessu með réttum hætti þá ætti þetta að opna fyrir enn frekari samkeppni á landsbyggðinni," segir hann.

Linda Björk Waage, forstöðumaður almannatengsla hjá Símanum, segir forsvarsmenn Símans í viðræðum við ríkið um ljósleiðarapörin þrjú en ekkert sé hægt að segja um næstu skref. „Það verður bara að koma í ljós hvað ríkið ætlar sér með þessa þræði."

salvar@frettabladid.is

BÍLASTÆÐI Kostnaður við bílastæði getur numið milljónum.

Kostnaður við bílastæði:

Bílastæði á allt frá 400 þúsund

SAMGÖNGUR Malbikuð bílastæði af einföldustu gerð kosta um 400 þúsund krónur í Reykjavík, samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdasviði. Þá er ekki talinn með kostnaður við kaup á landi eða undirbúning þess. Kostnaðurinn getur margfaldast ef bílastæðin eru lögð á áður frágengnum svæðum eða verðmætum lóðum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að gjaldskylda verði tekin upp á ákveðnum bílastæðum við Háskóla Íslands og aðrir skólar höfuðborgarsvæðisins íhugi þann kost. Háskólinn hyggist nýta sér tækifærið þegar strætisvagnaferðir verða gjaldfrjálsar fyrir námsmenn í haust. - sgj

KÁRAHNJÚKAVIRKJUN

Vatnsborð Hálslóns hækkar

Yfirborð Hálslóns komst í gær í 616,2 metra hæð yfir sjávarmál, og vantar aðeins tæplega 9 metra upp á að lónið fyllist, samkvæmt vef Kárahnjúkavirkjunar. Lónið var í gær 46,8 ferkílómetrar, en það verður 56,5 ferkílómetrar þegar það verður fullt.

LÖGREGLUFRÉTT

Stolinn bíll fannst á Oddeyri

Bifreið var stolið frá Heiðarlundi á Akureyri aðfaranótt fimmtudags. Hún fannst daginn eftir á Oddeyri óskemmd. Ekki er vitað hver tók bílinn.

MS drykkjarvörur í fjallgönguna

MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.

VEÐURSPÁ

Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

Þurrt um allt land: Hægviðri og þurrt um mest allt land er veðurspáin fyrir daginn. Á Norðurlandi verður að öllum líkindum skýjað, en þurrt að mestu og hiti á bilinu 6-12 stig. Á suðurhluta landsins má búast við sólarglætu, en þó gæti verið háskýjað á suðvesturhorninu, og þar með sólarlítið - en bjart. Hitinn hærri en norður í landi, eða 10-15 stig, hlýjast inn til landsins sunnan- og vestanlands.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG Hæg breytileg átt, bjart og hiti 10-15 stig.

um hádegi »



» á morgun



Hæg breytileg átt um allt land

» sunnudagur



Suðaustlægar áttir, 3-6 m/s

um hádegi »

Kaupmannahöfn	19°C skúrir	London	20°C léttskýjað	Eindhoven	19°C skúrir
Billund	20°C rigning	París	19°C léttskýjað	Basel	24°C skúrir
Osló	18°C léttskýjað	Frankfurt	24°C0skúrir	Alicante	28°C léttskýjað
Stokkhólmur	19°C skúrir	Friedrichshafen	18°C skýjað	Róm	30°C heiðskýrt
Gautaborg	22°C skúrir	Berlín	21°C rigning	Las Palmas	24°C heiðskýrt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

AVÓKADÓSALAT sem meðlæti með hamborgarhrygg

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

3 stk. avókadó
3 stk. skalottlaukar
1 stk. sítróna
1/2 búnt kóríander
salt og pipar

Skerið avókadó og skalottlauka í teninga. Kreistið sítrónusafa yfir. Saxið kóríander og blandið saman við avókadó og lauk. Kryddið með salti og pipar og berið fram með hamborgarhryggnum.

Hamborgarhryggur
danskur, úrbeinaður

TILBOÐ
1.499 kr/kg
Verð áður 2.198,-

Nauta clubsteik
úr kjötborði

TILBOÐ
1.998 kr/kg
Verð áður 2.498,-

Lambalæri
frosið

TILBOÐ
959 kr/kg
Verð áður 1.499,-

New York Style
– bagel chips

Spennandi nýjungar

í Hagkaupum

Smucker's íssósur
- í miklu úrvali

Hersey´s íssósur
- mikið úrval

Stirrings kokteilblöndur
- vertu tilbúinn í partýið

Nýtt
í Hagkaupum

Rice&Roni hrísgrjónaréttir
- 4 bragðtegundir

Sun-Maid þurrkaðir ávextir

Gerber barnakex
- tvær tegundir

Gildir til 19. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Ertu fylgjandi heræfingum á Íslandi?

Já	49%
Nei	51%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ber Sturla Böðvarsson ábyrgð-ina í Grímseyjarferjumálinu?

Segðu skoðun þína á visir.is

Fullt út úr dyrum á íbúafundi vegna skipulagsbreytinga á Kársnesi:

Greinilega mikill hugur í fólki

KÓPAVOGUR „Hafnarstarfsemi og grófur iðnaður á ekki heima á þessu svæði og við viljum að bærinn hætti við áform um slíka nýtingu á svæðinu," segir Arna Harðardóttir, formaður samtakanna Betri byggð á Kársnesi. Eins og greint var frá í gær var húsfyllir á opnum íbúafundi sem samtökin stóðu fyrir. „Það er greinilega mikill hugur í fólki og komust færri að en vildu á fundinn. Við náðum að koma á framfæri þessum helstu áhyggjum sem íbúar hafa.

Þarna var líka tækifæri fyrir Kópavogsbæ til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, og koma betri upplýsingum til bæjarbúa. Mörgum okkar fannst það tækifæri ekki vel nýtt," segir Arna. Hún segir að í málflutningi samtakanna hafi nánast aðeins verið notast við skýrslur frá bæjaryfirvöldum. „En bæjarstjórinn er alltaf að saka okkur um að fara með rangt mál. Hann virðist eiga erfitt með að trúa þeim tölum sem bærinn og hann sjálfur hafa lagt fram í þessum skýrslum."

Hún segir jafnframt erfitt fyrir bæjarbúa að gera sér grein fyrir því hvað felst í fyrirhuguðum breytingum þegar bæjarstjórinn fer fram með þessum hætti. - þeb

FALLIÐ VERÐI FRÁ ÁFORMUM Í KÁRSNESI

Á íbúafundinum í Kópavogi var samþykkt ályktun þar sem skorað er á bæjaryfirvöld að falla frá áformum um stækkun Kópavogshafnar og nýtingu hennar í atvinnuskyni, gerð landfyllingar, aukningu atvinnuhúsnæðis og hafnsækinnar starfsemi á hafnarsvæði, og frekari íbúafjölgun á Kársnesi.

Í ályktuninni kom líka fram að fundurinn vill að ekki verði lagðar fram nýjar hugmyndir um landnýtingu á vestanverðu Kársnesi nema:

- að fyrir liggi nákvæm útfærsla á lausnum í umferðarmálum
- að tryggt sé að hljóðvist og svifryksmengun sé í samræmi við ítrustu kröfur um heilsuvernd
- að gerðar verði mælingar á núverandi ástandi og vandað mat á umhverfisáhrifum
- að kannaður verði vilji íbúa varðandi framtíðarskipulag á Kársnesi
- að sett verði fram heildrænt skipulag með hagsmuni íbúa að leiðarljósi.

ÍBÚAFUNDURINN Færri komust að en vildu á íbúafund í Kópavogi vegna skipulagsmála á vestanverðu Kársnesi.

LÖGREGLUFRÉTT

Eldur í skúr í Garðabæ

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út um klukkan 11 á fimmtudagskvöld vegna elds í skúr við Ránargrund í Garðabæ. Ekki er vitað um eldsupptök en til stóð að rífa kofann sem er kominn til ára sinna.

KÓPAVOGUR

Fresturinn framlengdur

Bæjarráð Kópavogs ákvað í gær að framlengja frest til að koma með ábendingar eða athugasemdir vegna skipulags á hafnarsvæðinu á Kársnesi. Fresturinn átti upphaflega að renna út 21. ágúst en hefur nú verið framlengdur til 3. september.

Stofnanir þurfa aðhald frá ráðuneytum

Fjármálaráðherra segir að forstöðumönnum stofnana beri að haga rekstri innan fjárheimilda. Formaður félags forstöðumanna ríkisstofnana útilokar ekki að viðurlögum verði oftar beitt við eyðslu umfram fjárlög en segir það ekki einu lausn vandans.

STJÓRNMÁL „Hver forstöðumaður á að haga sínum rekstri þannig að hann sé innan fjárheimilda. Hann hefur ekki heimild til annars," segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra um framkvæmd fjárlaga ársins 2006.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að 75 af 456 fjárlagaliðum fóru fram úr fjögurra prósenta vikmörkum á síðasta ári. Í skýrslunni er sú staðreynd sögð óviðunandi vandamál og agaleysi allra sem að koma er kennt um.

Árni bendir á að fjárlagaliðum sem fara fram úr umfram vikmörkin fækki milli ára. Nokkur árangur hafi því náðst, þó ekki nægjanlegur.

„Mestu skiptir að stofnanirnar fái nægilegt aðhald frá sínum fagráðuneytum. Það hvílir því mikil skylda á ráðuneytunum," svarar Árni spurður um leiðir til úrbóta.

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI er ein þeirra stofnana sem rekin hefur verið umfram fjárheimildir síðustu ár og fjallað er um sérstaklega í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

HALLA ER VÍÐA AÐ FINNA

Staða nokkurra stofnana í árslok 2006

Háskólinn á Akureyri	-337
Listdansskólinn	-130
Íslenski dansflokkurinn	-47
Sendiráð Íslands	-129
Landhelgisgæslan	-355
Landspítali-háskólasjúkrahús	-791
Heilsugæslan á höfuðborgarsv.	-303
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	-74
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-106
Rekstur Vegagerðarinnar	-551
Námsmatsstofnun	-77
Menntaskólinn á Akureyri	-55
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-97
Kvikmyndaskoðun	-23
Landbúnaðarháskóli Íslands	-58
Stjórnartíðindi	-90
Tölvumiðstöð dómsmálaráðun.	-49
Þjóðkirkjan	-2

Tölur eru í milljónum króna

Hann vill sem minnst segja um brýningu Ríkisendurskoðunar um tíðari notkun refsinga; segist helst vilja að menn haldi sig innan ramma svo hvorki þurfi að grípa til áminninga né brottrekstra.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir ekki aðeins framúrkeyrslu heldur líka að stofnanir noti ekki alla þá peninga sem þeim eru skammtaðir á fjárlögum. Árni Mathiesen er ósammála þeirri nálgun. „Fjárlögin eru fjárheimildir en enginn er skyldugur til að eyða peningum sem hann fær á fjárlögum ef hann getur uppfyllt skyldur sínar fyrir minni fjármuni."

Haukur Ingibergsson, formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana, er sömuleiðis ósammála gagnrýni á að ekki sé öllu eytt. Hann bendir á að lögfest var fyrir áratug að fjárveitingar væru ekki stofnunum glataðar þó þeim væri ekki varið innan ársins. „Ef horfið verður af þessari braut er hætta á að menn kappkosti að nýta fjárveitingar hvers árs fyrir áramót, jafnvel þó hjá því væri komist."

ÁRNI MATHIESEN

HAUKUR INGIBERGSSON

Haukur segir margvíslegar ástæður geta legið að baki því að rekstur stofnunar fari fram úr fjárheimildum og fullyrðir um leið að slíkt geri enginn að gamni sínu. Ekki sé deilt um að fara eigi að fjárlögum eins og öðrum lögum.

Spurður hvort beita eigi viðurlögum oftar en gert er, líkt og ríkisendurskoðun vill, segir Haukur ekki útiloka slíkt. „Það getur verið réttlætanlegt í einhverjum tilvikum. Hins vegar er langt í frá að það sé hin eina einfalda lausn vandans."

bjorn@frettabladid.is

Embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli var rekið með halla sex ár í röð:

Sýslumaður 148 milljónir í mínus

STJÓRNMÁL Embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli var rekið með halla frá árinu 2000. Hallinn jókst verulega á síðasta ári og nam 148 milljónum í árslok.

Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga.

Á það er bent að haga beri útgjöldum í samræmi við fjárheimildir. Í stofnun með hallarekstur eigi að skera niður fáist ekki auknar heimildir.

„Ég er fullmeðvitaður um þá ábyrgð sem ég ber," segir Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, áður sýslumaður á Keflavíkurflugvelli.

Sýslumannsembættið sameinaðist lögregluliði Keflavíkur um áramót og úr varð embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Jóhann segir margar ástæður búa að baki hallarekstrinum en nefnir sérstaklega að öll starfsemi á Keflavíkurflugvelli hafi vaxið mjög á undanförnum árum. Þá hafi brotthvarf varnarliðsins haft talsverð áhrif á síðasta ári.

„Skýringar hafa verið gefnar í ótal minnisblöðum og greinargerðum," segir Jóhann og bætir við að unnið sé í málinu innan dómsmálaráðuneytisins, í samvinnu við fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun.

JÓHANN R. BENEDIKTSSON lögreglustjóri á Suðurnesjum.

Spurður hvort Alþingi hafi skammtað embættinu of naum fjárráð svarar Jóhann því einu til að hann fagni hvernig tekið er á málinu í hans nýja ráðuneyti og að unnið sé að lausn þess. - bþs

ERTU BÚIN(N) AÐ SKRÁ ÞIG?

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 18. ÁGÚST 2007

Nánari upplýsingar á marathon.is.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

ICELANDAIR GLITNIR FRÉTTABLAÐIÐ Reykjavíkurborg marathon.is ÍR Margt smátt

www.toyota.is



ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 38618 08/07

Eyjastemning á ljósmyndasýningu Sigurgeirs Jónassonar hjá Toyota Kópavogi

Eins og Toyota eru Vestmannaeyjar engu líkar og nú flytjum við sýnishorn af Eyjastemningu uppá fastalandið; á bílasýningu Toyota í Kópavogi. Allir nýjustu bílarnir verða á svæðinu og sýningargestum standa til boða spennandi sértilboð, glæsileg sýning á ljósmyndum Sigurgeirs Jónassonar og veitingar að hætti Eyjamanna.

- Spennandi sértilboð í tilefni dagsins
- Veitingar í boði, að hætti Eyjamanna, t.d. reyktur lundi

Sigurgeir Jónasson

Sigurgeir hefur verið búsettur í Eyjum alla sína ævi og lengst af tvinnað saman atvinnu sína og áhugamál í ljósmyndun. Ljósmyndir hans tengdar fiskveiðum og fiskvinnslu í Eyjum spanna hálfa öld og eru ómetanleg heimild um liðna tíma og áhugaverðar svipmyndir af samtíðarmönnum.

Opið laugardag kl. 12-16.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hversu margar ferjuleiðir sigla ferjur á vegum íslenska ríkisins?*
2. *Hvaða aðferð beitir bandaríska knattspyrnukonan Jill Mansfield til að taka baneitruð innköst?*
3. *Hvers lenskt er fyrirtækið sem vill reisa álþynnuverksmiðju í Eyjafirði?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Sendinefndir Araba og Bandaríkjamanna heimsóttu bæjaryfirvöld:

Vilja kaupa vatn af Hafnarfirði

VIÐSKIPTI Tvær erlendar sendinefndir hafa sýnt áhuga á að kaupa vatn af Hafnarfjarðarbæ til útflutnings. Annars vegar er um að ræða sendinefnd Araba frá Kúvæt og Sádi-Arabíu, en hins vegar fjárfesta frá Bandaríkjunum, sem eru í viðskiptum í Sádi-Arabíu og víðar.

„Við höfum orðið varir við mjög aukinn áhuga útlendinga á okkar gæðavatni í Kaldá," segir Lúðvík Geirsson bæjarstjóri. Sendinefndirnar ofangreindu komu til fundar við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði í sumar í þeim tilgangi að athuga möguleika á kaupum og útflutningi á vatni í gámum og í tankskipum. Einnig sýndu þær áhuga á uppsetningu átöppunarverksmiðju í Hafnarfirði.

HAFNARFJARÐARHÖFN Vatnsútflutningur myndi fyrst og fremst hafa í för með sér auknar tekjur fyrir höfnina.

Að sögn bæjarstjóra var lagt fram erindi frá bandarísku sendinefndinni í bæjarráði Hafnarfjarðar í gærmorgun, þar sem hún óskaði eftir frekari viðræðum og samþykkti ráðið að verða við því.

„Það má vel vera að menn fari af stað með einhverjar tilraunasendingar, sem síðan leiði til einhvers meira," segir Lúðvík. Spurður hvaða þýðingu viðskipti af þessu tagi hafi fyrir bæjarfélagið, verði af þeim segir Lúðvík hafi þau fyrst og fremst í för með sér auknar tekjur fyrir Hafnarfjarðarhöfn.

„Það sem dregur þessi fyrirtæki að okkur hér í Hafnarfirði eru fyrst og fremst fyrirtaks hafnaraðstæður, mjög gott og sjálfrennandi vatn upp við Kaldá og stutt vegalengd, vilji menn leggja leiðslur þaðan og niður að höfn." - jss

Megrunarátak á Ítalíu:

Fá greitt fyrir að megra sig

ÍTALÍA, AP Gianluca Buananno, bæjarstjóri í Varallo á norðanverðri Ítalíu, telur sig hafa fundið góða leið til að draga úr offitu meðal bæjarbúa. Ákveðið hefur verið að þeir sem standa sig vel í megrun fái greitt úr bæjarsjóðnum.

Þátttakendur í megrunarátaki fá 50 evrur í vasann ef þeir komast niður í kjörþyngd sína, og takist þeim að halda kjörþyngdinni í heilt ár fá þeir 750 evrur.

„Við viljum bara betra samfélag," segir bæjarstjórinn og er bjartsýnn á árangur. - gb

Umboðsmaður Alþingis:

Vandað verði til úthlutunar kvóta

ALÞINGI Umboðsmaður Alþingis hefur bent sjávarútvegsráðherra á að betur þurfi að vanda til ákvarðana um hvaða reglum skuli fylgja við úthlutun byggðakvóta.

Þessari niðurstöðu komst umboðsmaður að í kjölfar þess að sjávarútvegsfyrirtæki kvartaði undan því að sveitarfélag hefði einskorðað úthlutun byggðakvóta við þá útgerðarmenn sem greiddu í sérstakan kvótasjóð.

Nefnir umboðsmaður að ekki hafi verið lagagrundvöllur fyrir því að setja þetta skilyrði, en segir að telji fyrirtækið sig hafa borið skaða af verði að leysa úr því með skaðabótamáli fyrir dómstólum. - bj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Reykur frá potti á eldavél

Allt tiltækt lið slökkviliðsins var kallað að Langholtsvegi klukkan níu í gærmorgun vegna reyks í húsi þar. Í ljós kom að reykinn lagði frá potti á eldavél og engin hætta var á ferðum. Íbúðin var reykræst en er ekki mikið skemmd.

Bílvelta á Fjarðarheiði

Bílvelta varð á Fjarðarheiði laust eftir hádegi í dag. Tveir erlendir ferðamenn voru í bílnum. Þeir voru nýkomnir úr ferjunni Norrænu, og var annar þeirra fluttur á sjúkrahús en reyndist ekki hafa hlotið mikil meiðsl.

Höfuðborgin í Perú skalf í tvær mínútur

Jarðskjálftinn í Perú í fyrrinótt er einn sá stærsti sem orðið hefur þar í áratugi. Á fimmta hundrað manns fórust og um 1500 manns slösuðust. Víða voru heilu hverfin hrunin og þúsundir manna þorðu ekki að snúa aftur í hús sín.

PERÚ, AP Á fimmta hundrað manns fórust og um 1500 manns slösuðust þegar öflugur jarðskjálfti reið yfir Perú í fyrrinótt. Skjálftinn mældist 7,9 stig á Richter-kvarða og var miðja hans skammt frá höfuðborginni Líma.

Fjórir stórir eftirskjálftar, sem hver mældist á bilinu 5,4 til 5,9 stig á Richter-kvarða, urðu stuttu eftir stóra skjálftann, sem hristi höfuðborgina Líma í meira en tvær mínútur, lengur en nokkur jarðskjálfti í manna minnum.

„Þetta er sterkasti jarðskjálfti sem ég hef nokkurn tímann fundið," sagði Maria Pilar Mena, 47 ára kona sem vinnur við að selja samlokur í Líma. „Þegar skjálftinn kom hélt ég að hann ætlaði aldrei að hætta."

„Jörðin hreyfðist öðruvísi í þetta skiptið. Hún fór í bylgjum og var eins og sultuhlaup," sagði Antony Falconi, sem reyndi ákaft að fá far heim til sín, eins og fjölmargir aðrir borgarbúar.

Í borginni Ica, sem er við ströndina suður af Líma, fórust sautján manns þegar kirkja hrundi. Bærinn Pisco, sem er þar skammt frá, varð einna verst úti. Þar fórust að minnsta kosti tvö hundruð manns og tugir líka lágu á víð og dreif um göturnar.

Í RÚSTUNUM Sums staðar í Perú var engu líkara en kjarnorkusprengju hefði verið varpað niður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við erum ljóslaus, vatnslaus og í engu sambandi við umheiminn," sagði Juan Mendoza, bæjarstjóri í Pisco. „Flest húsin eru hrunin, kirkjur, verslanir, hótel, allt er eyðilagt," bætti hann við með tárin í augunum.

Ástandið í bænum Quincha var ekki mikið skárra, að sögn kvikmyndatökumanns AP fréttastofunnar þar. Hann taldi 30 lík á hálfhrundu sjúkrahúsi þar sem 200 manns biðu læknismeðferðar.

Í Quincha var umhorfs eins og kjarnorkusprengja hefði fallið. Stór svæði bæjarins voru algerlega hrunin.

„Við erum öll hrædd við að fara aftur heim í húsin okkar," sagði Maria Cortez, sem starði tómum augum á húsið sitt sem var hrunið að hálfu.

Giorgio Ferrario, yfirmaður Rauða krossins í Perú, var sjö og hálfa klukkustund að komast til Ica og Pisco. Ferðalagið tók þrisvar sinnum lengri tíma en venjulega vegna mikilla vegaskemmda af völdum jarðskjálftans.

Hann sagðist búast við að tala látinna myndi hækka nokkuð eftir því sem björgunarstarfinu miðar áfram. - gb

JÓN BJARNASON Segir ósanngjarnt að segja sökina alfarið embættismanna.

Jón Bjarnason þingmaður VG:

Sökin er ekki embættismanna

STJÓRNMÁL „Það er einfalt en ósanngjarnt að ráðast á forstöðumenn stofnana þegar fjárlagavinnan er rót vandans," segir Jón Bjarnason, þingmaður VG, um skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Hann segist oft hafa bent á þetta við gerð fjárlaga en lítið verið hlustað. Ekki sé hægt að draga úr starfsemi, til dæmis framhaldsskóla og öldrunarstofnana, þó fjárheimildir séu ekki nægar.

Jón mælir því ekki bót að menn fari ekki að lögum en segir forstöðumenn stofnana þurfa að leysa þau verkefni sem þeim ber. „Á sama tíma fara svo ráðherrar frjálslega með peninga. Til dæmis eru engar fjárheimildir fyrir heræfingunni nú." - bþs

Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2007
Öflugar gólfþvottavélar frá TASKI

TASKI swingo 450 B
Einstaklega lipur vél sem hentar á svæðum þar sem aðkoma er þröng. Vél sem kemur á óvart!
Raunhæf afköst 450 m²/klst
Reiknuð afköst 1250m²/klst
399.384 kr.

TASKI swingo 750 B
Lítil og nett, en afkastamikil vél með innbyggðu hleðslutæki sem hindrar afhleðslu rafgeyma.
Raunhæf afköst 750 m²/klst
Reiknuð afköst 1935m²/klst
499.396 kr.

TASKI swingo 1250 B
Vél sem hentar meðalstórum fyrirtækjum og stofnunum. Öflug vél en ótrúlega hljóðlát og auðveld í meðförum.
Raunhæf afköst 1250m²/klst
Reiknuð afköst 2475m²/klst
728.401kr.

Eigum einnig til notaðar vel meðfarnar TASKI gólfþvottavélar, nýkomnar úr 3ja ára rekstrarleigu frá viðskiptavinum RV.
Tækifæri til að gera ótrúlega góð kaup.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

UniqueRV 070703

Menn með bráðabirgðaskírteini settir í akstursbann:

Sjö af níu hafa skráð sig á námskeið

UMFERÐIN Níu einstaklingar með bráðabirgðaökuskírteini hafa verið settir í akstursbann frá því breytingar á umferðarlögum tóku gildi í vor. Allir í umdæmi lögreglunnar á Selfossi. Þeir þurfa að sitja námskeið og þreyta ökupróf að nýju til að endurheimta réttindi sín.

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, segir að það komi sér ekki á óvart að allir ökumennirnir hafi verið stöðvaðir í umdæmi hans. „Lögreglumenn hér eru afar samviskusamir og fylgja þeim fyrirmælum sem gefin eru út. Við höfum litið svo á að okkur bæri að nýta þessa heimild," segir Ólafur og bætir því við að öflugt umferðareftirlit hafi verið í umdæminu í sumar.

Námskrá vegna námskeiða fyrir þá sem hafa verið sviptir bráðabirgðaskírteini var tilbúin í júlí og Umferðarstofa hefur leitað til ökuskólanna um framkvæmd og útfærslu námskeiðanna.

„Ég á von á því að fyrsta námskeiðið verði haldið í september en nú þegar hafa sjö af þessum níu skráð sig," segir Holger Torp sérfræðingur hjá Umferðarstofu. Holger segir að námskeiðin séu í raun útrétt hendi til þeirra sem hafa ekki staðið sig nægilega vel í umferðinni. „Við lítum svo á að eitthvað hafi farið úrskeiðis í ökunáminu fyrst ökumaðurinn brýtur af sér. Þarna fær hann tækifæri til þess að bæta sig," segir Holger. Hvert námskeið er 14 kennslustundir og tekur að lágmarki fjórar vikur. - þo

Í UMFERÐINNI Sjö af þeim níu sem hafa verið settir í akstursbann hafa skráð sig á námskeið.

UMFERÐARLÖG NR. 50/1987:

Úr 106. gr. a
Lögreglustjóri skal banna byrjanda, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, að aka hafi hann fengið fjóra eða fleiri punkta samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Akstursbanni skal eingöngu beitt einu sinni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis. Með akstursbanni eru afturkölluð ökuréttindin sem bráðabirgðaskírteinið veitir. Akstursbannið gildir þar til byrjandinn hefur sótt sérstakt námskeið og staðist ökupróf að nýju. Ráðherra setur reglur um tilhögun námskeiðs.

ÍSLENDINGAR

TIL HAMINGJU MEÐ FISKIDAGINN MIKLA 2007!

GEIMSTOFAN / FREMRI

Samherji er stoltur af því að vera aðalstyrktaraðili Fiskidagsins mikla á Dalvík. Við þökkum starfsfólki okkar og Dalvíkingum öllum ómetanlegt framlag til að gera þessa hátíð jafn glæsilega og raun ber vitni.

„Fiskisúpukvöldið mikla var stórkostleg upplifun, sem og öll dagskrá Fiskidagsins. Hátíðin í heild sinni á enga sína líka í veröldinni. Andrúmsloftið var einstakt þar sem fólk á öllum aldri átti góðar stundir saman."

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja hf.

ICE FRESH SEAFOOD

www.samherji.is

SAMHERJI HF

HULI-MAÐUR MEÐ HÁRKOLLU Á Papúa-Nýju-Gíneu búa karlmenn Huli-ættbálksins sér til veglegar hárkollur úr eigin hári, sem vaxið hefur meðan þeir búa í einangrun áður en þeir kvænast. Hárkollurnar skreyta þeir gjarnan með fjöðrum paradísarfuglsins. James Yakoma heitir maðurinn á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Forseti Tyrklands lætur arftaka sínum eftir að samþykkja nýjan ráðherralista:

Neitaði að taka við listanum

TYRKLAND, AP Ahmet Necdet Sezer Tyrklandsforseti ætlar að láta næsta forseta landsins eftir að samþykkja ráðherralista nýrrar ríkisstjórnar Receps Tayyips Erdogans forsætisráðherra.

Erdogan gekk á fund forsetans í gær til að kynna honum ráðherralistann, en „áður en ég kynnti listann sagði hann: Það er engin þörf á að draga fram listann, það væri frekar við hæfi að kynna hann næsta forseta“, sagði Erdogan við blaðamenn að fundi þeirra loknum.

„Frá mínum bæjardyrum séð sýndi hann þarna kurteisi gagnvart næsta forseta,“ bætti Erdogan við og sagðist ánægður með þessa afstöðu forsetans.

Flokkur Erdogans vann yfirburða sigur í þingkosningunum í síðasta mánuði, en flýta þurfti kosningunum vegna þess að flokkurinn hafði ekki nægan þingstyrk til að tryggja kjör Abdullah Guls utanríkisráðherra í forsetaembættið.

Sezer forseti hefur jafnan lagt mikla áherslu á að

RECEP TAYYIP ERDOGAN OG ABDULLAH GUL Forsætisráðherra Tyrklands ásamt utanríkisráðherranum sem vill verða forseti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

viðhalda aðskilnaði trúar og stjórnmála í Tyrklandi, en flokkur þeirra Erdogans og Guls hefur viljað veg íslamstrúar meiri. Sezer hefur áður gert ýmsar athugasemdir við ráðherraval Erdogans. - gb

Sykurkaup enda illa:

Tveir létu lífið í mannþvögunni

SIMBABVE, AP Fimmtán ára drengur og 35 ára öryggisvörður létu lífið þegar þeir tróðust undir í verslanamiðstöð í Bulawayo, næst stærstu borg Simbabve.

Margir aðrir særðust í mannþrönginni, sem safnaðist saman þegar sykur var boðinn til sölu, en það gerist ekki á hverjum degi síðan stjórnvöld settu reglur um stórfellda lækkun vöruverðs í síðasta mánuði í þeim tilgangi að sporna gegn verðbólgu.

Um það bil þúsund manns höfðu safnast saman fyrir utan verslunarmiðstöðina eldsnemma morguns til að kaupa sykur. - gb

GERT VIÐ Nokkrar skemmdir urðu á götunni þegar vatnið ruddi sér leið upp á yfirborðið. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Vatnstjón í Reykjanesbæ:

Flæddi inn í bílskúr og kjallara

VATNSLEKI „Það fór allt á flot í bílskúrnum og kjallaranum og skemmdirnar eru töluverðar,“ segir Ægir Emilsson, íbúi við Faxabraut í Reykjanesbæ, sem varð fyrir því óláni að fá vatnsflóð inn til sín um miðjan dag í gær.

Kaldavatnslögn fór í sundur undir götunni með þeim afleiðingum að vatn flæddi niður götuna og hafnaði í kjallaranum hjá Ægi. „Þetta náði 40 sentimetra dýpt þegar mest var. Það fór betur en á horfðist og nágrannar okkar og verkamenn sem voru að vinna í nágrenninu komu hlaupandi og tókst að beina vatninu fram hjá húsinu,“ segir Ægir.

Ekki er vitað hvað tjónið var mikið en hús Ægis var það eina sem lak inn í. - þo

Trassar úr bændastétt skapa hættu

Miklum verðmætum og áratugastarfi er stefnt í hættu með því að flytja landbúnaðarvélar, hey og fé yfir sóttvarnarlínur án tilskilinna aðgerða. Sérfræðingur hjá Landbúnaðarstofnun segir bændur áhyggjufulla vegna ógætilegrar hegðunar.

LANDBÚNAÐUR Borið hefur á því að menn hafi farið yfir sóttvarnarlínur með hey og landbúnaðartæki án þess að þau hafi verið sótthreinsuð eða leyfi hafi verið fengið hjá dýralækni eins og lög gera ráð fyrir. Sigurður Sigurðarson, sérfræðingur hjá Landbúnaðarstofnun, segir málið alvarlegt og að miklum verðmætum og starfi sé stefnt í voða með svo ógætilegri hegðun.

SIGURÐUR SIGURÐARSSON

„Ég lýsi yfir áhyggjum mínum yfir hugsanlegum smitburði milli svæða sakir ógætni og hugsunarleysis,“ segir Sigurður. Hann segir Landbúnaðarstofnun vita um einhver tilvik en líklega sé vandinn mun víðtækari. Þá sé einnig vitað til þess að hey hafi verið flutt yfir varnarlínu.

Þeir búfjársjúkdómar sem Íslendingar hafa lengst af barist við eru riðu- og garnaveiki. Í

BÚSKUSSAR SKAPA HÆTTU Miklum verðmætum er stefnt í voða með ógætilegu athæfi. Landbúnaðarstofnun lýsir yfir áhyggjum sínum.

skýrslu frá Landbúnaðarráðuneytinu frá í fyrra kemur fram að kostnaður ríkissjóðs vegna átaks gegn sjúkdómum nam alls 757,7 milljónum króna á núvirði á tímabilinu 1998 til 2004. Á árunum 1986 til 2004 var fé fargað á 872 bújörðum vegna riðuveiki. Áætlað er að um 182.000 kindum hafi verið fargað vegna aðgerðanna á ofangreindu tímabili og að 350 bændur hafi hætt búskap með sauðfé í kjölfar niðurskurðar vegna riðuveiki.

Ef grunur vaknar um að búfénaður sé smitaður af sjúkdómum á borð við riðu, sem upp kom á fjórum bæjum í fyrra, verður að skera niður allt fé. Þá mega bændur ekki halda sauðfé eða geitur á bænum fyrr en að tveimur árum liðnum og er því mikið í húfi. Sigurður segist vita til þess að bændur séu áhyggjufullir vegna ógætilegra ferða frá svæðum þar sem riða hefur ítrekað komið upp yfir á staði þar sem hennar hefur aldrei orðið vart. „Það eru tveir staðir á landinu þar sem ég veit að menn eru mjög áhyggjufullir. Það er vegna flutninga yfir Þjórsá en yfir hana hefur verið flutt bæði hey, tæki og jafnvel fé án leyfis dýralækna. Svo er það yfir svokallaða Miðfjarðarlínu, sem skilur að Víðidal og Miðfjörð. Í Víðidal hefur riðuveiki verið að koma upp hvað eftir annað en alls ekkert þar fyrir vestan,“ segir Sigurður. Ólíðandi sé að jafn miklum verðmætum sé stefnt í voða með ógætni. Hann minnir á að menn geta sjálfir sótthreinsað tæki sín og fengið dýralækni eða fulltrúa hans til að taka þau út.

karen@frettabladid.is

Menningarnótt í Reykjavík:

Draugagangur í tukthúsinu

MENNING Draugaleg stemning verður í gamla Tukthúsinu í Pósthússtræti á menningarnótt enda ku vera mjög reimt í kjallara hússins.

Fjöllistahópurinn Götulíf, á vegum Hins hússins, mun bjóða vegfarendum í leiðangur um ganga og herbergi tukthússins.

Þar mun leiðsögumaður lýsa fyrir vegfarendunum hræðilegum atburðum sem hafa átt sér stað í herbergjum kjallarans.

Taka skal fram að leiðangurinn hentar ekki viðkvæmum sálum, segir í tilkynningu frá fjöllistahópnum. - aví

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tvö innbrot á Akureyri

Brotist var inn í Lundarskóla á Akureyri og heildverslun á Oddeyri aðfaranótt fimmtudags. Í báðum tilfellum voru gluggar brotnir en innbrotsþjófarnir höfðu sig á brott án þess að stela nokkru.

DÓMSMÁL

Síbrotamaður áfram inni

Hæstiréttur hefur dæmt síbrotamann í gæsluvarðhald til 31. október. Hann staðfestir þar með dóm héraðsdóms. Maðurinn hefur verið í mikilli óreglu og án atvinnu.

GLÍMT VIÐ ELDANA Slökkviliðsmenn reyna að halda eldinum í skefjum rétt norðan við Aþenu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvassviðri magnar upp skógareldana í Grikklandi:

Eldar loga í Aþenu

GRIKKLAND, AP Miklir skógareldar geisuðu norðan við og í norðurhverfum Aþenu í Grikklandi í gær. Mörg hús urðu eldinum að bráð, rafmagn fór af heilu hverfunum og flytja þurfti 130 sjúklinga af geðsjúkrahúsi vegna eldhættunnar.

Eldarnir kviknuðu í hlíðum Pentelifjalls rétt norðan við borgina og bárust fljótt í áttina að úthverfunum Politia, Melissia, Nea Panteli og Vrilissia.

Eldarnir náðu yfir nokkurra ferkílómetra svæði og þykkur reykur lá yfir stórum hluta borgarinnar. - gb

PÚTÍN Á VEIÐUM Vladimir Pútín, forseti Rússlands, var reffilegur við veiðar í Yenisey-á í Tuva-héraði í Rússlandi. Þar renndi hann fyrir fisk ásamt Albert II Mónakóprins. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Forseti Venesúela kallaði eftir breytingum á stjórnarskránni á miðvikudaginn:

Chavez vill vera forseti lengur

CARACAS, AP Hugo Chavez, forseti Venesúela, kallaði eftir breytingum á stjórnarskrá landsins í fjögurra tíma ræðu í þinghúsinu í Caracas á miðvikudagskvöldið. Forsetinn vill að stjórnarskránni verði breytt svo hann geti gegnt embættinu lengur. Chavez vill einnig að kjörtímabil forsetans verði lengt úr sex árum í sjö.

Chavez hefur verið forseti í landinu síðan árið 1998 og var endurkjörinn til sex ára í desember. Samkvæmt gildandi stjórnarskrá má hann gegna forsetaembættinu til ársins 2012.

Allir meðlimir þingsins í Venesúela eru í stjórnmálaflokkum sem styðja Chavez og er talið að stjórnarskrárbreytingarnar verði samþykktar innan nokkurra mánaða. Breytingar þurfa eftir það að verða samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslu í Venesúela.

HUGO CHAVEZ Ætlar að láta breyta stjórnarskrá landsins svo hann geti gegnt forsetaembættinu lengur en til ársins 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gagnrýnendur Chavezar segja að hann ætli sér að gegna forsetaembættinu næstu áratugina, líkt og Fidel Castro. Talið er að Chavez ætli sér að koma á sams konar kommúnisma í Venesúela og er á Kúbu.

Talsmaður utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna, Sean McCormack, segir að ráðuneytið muni ekki tjá sig um boðaðar stjórnarskrárbreytingar í Venesúela fyrr en greint verður frá þeim í smáatriðum. McCormack segir hins vegar að margt sem Chavez hafi gert í gegnum tíðina hafi grafið undan lýðræðinu í Venesúela. - ifv

Jafngömul Kringlunni:

Fengu veglegar afmælisgjafir

FÓLK Sex Íslendingar fæddust 13. ágúst 1987 og eru því nákvæmlega jafn gamlir Kringlunni. Vegna þess ákváðu forráðamenn Kringlunnar að gefa þeim tuttugu þúsund króna gjafabréf.

Uppátækið vatt þó upp á sig því mörg fyrirtæki vildu taka þátt í afmælisgjöfinni. Sigurjón Örn Þórisson, framkvæmdastjóri Kringlunnar, sagði í fréttatilkynningu að það endurspeglaði þann afmælisanda sem svifi yfir Kringlunni. „Þrjú af afmælisbörnunum gátu komið og voru afskaplega ánægð.“ - þeb

HAMID KARZAÍ OG VLADIMÍR PÚTÍN Leiðtogar Afganistans og Rússlands hittust í Kirgistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogafundur í Kirgistan:

Látið Mið-Asíu afskiptalausa

KIRGISTAN, AP Leiðtogar Rússlands, Kína, Írans og fjögurra fyrrverandi Sovétlýðvelda í Mið-Asíu hvetja önnur ríki til þess að láta Mið-Asíu afskiptalausa. Betra sé að ríkin sjálf leysi sín vandamál með samskiptum við önnur ríki í sama heimshluta.

Yfirlýsingin frá leiðtogafundi Shanghaí-samvinnustofnunarinnar, sem haldinn er í Bishkek í Kirgistan, þykir senda skýr skilaboð til Bandaríkjanna, þótt þau séu ekki nefnd á nafn.

Hu Jintao, forseti Kína, Vladimír Pútín, forseti Rússlands og leiðtogar Kirgistans, Kasakstans, Úsbekistans og Tatsikistans sátu fundinn ásamt fulltrúum fleiri ríkja, þar á meðal Hamid Karzaí, forseta Afganistans.

BARAK OBAMA Segir utanríkisstefnu sína byggða á heilbrigðri skynsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetaslagurinn í BNA:

Obama stendur við ummælin

BANDARÍKIN, AP Barak Obama varði í gær nýleg ummæli sín um utanríkismál, sem vöktu hörð viðbrögð frá mótherjum hans í Demókrataflokknum, meðal annars Hillary Clinton.

Obama ítrekaði að hann myndi ekki, sem forseti Bandaríkjanna, hika við að senda bandarískt herlið til Pakistans til að uppræta þar hryðjuverkamenn án þess að fá til þess samþykki þarlendra stjórnvalda, ef nauðsyn krefði, en ítrekaði jafnframt að hann myndi jafnan vinna náið með stjórnvöldum í Pakistan.

Þá ítrekaði hann einnig að hann hefði ekkert á móti því að ræða við leiðtoga ríkja á borð við Norður-Kóreu og Írans.

„Ég er ekki hræddur við að tapa áróðursstríði gegn einræðisherrum,“ sagði hann. - gb

straeto.is

Ágætu viðskiptavinir,

vetrartími strætó tekur gildi

19. ágúst

Nánari upplýsingar um vetraráætlun á straeto.is og í síma 540 2700

straeto.is
540 2700

P&O

Blá ljós á salernum Súfistans:

Sprautufíklar óvelkomnir

FORVARNIR Gestir Súfistans í húsi Máls og menningar hafa veitt því athygli að settar hafa verið bláar perur í ljósin á salernunum. Það er gert til þess að sprautufíklar noti salernin ekki til þess að sprauta sig en æðar sjást illa í bláu ljósi.

„Það er hægt að komast inn á salernin án þess að fara í gegnum búðina og við tókum eftir því í fyrra að ógæfufólk var farið að nýta sér þetta skjól. Okkur var bent á að blá ljós hefðu ákveðinn fælingarmátt og ákváðum að prófa þetta eftir að starfsfólk mitt fann sprautu þarna inni," segir Birgir Finnbogason, eigandi Súfistans.

Blá ljós sem þessi þekkjast víða á almenningssalernum en hafa þó ekki verið sett upp víða á Íslandi.

- þo

BLÁ BIRTA Sprautufíklar geta ekki sprautað sig í bláu ljósi því æðarnar sjást ekki. Myndin er ekki frá Súfistanum.

HRINGTORGIÐ VIÐ ÞINGVALLAVEG Ein af þeim mörgu framkvæmdum sem ráðist hefur verið í í sumar til að bæta umferðaröryggi í landinu.

Vegir landsins mikið bættir

Bætt umferðaröryggi er afleiðing af miklum vegabótum segir starfsmaður Vegagerðarinnar. Meira fé í vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu en í fyrra. Vegrið sett upp á mörgum slysstöðum.

SAMGÖNGUMÁL Vegagerðin hefur staðið fyrir umfangsmiklum vegaframkvæmdum í sumar til að bæta umferðaröryggi.

Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar, segir að öryggi í umferðinni hafi fengið meira vægi í starfsemi Vegagerðarinnar síðastliðin ár. „Árin 2005, 2006 og 2007 höfum við unnið mjög mikið að því að bæta umferðaröryggi í landinu. Margir slysstaðir eru horfnir með nýjum vegum, til dæmis gatnamótin við Þrengslaveg á Suðvesturlandi, en með nýjum vegi um Svínahraun eru þau horfin. Ég held að þessar framkvæmdir hafi skilað sér í bættu umferðaröryggi," segir Auður Þóra.

Gunnar H. Guðmundsson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar, segir að sett hafi verið upp fimmtán til tuttugu kílómetrar af vegriðum á miklum slysstöðum víða um landið í sumar. „Við höfum til dæmis sett upp vegrið á Siglufjarðarvegi og bætt vegriðin á milli Ísafjarðar og Hnífsdals," segir Gunnar. Hann segir að Vegagerðin hafi einnig unnið að því í sumar að fækka einbreiðum brúm á hringveginum. „Fyrir tíu árum voru þær 115 en nú eru þær komnar niður í fjörutíu."

Jónas Snæbjörnsson, svæðisstjóri suðvesturs svæðis hjá Vegagerðinni, segir að gerðar hafi verið meiri umbætur á vegum höfuðborgarsvæðisins í sumar en í fyrra. „Við höfum varið meiri peningum í vegaumbætur í ár." Hann segir að það helsta sem gert hafi verið í sumar til að bæta umferðaröryggi á höfuðborgarsvæðinu sé tvöföldun Reykjanesbrautar í Kópavogi og Garðabæ á fjögurra kílómetra kafla. Hann segir að auk þess sé bygging hringtorgsins við Þingvallaafleggjara í Mosfellssveit þörf framkvæmd því mörg slys hafi orðið þar á liðnum árum. „Stefnt er að því að ljúka báðum þessum framkvæmdum í september."

Í vikunni var svo byrjað að fræsa rifflur í Grindavíkurveg sem er ætlað að vara vegfarendur við þegar þeir eru við það að keyra út af eða fara yfir á rangan vegarhelming. Að sögn G. Péturs Matthíassonar, upplýsingafulltrúa Vegagerðarinnar, verða rifflurnar látnar á 70 kílómetra kafla á vegum landsins áður en sumarið er liðið.

Aðgerðir Vegagerðarinnar, sem taldar eru hafa bætt umferðaröryggi í landinu, eru hluti af umferðaröryggisáætlun, sem byrjað var á árið 2005, sem er samstarfsverkefni samgönguráðuneytis, Umhverfisstofu og Ríkislögreglustjóra.

ingifreyr@frettabladid.is

VEGAFRAMKVÆMDIR Í SUMAR

Sett hafa verið upp fimmtán til tuttugu kílómetrar af vegriðum á slysstöðum víða um landið í sumar.

- Tengingu Vesturlandsvegar við Þingvallaveg með hringtorgi lýkur í september.
- Tvöföldun fjögurra kílómetra vegarkafla á Reykjanesbrautinni í Kópavogi og Garðabæ lýkur í september.
- Einbreiðum brúm hefur verið fækkað jafnt og þétt í landinu síðastliðin tíu ár; þær voru 115 en eru nú fjörutíu.
- Sjötíu kílómetrar af vegum verða rifflaðir í sumar.

VÍNBÚÐ

AÐ KAUPA VÍN ER EKKERT GRÍN

Hafðu skilríkin meðferðis.

Takk fyrir að sýna okkur skilríki að eigin frumkvæði þegar þú kemur í Vínbúðina. Þannig leggjumst við á eitt um að takmarka aðgengi unglinga að áfengi.

Allt í skólann

Skólavörubúðin

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur
Sími 585 0500 • Opið virka daga
kl. 9-18 og laugardaga kl. 10-14

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-14

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18


Fyrst á Íslandi!
Sjónvarp Símans kynnir háskerpusjónvarp (HD)
– kíktu í næstu verslun Símans á höfuðborgar-
svæðinu og sjáðu muninn

Ekkert loftnet, háskerpusjónvarp og bíó heima í stofu

Losaðu þig við loftnetið og fáðu þér Sjónvarp Símans.

Í boði eru allar íslensku sjónvarpsstöðvarnar, þar á meðal Sýn 2 með Enska boltann, og yfir 60 erlendar sjónvarpsstöðvar – allt í bestu mögulegu myndgæðum. Sjónvarp Símans býður þér líka SkjáBíó þar sem þú getur valið úr 1100 bíómyndum með fjarstýringunni heima í stofu.

www.siminn.is – 800 7000

Það er Síminn

Sími

Netið

Sjónvarp

ENNEMM / SÍA / NM29142

„ORÐRÉTT“

Nú þannig liggur í því

„En þeir Fiskistofumenn halda enn til uppi á miðri Skarðsheiði. Ef þeir skyldu koma niður einn góðan veðurdag væri ráð að fá þeim í hendur umsjá með jólatrjánum á Þingvöllum, enda hefur verið ákveðið að útrýma þeim.“

SVERRIR HERMANNSSON, FYRRVERANDI ALÞINGISMAÐUR, UM STÖRF FISKISTOFU.

Morgunblaðið 16. ágúst

Norðmenn eru varasamir

„Norsararnir eru líka herveldi, það tók okkur langan tíma að losna unda þeim í gamla daga svo ég held að við þurfum að passa okkur svolítið á Norsurunum.“

GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR LEIKSTJÓRI UM HERÆFINGAR VIÐ ÍSLAND.

Fréttablaðið 16. ágúst

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA: BORGHILDUR FREYS BÓNDI

Skólabörnin heimsækja bæinn

„Nú er allt á fullu, ég hef bara tvær hendur, en margar stangir til að halda í,“ segir Borghildur Freys, bóndi á Stóra-Dunhaga, sem stendur í ströngu við að heyja. „Ég er ekki viss um að allir hafi þolinmæði í svona og svo bíður okkar líka rigning.“

Að sögn Borghildar er nóg að gera á bænum, en þar býr hún ásamt Árna Arnsteinssyni, eiginmanni sínum. „Við erum með búskap og það þarf náttúrulega að sinna honum,“ segir Borghildur. „Þetta er allt orðið í stórtækum vinnuvélum núna, allt sett í rúllur og svona.“

Á Stóra-Dunhaga eru kýr og kindur og hafa skólabörn heimsótt bæinn gegnum tíðina til að skoða sveitalífið. Það er liður í verkefni Bændasamtakanna, sem kallast „Bændur bjóða heim“. Foreldrar fylgja oft börnum sínum í þessar heimsóknir og kynnast með því landbúnaði og lífinu í sveitinni.

„Þetta hafa verið leikskóla- og grunnskólakrakkar sem heimsækja bæinn, aðallega yngstu bekkirnir. Þau koma oftast í kringum sauðburðinn og skoða bæinn,“ segir Borghildur. „Kindurnar eru uppi á fjalli og kýrnar hafa það bara gott. Göngur eru ekkert fyrr en 15. september á þessu svæði, þannig að maður er ekki alveg farinn að hugsa fyrir því,“ segir Borghildur. „Við gerum eitthvað annað í millitíðinni.“

LÝTAAÐGERÐIR:

LÝTIN LAGFÆRÐ Í ÞÚSUNDIR ÁRA

■ Sögu fegrunaraðgerða má rekja allt að áttahundruð árum fyrir Krist. Í riti frá þeim tíma, Sushruta Samhita, lýsir indverskur læknir bæði nef- og eyrnaaðgerðum. Vitað er til þess að rómverskir læknar voru farnir að lagfæra eyru einni öld fyrir Krist. Á miðri fimmtándu öld gaf Heinrich von Pfolspeundt út rit þar sem hann lýsti því hvernig best væri að útbúa nef, á það fólk sem ekki væri með neitt, úr skinni af höndum. Nýsjálenski læknirinn Sir Harold Gillies, sem nokkrum sinnum kom hingað til lands, er talinn faðir nútíma lýtalækninga en hann hafði mikið að gera eftir hörmungar fyrri heimstyrjaldarinnar.

SJÓNARHÓLL

OLÍUHREINSISTÖÐ Í ARNARFIRÐI

Meiri vitleysan

BRYNJA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR

„Mér finnst þessar hugmyndir um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum mjög dularfullar, svo ekki sé meira sagt. Ekki get ég ímyndað mér að þær eigi eftir að skila neinu nema aukakílóum nefndarmanna af kleinuáti, sem jafnan fylgir stífu en tilgangslausu fundahaldi,“ segir Brynja Björk Garðarsdóttir, blaðamaður á Mannlífi.

„Er ekki löngu útséð með að Íslendingar myndu fara langt yfir þau skilyrði sem þeir hafa ákveðið að standa við með Kyoto-bókuninni. Hvað finnst Vestfirðingum almennt um málið? Ef til kæmi að slík stöð yrði reist í Arnarfirði myndi það nýtast Bílddælingum, Tálknfirðingum og Patreksfirðingum. Fólk á þeim hluta Vestfjarða gæti því fyllst ofsakæti ef það þráir ekkert heitara en að vinna í olíuhreinsistöð. En er ekki hugsanlegt að fólki á Ísafirði þætti þessi verksmiðja til lítils sóma fyrir stóriðjulausa Vestfirði og hugsanlegt að það myndi rústa öðrum, og umhverfisvænni hugmyndum sem kynnu að vakna í framtíðinni.“

Sigla um heiminn og boða kristni

Næststærsti fljótandi bókamarkaður heimsins, skipið Logos annar, liggur þessa dagana við Ægisgarð í Reykjavík. Um 200 sjálfboðaliðar eru í áhöfn og markmiðið er að fræða fólk, veita því von og breiða út kristna trú.

„Það eru um 200 sjálfboðaliðar af 45 þjóðernum um borð. Meira að segja skipstjórinn er í sjálfboðastarfi,“ segir Humberto Martin, skipuleggjandi á Logos öðrum. Martin er smiður frá Argentínu sem fékk leiða á starfinu fyrir þrettán árum og ákvað að gera eitthvað nýtt. „Mig langaði til að þjóna samfélaginu og guði. Ég ákvað því að sigla um heiminn og selja bækur ásamt því að veita fólki þekkingu og breiða út trúna.“ Upphaflega ætlaði Martin að taka tvö ár í þetta verkefni en nú eru þau orðin þrettán.

BJÖRN BJARNASON Dómsmálaráðherra var heiðursgestur um borð í Logos og klippti á borða þegar bókamarkaðurinn var opnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Skipið hefur lagt að bryggju í 79 löndum í fimm heimsálfum. Á þessum tíma hafa næstum tíu milljónir gesta heimsótt skipið og keypt annað eins af bókum.

Kevin Boyce, framkvæmdastjóri Logos annars, hefur verið um borð í tíu ár. Með honum er konan hans og tvö börn sem sækja nám sitt um borð í skipinu.

Kevin segir að fé til reksturs skipsins fáist á þrennan hátt. „Allir sjálfboðaliðarnir greiða upphæð sem er mismunandi eftir því frá hvaða landi fólk kemur. Þeir sem koma frá ríkum löndum borga meira en þeir sem koma frá fátækum löndum. Sjálfboðaliðarnir fá þessa styrki frá vinum, fjölskyldu, ýmsum samtökum og kirkjum sem þeir sækja á heimaslóðum. Þetta fjármagn er um helmingur rekstrarkostnaðar skipsins. Fjórðungur kemur frá bókamarkaðnum sem við rekum um borð og fjórðungur er styrkur frá ýmsum fyrirtækjum.

Bókamarkaðurinn er mjög veglegur. Þar eru um fimm þúsund titlar á afar hagstæðu verði svo ekki sé meira sagt.

Ekki er einungis boðið upp á trúarrit, þó þau séu áberandi, því einnig er hægt að fá fjöldann allan af fræðsluefni. Sem dæmi má nefna ýmsar útgáfur af heimsatlas og veglegar Webster's orðabækur. Allar bækurnar kostuðu innan við tvö þúsund krónur og þær ódýrustu voru á örfáa tugi króna.

andriv@frettabladid.is

SJÁLFBOÐALIÐAR Um 200 sjálfboðaliðar frá 45 þjóðum starfa um borð. Þeir voru margir klæddir búningum frá heimalandi sínu á formlegri opnun bókamarkaðarins við höfnina í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

BÓKASKIPIÐ LOGOS II

- Í boði eru yfir 5.000 bókatitlar um allt milli himins og jarðar, til dæmis íþróttir, matreiðslu, fræðsluefni og kristileg málefni.
- Bókamarkaðurinn er opinn þriðjudag til laugardags frá 10 til 22. Á sunnudögum og mánudögum opnar markaðurinn klukkan 14 og lokar klukkan 22. Skipið verður við Ægisgarð til 29. ágúst.
- Um borð í skipinu er einnig alþjóðlegt kaffihús. Því er tilvalið að fara á markaðinn og kaupa sér bók og setjast á kaffihúsið og líta í hana.

Aðalfundur Norðurljósa hf.

verður haldinn föstudaginn 31. ágúst nk.
kl. 16.00 á Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við samþykktir félagsins.

Ársreikningur félagsins ásamt öðrum fundargögnum verður afhentur þeim sem þess óska á starfsstöð Norðurljósa hf. að Túngötu 6, Reykjavík, viku fyrir aðalfund.

F.h. stjórnar félagsins,
Rúnar Sigurþálsson framkvæmdastjóri

NORÐURLJÓS

HÓPURINN Gjörgæslustarfsmenn í Fossvogi og á Hringbraut munu keppa um flesta hlaupna kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu, sem fer fram á morgun. LJÓSMYND/GVA

Starfsfólk gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi hleypur til góðs:

Hlaupa fyrir styrktarfélagið

HEILSA Starfsfólk gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi ætlar að keppa við kollega sína á Hringbraut í Reykjavíkurmaraþoninu og láta áheit renna til Vonar, styrktarfélags á gjörgæsludeild spítalans í Fossvogi.

Bríet Birgisdóttir, hjúkrunarfræðingur á gjörgæslunni í Fossvogi, segir upphaflegu hugmyndina hafa verið að skora á starfsfólk gjörgæslunnar á Hringbraut í keppni um hlaupna kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu, og viðbrögðin hafi verið mjög góð. Þegar farið var að kanna hvaða málaflokk ætti að styrkja kom upp sú hugmynd að standa saman og styrkja skjólstæðinga gjörgæslunnar í Fossvogi, segir hún.

Áheitareikningur hefur verið settur upp vegna hlaupsins, og er númerið 0513-26-3147.

- sþs

RÝMUM

FYRIR NÝJUM VÖRUM OG LÆKKUM VERÐ Á
SÝNINGAREINTÖKUM OG VÖLDUM VÖRUM
TIL LAUGARDAGSINS 18. ÁGÚST

Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga, 11-17 laugardaga.**

ENNEMM / SÍA / NM29154

Svona erum við

Skráðir nemendur í viðskipta- og hagfræði í háskólum á Íslandi frá 1996 til 2006.



baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: AFLÞYNNUR

Nauðsynlegar í öll raftæki

Stefnt er að því að aflþynnuverksmiðja rísi á Akureyri á næsta ári. Hún mun skapa störf fyrir 90 manns og þótt þessi iðnaður sé orkufrekur þarf ekki að virkja.

Hvað eru aflþynnur?
Aflþynnur eru rafhúðaðar álþynnur sem notaðar eru í rafþétta. Í öllum raftækjum sem við þekkjum eru aflþynnur. Þegar við viljum fá raftæki í gagn skjótum við rafmagni í það en rafmagn er til staðar í tækjunum í svokölluðum þéttum. Inni í þessum þéttum eru aflþynnur sem hafa ákveðna leiðni sem er misjöfn eftir því hvaða tæki um ræðir. Aflþynnur eru því ekki það sama og þéttar en þær eru hins vegar nauðsynlegar til þess að búa til þétta.

Úr hverju eru aflþynnur gerðar?
Aflþynnur eru búnar til í aflþynnuverksmiðjum. Þangað eru fluttar álþynnur sem búnar eru til úr hreinu áli og valsaðar þar til þær líkjast álpappír. Þegar álþynnurnar hafa farið í gegnum aflþynnuverksmiðju eru þær orðnar að rafmögnuðum aflþynnum. Þá eru þær fluttar í verksmiðjur sem búa til þétta.

Hvað gerist í verksmiðjunni?
Í aflþynnuverksmiðju eru búin til pínulítil göt í þynnurnar svo yfirborð hvers fermetra margfaldast. Í hverjum fersentimetra geta verið 20 milljón göt. Þannig getur þynnan haldið í sér miklu rafmagni. Viðskiptavinir verksmiðjunnar vilja mismunandi aflþynnur eftir því hvernig raftæki á að nota þær í. Vélarnar eru stilltar þannig að til verða aflþynnur með mismunandi leiðni.

Þurfa aflþynnuverksmiðjur mikla orku?
Þegar búið er að gata þynnurnar eru þær rafhúðaðar. Það krefst mikillar orkunotkunar. Reikna má með 250 til 300 kílóvattstunda orkunotkun á hvert kíló af áli. Til samanburðar þarf 13 kílóvattstundir til framleiðslu á einu kílói af hrááli í álverum.

SPURT & SVARAÐ

UMFERÐ UM HVALFJARÐARGÖNGIN

GYLFI ÞÓRÐARSON
framkvæmdastjóri Spalar.

Stöðugt fleiri bílar um göngin

Í gær var greint frá því að fleiri bílar hafi farið um Hvalfjarðargöngin um síðustu helgi en um verslunarmannahelgina. Gylfi Þórðarson er framkvæmdastjóri Spalar, sem á og rekur göngin.

Hvernig eru mælingar á bílafjölda framkvæmdar?
„Það er bara talið. Annars vegar er þetta fólkið sem borgar í lúgum og hins vegar þeir sem eru í áskrift með lykla. Fjöldi bíla er alltaf tekinn saman, fyrir hvern sólarhring, fyrir hvern mánuð og svo framvegis."

Sjáið þið mikla aukningu í notkun ganganna?
„Já, við höfum séð mikla aukningu frá því þau opnuðu árið 1998. Fyrsta heila árið fóru að meðaltali 2.500 bílar um göngin á sólarhring. Núna eru þeir um 5.500. Það voru sem sagt 980.000 sem fóru um göngin fyrstu tólf mánuðina en nú er það komið upp í tvær milljónir á ári. Þetta hefur sem sagt ríflega tvöfaldast."

Þeir staðir sem einstakir teljast

Þingvellir komust á heimsminjaskrá UNESCO sem menningarminjar þann 2. júlí 2004. Surtsey öðlast sess á skránni á næsta ári, fari allt að óskum. Fornleifar við Gásir og Reykholt, sem komu til álita árið 2001, eru horfnar af núverandi yfirlitsskrá.

SURTSEY Sumarið 2008 ákveður nefnd UNESCO um arfleifð þjóðanna hvort Surtsey eigi heima meðal 133 annarra náttúruminja sem einstakar teljast í heiminum. Að baki umsókninni liggur áralangt starf náttúrufræðinga og íslensku heimsminjanefndarinnar.
MYND/SIGURÐUR H. MAGNÚSSON

Leiðin að sæti við borð heimsminjaskrár UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, er löng og ströng. Miklar kröfur eru gerðar til minjanna og enn fremur til umsóknarinnar og pappírsvinnu henni fylgjandi.

Fyrst er lögð fram yfirlitsskrá um fyrirhugaðar tilnefningar og síðan er gerð umsókn um þann stað eða staði sem sótt er um að færist á heimsminjaskrá. Íslenska ríkið ver um sex milljónum til þessa verkefnis ár hvert.

Íslendingar gerðust fyrst aðilar að samningi UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins árið 1995, en hann er frá árinu 1972. Þegar lokið var við fyrstu íslensku yfirlitsskrána árið 2001 og tvær tilnefningar gerðar af henni til heimsminjaskrár, urðu Þingvellir og Skaftafell fyrir valinu sem blandaðar náttúru- og menningarminjar.

Auk Þingvalla og Skaftafells voru eftirtaldir staðir á yfirlitsskránni: Breiðafjörður og Núpsstaður. Keldur, Gásir, Reykholt og Víðimýri í Skagafirði, Surtsey, Mývatn, Herðubreiðarlindir og Askja.

Ný yfirlitsskrá, sem kynnt var á dögunum, er gjörólík eldri skránni. Einungis þrír staðir standa eftir á henni; náttúra Þingvallasvæðisins, Mývatn og Breiðafjörður.

„Keldur, Víðimýrarkirkja og Núpsstaðir eru torfhús og við teljum, af fenginni reynslu, ólíklegt að okkur takist að koma að tilnefningum um einstök hús. Þau yrðu frekar felldar inn sem hluti af raðtilnefningu um torfbæi," segir Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, starfsmaður heimsminjanefndar.

„Askja og Herðubreiðarlindir falla síðan innan Vatnajökulsþjóðgarðs og það gerir Skaftafell líka. Þau hafa því ekki verið fjarlægð af listanum, heldur sett inn sem hluti af stærri heild. Sú hefur verið þróunin hjá okkur, að vinna fremur með færri og stærri staði," segir hún ennfremur.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að vinna að raðtilnefningum, sem gerðar eru í samvinnu við aðrar þjóðir. Atlantshafshryggurinn sem náttúruminjar og ýmsar víkingaminjar sem menningarminjar eru á núverandi yfirlitsskrá.

RAGNHEIÐUR H. ÞÓRARINSDÓTTIR

Reykholt fór í upphafi inn á yfirlitsskrána vegna Snorralaugar. Nefndin íslenska taldi seinna að svæðinu við Reykholt hefði verið um of raskað til að koma til álita sem heimsminjar.

Hinn forni verslunarstaður Gásir við Eyjafjörð reyndist hins vegar ekki einstakur á heimsvísu og átti því ekki erindi á skrá UNESCO. Svipaðar minjar frá sama tímabili má finna í Svíþjóð, svo dæmi sé tekið.

„Það eru margir staðir sem við teljum afar merka og eigi fullt erindi þarna inn. En við verðum að spyrja okkur að því hvort þeir séu í raun og veru einstakir á heimsvísu. Þannig eru kröfur UNESCO," segir Ragnheiður.

Fallið var frá umsókn um Þingvelli sem náttúruminjastað á sínum tíma, eftir ráðleggingum erlendra sérfræðinga. Svæðið naut ekki fullnægjandi verndunar né hafði verið rannsakað nægilega vel af náttúrufræðingum.

Rétt þótti því að leggja áherslu á tilnefningu Surtseyjar, enda lágu fyrir allar helstu upplýsingar um þetta yngsta landsvæði heims.

„Við erum nokkuð bjartsýn á að Surtsey komist inn. Það fyrirfinnast vissulega jarðfræðileg fyrirbæri í heiminum sem eru svipuð henni að ýmsu leyti, en engin sem hafa verið rannsökuð á viðlíka hátt, allt frá fyrsta degi," segir Ragnheiður.

FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

HEIMSMINJAR Á NORÐURLÖNDUM

Danmörk: Krúnuborgarhöll (+2)
Finnland: Sögunarverksmiðjan Verla (+6)
Grænland: Ilulissatfjörður
Ísland: Þingvellir
Noregur: Steinaristur í Altafirði (+6)
Svíþjóð: Útvarpsstöðin í Varberg (+13)

* Innan sviga er fjöldi annarra heimsminja í landinu.

KRÚNUBORGARHÖLL Afbragðsgott dæmi um kastala sem byggðir voru á endurreisnartímabilinu. Höllin er og mikilvæg í öðru sagnfræðilegu tilliti.

VARBERG Þessi útvarpsstöð í Suður-Svíþjóð var byggð á árunum 1922 til 1924. Hún þykir fágætlega vel varðveitt minnismerki um árdaga langdrægs hljóðvarps.

ILULISSATFJÖRÐUR Á vesturströnd Grænlands er þessi 40.240 hektara fjörður og veitir framúrskarandi innsýn í síðustu ísöld seinni hluta nýlífsaldar.

STEINARISTURNAR Í Altafirði Noregs við heimskautsbaug eru mörg þúsund myndir og ristur, minjar um búsetu á árunum 4.200 til 500 fyrir Krist.

NOKKRAR FRÆGAR HEIMSMINJAR

- Gamli miðbærinn í Róm, Ítalíu
- Taj Mahal, Indlandi
- Galapagoseyjar, Ekvador
- Kínamúrinn
- Miklagljúfur, Bandaríkjum
- Versalir, Frakklandi
- Píramídarnir, Egyptalandi
- Stonehenge, Bretlandi
- Gamli miðbærinn í Havana, Kúbu
- Akrópólís í Aþenu, Grikklandi
- Inkaborgin Machu Picchu, Perú
- Baikal-vatn, Rússlandi

* Alls eru 660 menningarminjar, 166 náttúruminjar og 25 blandaðar menningar- og náttúruminjar í 141 landi á heimsminjaskrá UNESCO.

VERLA-VERKSMIÐJAN Í Kymenlakso-héraði í Finnlandi finnst þetta forláta dæmi um pappírstengdan smáiðnað í dreifbýli Norður-Evrópu og -Ameríku á nítjándu og fyrri hluta tuttugustu aldar.

Ótrúlegt verð

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

Acer fartölva AS3694WLMI
- 15.4" WXGA skjár (1280x800)
- 1.86Ghz Intel Celeron M 440 Centrino Örgjöfi
- Intel GMA950 PCI Express 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 80GB hljóðlátur 5400rpm harður diskur
- Acer 3DSonic hljóðkort með hljóðnema
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- Innbyggður 5 in 1 kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 3 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 35,8x3,6x26,5
- þyngd: 2,77kg+

Verð aðeins **59.990** kr
5.756 kr á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði

VISA Lán

Asus fartölva X51R-AP009A
- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800)
- Intel Celeron M 520 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X1100 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x3,5x26,4
- þyngd: 2,8kg

Verð aðeins **69.990** kr
6.691 kr á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði

VISA Lán

Asus fartölva F5R-AP138C
- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T 2130 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X1100 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x2,7x26,2
- þyngd: 2,65kg

Verð aðeins **89.990** kr
8.559 kr á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði

VISA Lán

Acer fartölva 5633WLMI-2G120
- 1.67GHz Intel Core 2 Duo T5500
- 2MB flýtiminni
- 2GB Dual DDR2 533MHz 200pin, stækkanlegt í 4GB
- 120GB Ultra ATA100 hljóðlátur harðdiskur 5400RPM
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
- 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
- Intel GMA950 PCI Express með allt að 224MB minni
- High Definition hljóðkerfi með Acer 3DSonic hátölurum og hljóðnema
- Snertinæm músarstýring með 4-átta skruni
- Innbyggt 10/100 netkort og 56K mótald
- Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11abg netkort með loftneti í skjá
- Windows Vista Home Premium
- Þyngd aðeins 2.7Kg
- Stærð í cm (bxhxd) 35,8x3,6x27,1
- 4xUSB 2.0, VGA, Mic,

Verð aðeins **94.990** kr
8.972 kr á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði

VISA Lán

Asus fartölva F3SE-AS069C
- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T5450 örgjörvi
- ATI MOBILITY(tm) RADEON® X2500 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- BlueTooth
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, Firewire, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x3,5x26,4 og þyngd: 2,8kg

Verð aðeins **119.990** kr
11.363 kr á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði

VISA Lán

Gildir á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

RISATÓNLEIKAR Á

KAUPÞIN

ÖLLUM Á

FÖSTUDAG

Í tilefni 25 ára afmælis Kaupþings býður bankinn landsmönnum á stórkostlega tónleika. Fram kemur Íslandslið poppara og veislustjóri er enginn annar en Páll Óskar Hjálmtýsson.

Völlurinn opnaður kl. 18.00 í kvöld.
Páll Óskar byrjar upphitun kl. 19.00.

ALLIR VELKOMNIR!
AÐGANGUR ÓKEYPIS.

ATH: Öll meðferð áfengis er bönnuð á svæðinu meðan á tónleikunum stendur.

LAUGARDALSVELLI

G BÝÐUR

VÖLLINN!

Í KVÖLD!

T

FRAM KOMA:

Todmobile

Mugison

Nylon

Luxor

SSSól

Stuðmenn

Garðar Cortes

Bubbi Morthens

Björgvin Halldórsson

ENNEMM / SÍA / NM28701

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
7.572 **+3,84%**

Fjöldi viðskipta: 1,318
Velta: 12.401 milljónir

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

EXISTA	-8,32%
TEYMI	-7,69%
365	-5,96%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 8,67 -3,45% ... Bakkavör 62,90 -4,12% ... Eimskipafélagið 37,95 -3,80% ... Exista 29,20 -8,32% ... FL Group 24,20 -5,10% ... Glitnir 26,60 -3,27% ... Icelandair 25,05 -5,83% ... Kaupþing 1.056 -3,91% ... Landsbankinn 37,50 -2,09% ... ... Straumur-Burðarás 18,85 -2,84% ... Össur 102,50 -2,38% ... Teymi 5,16 -7,69%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn

Haglari, gull og dósamatur

Alþjóðamarkaðir nötra þessa dagana, og engin virðist treysta sér til að spá hvenær ósköpunum lýkur. Krónan veiktist skyndilega í gær og hlutabréf í Kauphöll Íslands fylgdu í kjölfarið. Sérfræðingar endurtaka í sífellu að áhættufælni fjárfesta hafi aukist; sem leiði til þess að fjárfestar dragi sig út af hlutabréfamarkaði og ávaxti fé sitt á öruggari máta. Sem endranær eru þó skiptar skoðanir um hvað teljist öruggar fjárfestingar; sumir færa fé sitt úr hávaxtamyntum yfir í lágvaxtamyntir, aðrir geyma peningana undir koddanum. Þórður Gunnarsson, ofurbloggari og viðskiptablaðamaður, er þó handviss um hvað beri að gera. „Haglabyssa, gull og dósamatur. Taka þetta öruggt," segir Þórður á bloggsíðu sinni.

Skúbb er best með forsjá

Orðið á götunni þykir ein ferskasta vefsíðan í íslenskum netheimum. Eins og ötulum skúbburum sæmir fara Orðsins menn þó stundum fram úr sjálfum sér. Þannig greindi síðan fyrst frá brotthvarfi Allans Strand og nokkurra lykilstjórnenda Glitnis í Lúxemborg. Höfundur setti sig í spor rannsóknarlögreglumannsins og sló því föstu að Glitnismenn hefðu gerst sekir um brot á lögum um Kauphöll Íslands, með því að tilkynna ekki mannabreytingarnar. Glitnir sendi þó fljótlega frá sér tilkynningu, og þvertók fyrir að nokkurt lögbrot hefði verið framið. Strand ætti ekki sæti í framkvæmdastjórn bankans og teldist því ekki til lykilstjórnenda í skilningi laganna. Hér skal því hins vegar skúbbað að Pekka nokkur Väisänen hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri FIM Group Corporation í Finnlandi, sem er að fullu í eigu Glitnis. Väisänen var áður framkvæmdastjóri verðbréfamiðlunar hjá FIM.

MARKAÐSPUNKTAR

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ætlar að fara yfir vinnuaðferðir matsfyrirtækja á borð við Standard & Poor's og Moody's. Þykja þau hafa brugðist of seint við yfirvofandi hættuástandi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum hefur keypt 17,5 prósenta hlut Enterprise Oil Limited, dótturfélags Shell, í olíuleitarsvæði í Norðursjó fyrir 1,2 milljónir punda. Það eru 165 milljónir íslenskra króna.

Verðbólga á evrusvæðinu var 1,8 prósent í júlí samanborið við 1,9 prósent í mánuðinum á undan. Tölur frá Hagstofu Evrópu gefa til kynna að hækkun á verði menntunar, hótelgistingar, tóbaks og áfengis hafi, sem fyrr, ýtt undir verðbólguna.

Áhyggjur ítrekaðar

Samtök atvinnulífsins telja nauðsynlegt að endurskoða verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands eins og það var upphaflega sett fram árið 2001. Þetta ítrekuðu þau í bréfi til forsætisráðherra í gær þar sem lýst var áhyggjum af afleiðingum peningamálastefnu bankans og þeim óstöðugleika sem hún valdi.

SA segja að stjórntæki Seðlabankans, stýrivextirnir, hafi takmörkuð samdráttaráhrif á eftirspurn og verðbólgu, en leiði til verulegra sveifla á gengi íslensku krónunnar. Viðvarandi hátt gengi krónunnar hafi átt drjúgan þátt í miklum halla á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd og gert útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegunum mjög erfitt fyrir.

SA sendu forsætisráðherra bréf í júní þar sem þessar áhyggjur komu fram. Í nýja bréfinu er bent á að sveiflur á gengi krónunnar frá þeim tíma gefi enn brýnt tilefni til þess að hefja þegar vinnu að undirbúningu stefnubreytingar. - hhs

VILHJÁLMUR EGILSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SA Samtök atvinnulífsins hafa áhyggjur af afleiðingum peningamálastefnu Seðlabankans.

Hlutabréf og krónan haldast í hendur í fallinu

Lækkun Úrvalsvísitölunnar í gær var sú fimmta mesta í sögunni. Samtímis féll krónan um þrjú prósent. Exista féll um 8,3 prósent.

Það er ekki ofsögum sagt að hlutabréfamarkaðurinn hafi leikið á reiðiskjálfi í gær. Lækkun gærdagsins var sú fimmta mesta frá upphafi, alls 3,84 prósent. Úrvalsvísitalan endaði í 7.572 stigum og hefur ekki verið lægri frá því snemma í apríl.

Virði allra Kauphallarfélaga rýrnaði um 118 milljarða króna í viðskiptum í gær. Þetta er mesta verðfall hlutabréfa á einum degi.

Úrvalsvísitalan stóð í sögulegu hámarki þann 18. júlí síðastliðinn þegar hún fór yfir níu þúsund stiga múrinn en nú hefur hún lækkað um sextán prósent. Enn er vísitalan þó átján prósentum hærri en hún var um áramótin sem jafnframt er meiri hækkun en nam árshækkun síðasta árs.

„Þessi áframhaldandi vandræði á alþjóðamörkuðum hafa neikvæð áhrif á innlenda markaðinn. Það kemur sterkt fram bæði í krónunni og hlutabréfamarkaðnum í dag [í gær]," segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Glitni.

Lækkunin kom í beinu framhaldi af falli hlutabréfa í Asíu og Evrópu fyrr um daginn. Fjárfestar um allan heim eru nú farnir að óttast að þrengingar á alþjóðlegum lánamörkuðum komi til með að hafa neikvæð áhrif á hagvöxt ríkja og afkomu fyrirtækja.

Jón Bjarki segir að hin áhættusömu bandarísku húsnæðislán (sub-prime) séu ekki lengur eini orsakavaldur þessara lækkana á mörkuðum. „Þetta hefur smitast út í ákveðna lausafjárþurrð. Aðgengi að lánsfé er orðið mun takmarkaðra en það var og lánastofnanir halda almennt að sér höndum. Lánskjör hafa þannig versnað töluvert fyrir lántakendur, sama hvaða nafni þeir nefnast."

Krónan féll einnig hratt í gær, um rúm þrjú prósent, þegar fjárfestar leituðu úr hávaxtamyntum í lágvaxtamyntir. Jenið styrktist þannig um 4,5 prósent gagnvart krónu. Vegvísir Landsbankans bendir á sterka fylgni milli lækkunar hlutabréfa og lækkunar krónu. Frá því að Úrvalsvísitalan tók að lækka þann 18. júlí hefur gengisvísitalan lækkað um fjórtán prósent.

Ekkert félag lækkaði meira en Exista sem lengi vel var einn af hástökkvurum ársins. Gengi bréfa Existu féll um 8,3 prósent. Önnur félög, sem lækkuðu um fimm prósent eða meira, voru Teymi, 365, Icelandair, Atlantic Petroleum og FL Group.

eggert@frettabladid.is

ÞRÓUN HELSTU FÉLAGA FRÁ TOPPNUM, 18. JÚLÍ

Félag	Gengisþróun
Exista	-27,5%
FL Group	-21,0%
Icelandair Group	-19,3%
Straumur	-18,9%
Kaupþing	-17,6%
365	-16,5%
Úrvalsvísitalan	**-16,0%**
Glitnir	-13,1%
Bakkavör	-12,5%
Atorka Group	-10,2%
Landsbanki	-9,4%
Teymi	-8,8%
Össur	-5,5%
Hf. Eimskipafélagið	-5,1%
Marel	-4,0%
Alfesca	-1,0%
TM	-0,3%
Eik Banki *	+3,5%
Föroya Banki *	+7,4%

* FÆREYSKU BANKARNIR ERU LEIÐRÉTTIR FYRIR GENGISÞRÓUN KRÓNUNNAR.

SKRÁNING SKULDABRÉFA Á OMX NORDIC EXCHANGE ICELAND

GLITNIR

4.000.000.000 kr.
Glitnir banki hf.

Nafnverð útgáfu: Heildarnafnverð bréfanna sem nú eru skráð er 4.000.000.000 kr. í tveimur flokkum, 2.000.000.000 kr. í hvorum flokki, og er nafnverð hverrar einingar 1.000.000 kr.

Skilmálar skuldabréfa: Annars vegar er um að ræða skuldabréf til 7 ára, verðtryggð sem bera 5,25% fasta ársvexti. Höfuðstól þeirra ber að endurgreiða í einni greiðslu á lokagjalddaga 2. maí 2014. Vexti ber að greiða 2. maí ár hvert, fyrst árið 2008, síðast 2. maí 2014. Auðkenni flokksins á OMX Nordic Exchange Iceland er GLB020514 og ISIN IS0000014793.

Hins vegar er um að ræða skuldabréf til 10 ára, verðtryggð sem bera 5,25% fasta ársvexti. Höfuðstól þeirra ber að endurgreiða í einni greiðslu á lokagjalddaga 2. maí 2017. Vexti ber að greiða 2. maí ár hvert, fyrst árið 2008, síðast 2. maí 2017. Auðkenni flokksins á OMX Nordic Exchange Iceland er GLB020517 og ISIN IS0000014801.

Skráningardagur: OMX Nordic Exchange Iceland mun taka bréfin á skrá þann 17. ágúst 2007.

Umsjónaraðili sölu skuldabréfanna og skráningar á OMX Nordic Exchange Iceland er Glitnir banki hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík. Lýsing vegna skráningar bréfanna verður birt í dag, 17. ágúst 2007. Lýsingarnar og önnur gögn sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Glitni banka hf. og á heimasíðu félagsins, www.glitnir.is.

Reykjavík, 17. ágúst 2007
Glitnir banki hf.

GLITNIR

Hlutabréfavísitölur tóku dýfu á ný

Hlutabréfavísitölur fóru niður á fjármálamörkuðum víða um heim enn á ný í gær. Líkt og fyrri daginn var takturinn sleginn við lokun markaða í Bandaríkjunum á miðvikudag en vísitölur þar í landi fóru niður um allt að tvö prósent. Hlutabréfavísitölur lækkuðu í kjölfarið í Asíu í gær en á eftir fylgdu markaðir í Evrópu.

Dýfan er tilkomin vegna mikils samdráttar og aukinna vanskila á bandarískum fasteignalánamarkaði í vor. Lánafyrirtæki þar hafa átt í gríðarlegum erfiðleikum vegna þessa og glímt við lausafjárskort.

Greiningarfyrirtæki hafa lánafyrirtæki sem þessi undir smásjánni þessa dagana en Merril Lynch hefur meðal annars varað við því að bandaríska fjármálafyrirtækið Countrywide Financial Corporation, eitt stærsta fasteignalánafyrirtækið þar í landi, gæti lent í gjaldþroti bæti það ekki úr lausafjárstöðu sinni. Ástandið batnaði ekki fyrir opnun markaða í Bandaríkjunum í gær en þá greindi fyrirtækið frá vandræðum með sjóði sína og hefði það þurft að nýta sér ádráttarlán upp á 11,5 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 800 milljarða króna, til að standa við skuldbindingar. - jab

HELSTU VÍSITÖLUR

Markaðir	Lækkun í prósentum
Bandaríkin*	
Nasdaq	- 1,95
Dow Jones	- 1,70
S&P 500	- 1,82
Evrópa	
Úrvalsvísitalan (Ísland)	- 3,84
FTSE-100 (Bretland)	- 4,10
Cac-40 (Frakkland)	- 3,26
Dax (Þýskaland)	- 2,36
Asía	
Nikkei (Japan)	- 1,90
Kopsi (Suður-Kórea)	- 6,90

* FYRIR LOKUN MARKAÐA Í GÆR

Gerðu hagstæð innkaup í Nettó

Lífrænt ræktaðir ávextir

Lífrænt ræktað íslenskt grænmeti frá Akri

349 kr/kg, áður 499 kr/kg
Goða súpukjöt

1.095 kr/kg, áður 1.825 kr/kg
Borgarness sítrónukryddað lambalæri

99 kr/stk
Bergtoppur ½ ltr

365 kr/kg, áður 609 kr/kg
Matfugls kjúklingaleggir

816 kr/kg, áður 1.360 kr/kg
Gourmet ungnautahakk

393 kr/kg, áður 655 kr/kg
heill ferskur kjúklingur

99 kr/pk
nýjar kartöflur, 1,5 kg

199 kr/stk
Rísmjólk natural/kalk 1 ltr
Eplasafi/appelsínusafi 750 ml

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 16.–19. ágúst eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

skoðun

greinar@frettabladid.is

Taugaveiklaðir fjárfestar flýja úr krónu í öruggara skjól:

Núverandi gengi er skynsamlegt

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Órói hefur einkennt markaði heimsins undanfarna daga. Íslenski markaðurinn hefur ekki farið varhluta af lækkunum eins og eðlilegt er.

Óvarleg útlán á húsnæðismarkaði í Bandaríkjunum eru þúfan sem veltir því hlassi sem ekki sér enn fyrir endann á. Áhrifin eru þau að fjárfestar meta áhættu af smáum gjaldmiðli eins og krónunni hærri, en áður, auk þess sem vænta má að fjármunir verði almennt dýrari sem aftur hefur áhrif á fjármögnun banka.

Íslenski markaðurinn gekk í gegnum erfiða tíma fyrir ári þegar margir lögðust á árar til að gera íslenska hagkerfið og fjármálakerfið tortryggilegt. Innistæðan fyrir þeirri gagnrýni var minni en efni stóðu til, en við henni var brugðist til að hafa vaðið fyrir neðan sig.

Niðurstaða þess er að líklega standa íslensk fjármálafyrirtæki betur að vígi nú, en mörg sambærileg fyrirtæki í nágrannalöndunum. Lækkandi verð á húsnæðismarkaði myndi ekki valda verulegum skaða hjá íslenskum bönkum, meðan gera má ráð fyrir að banki eins og Danske Bank fyndi verulega fyrir slíkri lækkun. Þætti þá sumum koma vel á vondan.

Markaður er sérkennilegt fyrirbæri og reglulega verða viðbrögðin öfgakennd. Krónan er í dag á slóðum sem samræmast ágætlega jafnvægi í hagkerfinu og almennri skynsemi. Vandinn er bara sá að mótsögn markaðar er að við hann tjói ekki að deila enda þótt blasi við að hann sé óskynsamlegur. Ef ekki færist ró yfir markaði heimsins má búast við að krónan verði undir miklum þrýstingi til frekari lækkunar. Slíkt mun kalla á frekari umræðu um gengisfyrirkomulag til framtíðar og efasemdir um hvort myntin í núverandi mynd fái staðist til lengri tíma.

Kröftugar leiðréttingar sem þessar eru ekki bara tjón, heldur nauðsynlegar til að hreinsa markaði heimsins af gírugustu spákaupmönnum og koma vitinu fyrir ofþaninn heim þar sem fjármunir eru orðnir of ódýrir til að vel sé með þá farið. Í slíku ástandi felast ævinlega tækifæri. Færa má rök fyrir því að lækkanir hérlendis það sem af er hafi fært bæði hlutabréf og krónuna til skynsamlegrar verðlagningar. Fyrir langtímafjárfesta eins og lífeyrissjóði eru það góðar fréttir. Miklar lækkanir skapa góð tækifæri til frekari fjárfestinga. Hitt er svo annað að taugaveiklunin er á því stigi enn sem komið er að langtímafjárfestar halda að sér höndum þar til sér vel til botns.

Útrás íslensks atvinnulífs hefur að stórum hluta verið í gegnum fjármálafyrirtæki. Risakaup Kaupþings í Hollandi eru ánægjuleg viðbót við hana. Slíkar fréttir hefðu einhvern tímann lyft markaði í hæstu hæðir, en ekki nú. Hins vegar má segja að verð fjármálafyrirtækja hafi verið orðin í hærri kantinum á erlendum mörkuðum og farin að ógna möguleikum íslensku bankanna til arðsams vaxtar. Hræringar nú kunna að opna framsýnum stjórnendum íslenskra fyrirtækja dyrnar að hagstæðum kaupum á nýjan leik.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

SKRÁNING
Í REYKJAVÍKURMARAÞON
GLITNIS ER Í
LAUGARDALSHÖLL
Í DAG FRÁ KL. 12–21.

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 18. ÁGÚST 2007

Nánari upplýsingar á marathon.is.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bjórinn tryllir

Umræðan um ófremdarástandið í miðbæ Reykjavíkur tekur á sig æ skringilegri myndir. Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, Björn Ingi Hrafnsson, hefur nú gengið fram fyrir skjöldu og vill leysa vandann með því að hætta að selja bjór í stykkjatali í Vínbúðinni í Austurstræti. Rósturinn sem á sér stað á nóttunni um helgar, löngu eftir að Vínbúðum hefur verið lokað, stafar sem sagt af því að á daginn kaupa menn sér einn bjór, drekka hann og bíða í allt að hálfan sólarhring eftir að æði renni á þá. Það myndi aftur á móti laga ástandið væri ölþyrstum gert að kaupa að lágmarki sex bjóra í staðinn fyrir einn! Það þarf að minnsta kosti kassa af bjór til að þessi röksemd gangi upp.

Ferjuklúðrið

Réttilega var bent á í DV í gær að blaðið fjallaði um klúðrið með Grímseyjarferju fyrstir fjölmiðla. Reyndar er sagt að blaðið hafi fyrst fjallað um málið í janúar eða um það leyti sem nýr ritstjóri tók við. En hvers vegna þessa hógværð? DV fjallaði um málið miklu fyrr, eða í nóvember á síðasta ári, nokkru áður en skipt var um ritstjóra.

Ellý með eigin þátt

Heyrst hefur að hin dáða þula og smásagnahöfundur Ellý Ármanns sé að fara byrja með þátt og ritstýri eigin síðu á mbl.is. Hefur hún nú þegar tekið nokkur viðtöl og er búið að leggja frumdrög að útliti síðunnar. Fréttirnar eru þó ekki algóðar því heyrst hefur að um leið og fyrsti þátturinn fer í loftið á mbl ætli hún að láta af störfum sem þula. Ljóst er að mikil eftirsjá verður af henni á RÚV. Moggamenn hafa þó greinlega áttað sig á því hvað það er sem laðar að. Eða eins og Ellý hefur sjálf greint frá á bloggsíðu sinni þá virkar ekkert betur til að veiða lesendur að fjölmiðlum en löðrandi kynþokki.

bergsteinn@frettabladid.is
karen@frettabladid.is

Komið að skuldadögum

Blikur eru á lofti í bandarískum efnahag. Það er engin gleði af því að fylgjast með verði á hlutabréfum hríðfalla í kjölfar greiðslufalls á veðskuldabréfum íbúðarhúsnæðis. En þetta mátti sjá fyrir sem og afleiðingarnar fyrir milljónir Bandaríkjamanna, sem mega búast við að lenda í fjárhagserfiðleikum, og fyrir efnahaginn á heimsvísu.

Upphaf vandræðanna má rekja til samdráttarins árið 2001. Með stuðningi Alan Greenspan seðlabankastjóra innleiddi George W. Bush Bandaríkjaforseti skattalækkanir, sem reyndust mikil búbót fyrir hina ríku en komu hagkerfinu ekki úr þeim öldudal sem það lenti í þegar netbólan sprakk. Til að viðhalda stöðugleika hafði seðlabankinn því engra kosta völ nema að lækka stýrivexti sem og hann gerði. Stýrivextir voru lækkaðir niður í eitt prósent og höfðu aldrei verið lægri.

JOSEPH STIGLITZ

Í DAG | Efnahagsástand í Bandaríkjunum

Hvattir til skuldsetninga

Það bar árangur en á annan hátt en hefðbundin peningastefna gerir ráð fyrir. Yfirleitt verða lágir vextir til þess að fyrirtæki taka meiri lán til að fjárfesta meira. En þar sem samdrátturinn átti rætur að rekja til offjárfestinga á tíunda áratugnum jukust fjárfestingar lítt í kjölfar lækkunarinnar á stýrivöxtum. Efnahagurinn rétti úr kútnum en aðeins vegna þess að heimilin voru hvött til frekari skuldsetninga með því að skuldbreyta húsnæðislánum og eyða að minnsta kosti hluta þess fjár sem stóð eftir. Svo lengi sem húsnæðisverð hélt áfram að hækka gátu lánþegar litið fram hjá skuldasöfnuninni.

Meira að segja þetta var þó ekki nógu mikil innspýting í hagkerfið. Aðgengi að lánsfé var því aukið sem leiddi til þess að margir illa staddir fjárhagslega fengu lán. Þá voru ný kjör kynnt til sögunnar, til dæmis lægri útborganir sem auðvelduðu fólki að taka hærri húsnæðislán. Höfuðstóll sumra húsnæðislána óx jafnvel þrátt fyrir niðurgreiðslur: afborganir voru ekki nógu háar til að greiða niður vexti og í hverjum mánuði hækkaði skuldin. Húsnæðislánum, með föstum vöxtum upp á sex prósent, var breytt í lán með breytilegum vöxtum sem bundnir voru við skammtíma ríkisskuldabréf. Hinir svokölluðu „gyllivextir“ gerðu fólki fært að greiða enn lægri afborganir af húsnæðislánum fyrstu árin; þetta voru gylliboð því þau færðu sér í nyt að margir lánþegar með lítið vit á fjármálum gerðu sér ekki grein fyrir hvað þeir voru að steypa sér út í.

Alan Greenspan hvatti lánþega til að taka áhættu og skuldbreyta húsnæðislánum í lán með breytilegum vöxtum. Í febrúar 2004 benti hann á að „margir íbúðareigendur hefðu sparað tugi þúsunda dollara hefðu þeir haft lán á breytilegum en ekki föstum vöxtum undanfarinn áratug“. En bjóst Greenspan við að stýrivextir yrðu ávallt eitt prósent – sem sé neikvæðir raunvextir? Leiddi hann ekki hugann að því hvað myndi verða um lítt efnaða lánþega þegar vextir húsnæðislána hækkuðu, sem allar líkur voru á?

Aðgerðir Greenspan urðu til þess að efnahagsástand landsins virtist betra undir hans stjórn en ella. En það var aðeins tímaspursmál hvenær koðnaði undan því.

Bólan sprungin

Sem betur fer fóru ekki allir að ráðum Greenspan og skuldbreyttu í lán með breytilegum vöxtum. Og jafnvel þótt skammtímavextir færu hækkandi var skuldadögunum frestað, því nýir lánþegar gátu fengið húsnæðislán með föstum vöxtum sem hækkuðu ekki. Svo merkilega vildi nefnilega til að þótt skammtímavextir hækkuðu gerðu langtímavextir það ekki og olli það nokkrum heilabrotum.

Bólan á fasteignamarkaði sprakk að lokum, húsnæðisverð fer lækkandi og er í mörgum tilfellum orðið lægra en lánin sem fólk tók. Með hækkandi stýrivöxtum lentu margir líka í vanskilum. Alltof fáir höfðu gert varúðarráðstafanir.

Rétt eins hrunið á fasteignamarkaði var fyrirsjáanlegt eru afleiðingar þess það líka: dregið hefur úr kaupum og sölu á húsnæði og nýbyggingum fjölgar. Sumir telja að tvo þriðju hluta framleiðslu- og atvinnuaukningar síðastliðinna sex ára megi rekja til fasteignaviðskipta sem endurspeglar bæði húsnæðiskaup og lántöku heimila til að standa undir aukinni neyslu. Fasteignabólan gerði að verkum að Bandaríkjamenn eyddu um efni fram – síðastliðin ár hafa útgjöld heimilanna verið meiri en tekjurnar. Nú þegar slokknað hefur á þessari gróðavél verður vart annað séð en að bandarískur efnahagur bíði skaða af. Til lengri tíma litið er gott að fjárhagsleg skynsemi nái aftur yfirhöndinni en til skemmri tíma mun draga úr eftirspurn eftir vörum og þjónustu.

Gamalt spakmæli segir að afglöp mannanna lifi lengur en þeir. Í tilfelli Greenspan er það vissulega rétt. Í tilfelli Bush fáum við að kenna á afleiðingunum jafnvel áður en hann stígur úr stóli.

Höfundur hlaut Nóbelsverðlaunin fyrir hagfræði. ©Project Syndicate

Olíuhreinsistöð stenst ekki lög

UMRÆÐAN

Umhverfismál

ÁRNI FINNSSON

Í viðtali við bæjarstjóra Ísafjarðar í Blaðinu 14. júlí segir hann að náttúruverndarsinnar hafi aldrei skapað nein störf. Það er einkennileg fullyrðing. Hvað með friðlandið á Hornströndum sem var stofnað fyrir tilstuðlan vestfiskra náttúruverndarsamtaka árið 1985? Þúsundir ferðamanna fara þar um árlega og hafa skapað fjölda starfa fyrir Ísfirðinga um nærri fjögurra áratuga skeið. Hefur bæjarstjórinn ekkert heyrt um þá ferðamenn?

Áður hafði bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar beitt sér fyrir stóriðjulausum Vestfjörðum. Þess í stað skyldi nýta einstaka náttúru Vestfjarða til að laða að ferðamenn. Hvernig væri nú að bæjarstjórinn léti sér detta í hug að beita sér fyrir hvalaskoðun á Vestfjörðum? Það gæti skapað nokkur raunveruleg störf við arðbæra ferðaþjónustu.

Losun koltvísýrings vegna olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum með 8,5 milljóna tonna framleiðslugetu næmi ríflega einni milljón tonna á ári. Árið 1990 – viðmiðunarár Kyoto-bókunarinnar – var útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi 3.355.453 tonn. Olíuhreinsistöð myndi því valda nærri 30% aukningu í útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Samkvæmt Kyoto-bókuninni hefur Ísland heimild til að auka útstreymi gróðurhúsalofttegunda um 10% á tímabilinu 2008-2012 en talsmenn olíuhreinsistöðvarinnar tala um að stöðin geti verið tilbúin fyrir þann tíma. Olíuhreinsistöð á Vestfjörðum gæti heldur ekki fallið undir hið íslenska ákvæði sem veitir undanþágu fyrir 8 milljónum tonna af koltvísýringi á tímabilinu 2008-2012 fyrir stóriðju. Alþingi samþykkti í vetur lög um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við skuldbindingar Íslands og því ljóst að olíuhreinsistöð á Vestfjörðum getur ekki fallið undir ákvæði þeirra laga.

Ljóst er að eftir 2012 verða öll iðnríkin að draga verulega úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda eigi að takast að koma í veg fyrir hættulegar loftslagsbreytingar. Undir það hafa íslensk stjórnvöld tekið á alþjóðavettvangi og þar með skuldbundið sig til aðgerða. Staðreyndin er sú að verði ekki dregið verulega úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda á næstu 10-12 árum verður bráðnun Grænlandsíss ekki umflúin og þar með endar miðborg Reykjavíkur undir vatni. Olíuhreinsistöð er því ógnun við framtíð okkar.

Höfundur er formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

HAUSTLÍNAN 2007

Tískusýning verður haldin við verslunina hjá Maríu Lovísu fatahönnuði á Skólavörðustíg 6b kl. 15 laugardaginn 18. ágúst.

MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A
SÍMI 562-6999

2.500KR

100 STAFRÆNAR MYNDIR

MYNDVAL

Álfabakki 14 · 557 4070
myndval@myndval.is · myndval.is

512 50 50 Auglýsingasími

Mest lesið

Kristín þarf lítið fyrir ábætisréttum að hafa á þessum árstíma því berin eru best beint af trénu. FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLVEIG

Brostu bara breiðar

Kristín Ólafsdóttir leikskólakennari á Selfossi þarf ekki langt að fara til að gæða sér á gómsætum og safaríkum kirsuberjum. Í gróðurhúsinu hennar svigna greinar trés undan slíkum gersemum.

„Berin eru aðallega borðuð beint af trénu og ég gef gjarnan vinum og ættingjum kost á því, hleypi þeim einfaldega á beit," segir Kristín hlæjandi þegar hún er spurð hvernig hún nýti kirsuberin sem vaxa í kringum hana. Hún er með eitt tré þakið berjum í óupphituðum skála og annað úti í garði sem reyndar er ekki jafnfrjótt og hitt og uppskera þess er mun seinna á ferðinni. „Það fer eftir haustinu hvort berin úti ná að þroskast til fulls," segir Kristín. En hvenær hóf hún þessa ræktun? „Við fengum tréð í gróðurhúsið 1997 og það fór fljótlega að bera ávöxt. Uppskeran slær þó öll met þetta árið enda sumarið með eindæmum gott. Við höfum auðvitað þurft að vökva. Í fyrra var hins vegar mjög lítil uppskera enda var þá kalt vor."

Kristín segir ótrúlega lítið fyrir hinu gjöfula tré haft en eiginmaðurinn klippi það þó aðeins til. „Við völdum tegund sem verður ekki mjög hávaxin því húsrúmið er takmarkað. Trénu líður greinilega mjög vel og það gefur alveg sérlega bragðgóð og safarík kirsuber. Einu sinni prófuðum við að kaupa kirsuberjavín í ríkinu, settum í krukku og kirsuberin ofan í. Létum það bíða í ísskáp og borðuðum berin á jólunum með mikilli áfergju. Þannig er hægt að geyma þau. Við höfum samt ekki gert það nema þetta eina skipti. Kristín hlær dátt þegar hún er spurð hvort þau hjón hafi fundið eitthvað á sér og svarið er: „Nei, ekkert að ráði. Ætli við höfum ekki bara brosað aðeins breiðar en venjulega."

gun@frettabladid.is

Yfirhafnir í úrvali

Mörg góð tilboð

Jakkar aðeins 2 verð

2.900

5.900

50%

afsláttur af öllum síðum kápum

Stuttkápur 2.900

Regnkápur 2.900

KOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518

Opnunartími :
Laugardagur 10 - 16
alla virka daga 10 - 18

Nesti í skólann þarf að vera næringaríkt, gott og fallegt. Annars er ekkert gaman að borða það. Ekki spillir fyrir að hafa líflegt nestisbox ásamt fallegri servíettu.

Lasagne-klaki í kæliboxið

Það er ekki svo erfitt að borða góðan mat og ódýran þrátt fyrir að vera í ferðalagi.

Það sem helst vefst fyrir mönnum er ísskápsleysið og hvernig kaupa eigi inn í ferðina án þess að helmingurinn af matnum skemmist á öðrum degi. Vissulega tekur maður með sér kælibox en það endist skammt ef í því eru aðeins örfáir litlir kælikubbar.

Það krefst útsjónarsemi að finna mat sem endist ókældur og er á sama tíma ætilegur. En einnig eru til ráð til að lengja kælinguna í kæliboxinu. Það er til að mynda hægt að frysta nóg af tveggja lítra vatnsflöskum og nota þær sem klaka í boxinu. Annað ráð er að útbúa gómsæta rétti, svo sem lasagne, spagettí bolognese eða grænmetispottrétti og frysta í litlum skömmtum í þar til gerðum pokum. Þegar komið er að ferðinni kemur maður pokunum fyrir í kæliboxinu þar sem þeir gagnast sem klakar þar til réttirnir hafa þiðnað og hægt er að snæða þá.

mariathora@frettabladid.is

Sælkerar þurfa ekki að þjást í ferðalaginu. Þeir geta einfaldlega eldað gómsæta rétti svo sem lasagne fyrirfram og fryst þá síðan í þar til gerðum frystipokum. Frosnu réttunum er komið fyrir í kæliboxinu fyrir ferðalagið og verka þá sem klaki þar til þeir hafa þiðnað og hægt er að snæða þá.

Sniðugt er að frysta nóg af vatnsflöskum fyrir ferðina sem gagnast síðan sem klaki í kæliboxinu.

Smá sletta af túnfisksalati í maískornsdósina og þetta er orðinn herramannsmatur sem hægt er að borða einan og sér milli mála eða með brauði í hádeginu.

Túnfiskur, hnetusmjör og sardínur eru góð próteinuppspretta fyrir þá sem ætla að halda í fjallgöngur í ferðinni. Allt geymist þetta ókælt svo það er um að gera að kaupa nóg fyrir ferðina.

Dökkt brauð þolir meira hnjask en það ljósa og gerlaust brauð endist lengur en gerbrauð.

Opið: Mán. - fös. kl. 9-18 - Lokað á laugardögum í sumar
ELBA eldunartæki og uppþvottavélar
Nettoline innréttingar
Snaigé kæliskápar
Friform þar sem þú færð meira fyrir peningana
ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM
Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Piparsósa...
... þegar vindur hvín!

Tilvalin köld út á kjötið, í fiskrétti, með reyktum silungi og sjávarfangi. Góð með köldum, steiktum lunda og sem ídýfa.

Bernaisesósa...
... þegar sólin skín!

Frábær köld úr dósinni eða hituð upp, með lambakjöti, nautakjöti, fiski eða kjúklingaréttum í ofni.

Grafika 03/2007

GLEÐISALA
-25% af Öllum vörum!!
til 20. ágúst
Fyrstir koma...
GLEÐISALA
GLUGG-INN
Fákafeni 11, Rvk. s.8611004

Tómatsalat með osti

1 grandsalat
800 g tómatar, stórir og vel þroskaðir
1 ostarúlla með lauk og blönduðum jurtum (fæst í Ostabúðinni)
nokkrar timjangreinar (má sleppa)
½ knippi basilíka
2 msk furuhnetur
2 msk nýrifinn parmesanostur
safi úr ½ sítrónu
nýmalaður pipar
salt
100 ml ólífuolía

Salatið tekið sundur, skolað, þerrað og blöðunum raðað á fat eða stóran disk. Tómatarnir skornir í sneiðar og ostarúllan einnig. Raðað ofan á salatblöðin og svolitlu timjani e.t.v. dreift yfir. Basilíkan, furuhneturnar og parmesanosturinn sett í matvinnsluvél eða blandara og maukað. Sítrónusafa, pipar og salti hrært saman við og síðan er ólífuolíunni þeytt saman við smátt og smátt. Hluta af sósunni er svo dreypt yfir salatið og afgangurinn borinn fram með í lítilli skál.

Hlíðablóm hafa nýlega opnað á ný í Skipholti 70 og eru með opnunartilboð á öllum afskornum blómum.

Svava Hrafnkelsdóttir vill ekki hugsa til þess hvað hún eyddi miklu fé í sígarettur í þau þrettán ár sem hún reykti.

Kaup á nýjum og bættum lífsstíl

Svava Hrafnkelsdóttir segist hafa eytt alltof miklum peningum í sígarettur um ævina.

Aðspurð um bestu og verstu kaupin er Svava Hrafnkelsdóttir, myndlistarkona og lögga, fljót að svara. „Bestu kaupin eru tvímælalaust tímar hjá einkaþjálfara. Án þeirra hefði ég sennilega ekki náð markmiði mínu að komast í Lögregluskólann.“ Til þess að komast í skólann þurfa nemendur að vera í mjög góðu líkamlegu formi, geti hlaupið, synt og gert armbeygjur, lyft þungum lóðum og fleira. „Það er ekki nokkur vafi á því að einkaþjálfarinn minn, Eygló Rós Agnarsdóttir hjá Heilsuakademíunni, breytti lífi mínu og ýtti mér yfir þröskuldinn ef svo má að orði komast,“ segir Svava. „Nú er Heilsuakademían mitt annað heimili.“

Verstu kaupin hins vegar segir hún vera alla þá sígarettupakka sem hún hefur keypt um ævina. „Ég reykti í ein þrettán ár og vil ekki hugsa til þess hversu miklir fjármunir hafa farið í það rugl,“ segir Svava. Hún segir að með nýjum og bættum lífsstíl geti hún ekki hugsað sér að reykja og vinkonur hennar geri jafnvel smá grín að henni. „Áður en ég hætti sá ég rautt yfir reykingabanni á kaffihúsum en nú er ég víst eins og Þorgrímur Þráinsson,“ segir Svava og skellir upp úr. „En það sýnir bara það að maður getur átt sínar heilbrigðu fyrirmyndir jafnvel þótt maður sé ekki lengur fjórtán ára,“ segir Svava.

kristineva@frettabladid.is

Sjá nánar á topdrive.is

topdrive.is Smiðjuvellir 3 Keflavík Sími: 422-7722

Topdrive.is

GÖTUMARKAÐUR

LAUGAVEGI 91

í dag og á morgun

VERÐHRUN

...á fatnaði, skóm og fylgihlutum

NÝTT KORTATÍMABIL

BOLIR	FRÁ:	990
DÖMU-SKÓR	FRÁ:	1.990
HERRA-SKÓR	FRÁ:	2.990
DÖMUSTÍGVÉL	FRÁ:	2.990
JAKKAR	FRÁ:	2.990
JAKKAFÖT	FRÁ:	7.990
DIESEL GALLABUXUR	FRÁ:	5.990
HERRA LEÐURJAKKAR	FRÁ:	5.990
DÖMU GALLABUXUR	FRÁ:	3.990
KJÓLAR	FRÁ:	1.990

Allt á að seljast

OPIÐ:

Í DAG 10-18:30

LAUGARDAG 10-20

galleri laugavegi 91

CENTRUM eva gs skór galleri sautján

LAGERÚTSALA Á LEIKFÖNGUM!

Mikið úrval leikfanga verður
til sölu á lagerútsölu heildverslunarinnar
Ársels Smiðsbúð 8 í Garðabæ.

Opið verður
laugardaginn 18.ágúst og
sunnudaginn 19.ágúst
frá kl: 11-17.
Tökum við debet og kreditkortum

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílahornið

RENAULT LAGUNA BERLINE. Árgerð 2003, ekinn 51 þ.km, Bensín, 5 gírar. Verð 1.290.000.

Bílahornið
Funahöfða 5, 110 Reykjavík
Sími: 567 2400
www.bilahornid.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

BMW 5 545I. Árg. 2004, ek 72 þ.km,vel útbúin, shadowline M Felgur ofl. Verð 7.250 þús. Gott stgr verð.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

TOYOTA LAND CRUISER 90 DÍSEL SJÁLFSKIPTUR árg. 1997, ek 181 þ. km, Ný tímareim, Verð 1.650 þ. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S. 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Breiðan ehf
821-6292

VW Transporter pallbíll, árgerð 2001, diesel, ekinn 95 þús., sk.'08, 100% lán, verð kr. 960.000 m.vsk. s. 821 6292

Nissan Vanett árgerð 2000, diesel, 8 manna, ekinn 150 þús. þjónustubók, sk.'08, 100% lánað, verð kr. 590.000 821 6292

Cherokee árgerð 1998 4 cylindra, beinskiptur, 38" dekk, ekinn 130 þús. sk.08, 100% lánað, verð kr. 750.000 821 6292

Nissan Patrol árgerð 1997, diesel, beinskiptur, ekinn 140 þús., 33" dekk, þjónustubók, sk.'08, 100% lán, verð kr. 1.150.000 821 6292

X4 ehf

Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is

Bílar til sölu

Transporter double cab 2,5 tdi diesel 4x4 ek 106 þús nýr gírkassi,kuppling,tímareim og lakk v 1050þús uppl í 8973151

Nissan primera 09/99 2,0 ek 83 þús sjálfskipt grænsans mjög vel með farinn v 525 þús stg S 8973151

BMW x5 3.0i 2003, ek. tæpl. 130 þ. km (þ.a. 73 þ. í USA), nýskr. í USA 01/03 og hér á landi 11/04, svartur + svart leður, mjög vel búin bifreið, í þjónustu og viðhaldi hjá B&L, ný Pirelli sumardekk (18" 255x55), negld Nokian vetrardekk (18" 235X60). Nýskoðaður, næsta skoðun okt. 2008. Aðeins bein sala. Uppl. í síma 820 6345.

Mini Cooper 120 HÖ. árg 2002 ekinn 64 þús. Einn með öllu glertoppur. Álfelgur, loftkæling, leður ofl . Mjög vel með farinn. Áhv. gott lán. Uppl : 898-8228

Tilboð 50 þús. út!
Sjálfskiptur Toyota Rav4 langur, árg. '04, ek. 53 þús. Mjög gott eintak. Tilboð 50 þús. út + yfirtaka 2.180 þús. Uppl. í s. 844 5222.

Dekurbíll
Toyota Avensis St árg.'05. Ek. 30 þús. Þjónustubók, vetrar og sumardekk, krókur ofl. Verð 2.390 þús. Uppl. í s. 893 2429.

Toyota Avensis, beinskiptur árg. 02. Ek. 90þ.km. Ný yfirfarin af Toyota, ný dekk fylgja. V. 990þ. Uppl. í síma 698-9808

Hoyndai coupe '99, ek 125, nýsk. án ath, leðursæti, þjófavörn, álfelgur, tilboð 330 þ. S 690 1100.

Til sölu TOYOTA AVENSIS S/D EXECUTIVE SVARTUR.
Árg.'04. Ek. 37 þ.km. Nýsk. 8/2004. Næsta sk'09. Verð kr. 2.280.000. Ekkert áhv. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. Ssk. 4 dyra. 147 hestöfl. 4 sumardekk. Framhjóladrif. ABS hemlar - Aksturstölva - Armpúði - Álfelgur - Fjarlægðarskynjarar - Fjarstýrðar samlæsingar - Geislaspilari - Hiti í sætum - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innspýting - Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Líknarbelgir - Loftkæling - Nálægðarskynjarar - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Reyklaust ökutæki - Samlæsingar - Spólvörn - Stöðugleikakerfi - Útvarp - Veltistýri - Vökvastýri - Xenon aðalljós - Þjófavörn - Þjónustubók -
Nánari upplýsingar veitir Bílasala Íslands í síma 510 4900

2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Dodge Dakota árg '05. Ek. 24 þús. mílur. Einn með öllu. Bílalán fylgir. Uppl. í s. 899 0304.

Til sölu Nissan Capstar Diesel pikk up, með stóran pall árg. '95. Sk. 08. Verð 100. þús. Uppl. í s. 848 6904.

Svartur Subaru Legacie árg '06 ek. 23 þús. M. beisli. 100 þús. út + yfirtaka á láni. Uppl. í s. 845 4032.

BMW 318 árg. '01. Ek. 110 þús. Góður bíll á góðu verði. Uppl. í s. 894 6727.

0-250 þús.

Til sölu Yamaha YZ 85 LW. Nýskráð 06.10.06 Topp Hjól Uppl í síma 8619146

Til sölu HUNDAI GETZ árg. 2005 ekin 22000 km verð 920 Þ. Uppl.í síma 8940068

Alvöru bíll fyrir alvöru stráka S:8688917

Ford KA 98, Ekinn 84þús. Skoðaður 08. Verð 110 þús. S: 821-4229 eftir kl 16.

Toyota Corolla '94 1.6. 4x4. Verð 95 þús. Uppl. í s. 849 4507.

250-499 þús.

GalantV6 2.5 Ek.195þús árg.'98 SSK. V. 550þús, 350þús stgr S: 8481211

Mega bull verð !!!!!!!
Dodge Caravan 2.4 árg 96 sjálfskiptur ekinn 220 þ km 7 manna sk 08 ný dekk verð 550.000- nú tilboð 350.000- s: 861-7600

500-999 þús.

Skoda Octavia Ambiante árg. 2001, ekinn 112 þús. Ný tímareim. Bíll í góðu standi. Ásett verð 750 þús. Tilboð óskast. Uppl. í s. 821 4625, Sveinn.

Toyota Avensis 1999. ekinn 107þ. bsk. nýlega skipt um tímareim. ásett verð 750þ s. 6916318

1-2 milljónir

Til sölu sjálfskiptur Yaris 2004 árg, ekinn 28þkm, heill bíll, skoðaður 09. Verð 1390þ. Uppl í S:8959558

Toyota Corolla VVTi 1.6 Sport Árg 2004, Ek.57.þ. 5 g 1600 cc.. Verð 1,580þ áhv 300,þ uppl. í síma 6956953

2 milljónir +

Til sölu Ford 150 king ranch ár 05' ek56þ V 3.9m áh 3.1m skoða öll skipti á milli gjöf. s:891 7943

Bílar óskast

Mjög vel með farinn Golf 1.6,árg 2000,ek. 101 þ.km. Nýsk. Tilboð.

Vantar bíl á verðbilinu 100-150 þús. Verður að vera í lagi. Uppl. í s. 690 8861.

Jeppar

ÓTRÚLEGT TILBOÐ Á HILUX D/C SR-5 dísel 2003 Ek 126þ, 5g, sk 08, 35" breyting, ný 33" dekk. Ásett 2,1m, fæst á 1590þ. S 898-9090

Musso '96. ek. 196 þús, diesel, ssk. Verð 360 þús. Uppl. í s. 844 0599.

Fallegur og vel með farinn Combi Camp árg. 2004 til sölu með fortjaldi og eldhúsi. Geymsla undir svefnrými Verð kr. 650.000 Uppl í S 5671596/6947196

Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Vörubílar

Til sölu Bens 2628 árg 86 með letingja ekin 540 þ. með krókheisi, skoðaður uppl. 6601680 Friðrik

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Pallbílar

Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Sendibílar

Toyota Hiace 4x4 árg. 2000, ný dekk, nýtt i bremsum, nýskoðaður, ek. 230.000.- verð 780.000.- uppl. 8221717

Húsbílar

2007 Fiat Elliot 55 p, 2.3L, 130 hest., Ekinn 35, 6.7 m, Verð: 5.990.000 kr, Uppl. í síma 821-9350 eða www.husbilagalleri.is

Mótorhjól

Honda CBR 600RR 2005 Mjög vel farið hjól, keyrt um 6300km. Hjólið er á nánast ónotuðum dekkjum. radarvari getur selst með. Tilboð óskast í síma: 8654288

Kerrur

Kerruútsala
Brenderup 3205 S - Innanm. 204 x 142 x 35 cm. Burðarg. 600 kg. Dekk 10" Listaverð 145.000. Tilboðsverð 135.000 Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ - 421 4037 - www.lyfta.is

Vespur

Pocket Bike 50cc verð 99.000.

Ice-Bee - Znen 50cc vespa kynningarverð 149.000.

Ice-Bee 250cc vatnskæld vespa verð 299.000.

Shineray 50cc Barnafjórhjól 149.000.

Mini Chopper 50 cc verð 139.000.

Shineray 300cc Fjórhjól verð 449,000,- www.mopar.is sími 564 2323 Auðbrekku 6 200 Kópavogur. ath öll verð eru með skráningu og Kylin hjálmur fylgir öllum hjólunum!

Eigum eftir nokkrar Vespur, 50CC á tilboði. M/götuskráningu. Hjálmur fylgir.

Viðurkenndir hjálmar á tilboðsverði. Opnir 7.900 kr Kjálka hjálmar 9.900

Hjólhýsi

Glæsilegt hjólhýsi '95. Svefnpl. f. 4, WC, miðstöð, fortjald, v. 980 þ. S. 892 8554.

Til sölu vegna breytinga FENT SHAPIR 07 hjólhysi með kojum,hjónarúmi,setustofu,sem 2 geta sofið,markhísa,sólarsella,lofnet,stór ískápur með frysti,ny svunta sem sett er neðaná ,eggjabakkadyna í hjónarúmi hægt að borga 400,000 út og taka við láni sjón er sögu ríkari. Upplysingar í síma 8947990-8965550.

Fellihýsi

Starcraft fellihýsi 10 ft. árg.'07. Farangursbox omfl. Selst með góðum afslætti. Uppl. í s. 864 8846.

Coleman Bayside '04. Einn með öllu. Áhvílandi ca 900 þús. Verð 1400 þús. Uppl. í s. 898 6262.

Tjaldvagnar

Til sölu Tjaldvagn! Camp-let '99 vel með farin Verð 380.000 Nánari uppl. í s. 847 2824.

Vinnuvélar

Liebherr 71K árgerð 2004 Keyptur nýr apríl 2004, aðeins notaður í eitt verk. Auka turnstykki, teinar og stell. Uppl. gefa Harry S. 896 6900 og Björn S: 896 8934.

SIRKUS

Ljótustu brosin í Hollywood

17. ÁGÚST 2007 ■ Bjarni Ben hleypur maraþon ■ Byggir 840 fm² bústað í Borgarfirði ■ Leikarapar til London með frumburðinn ...

Björgólfsfeðgar:

KÓNGAR MIÐBÆJARINS

PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.

Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur
Sími 520 4545 / www.prodomo.is
prodomo@prodomo.is

PRODOMO

fréttir

Heyrst hefur

Sofa ekki saman

Í nýjasta tölublaði tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn opnar **Steingrímur Hermannsson** fyrrverandi forsætisráðherra og eiginkona hans **Edda** sumarbústað sinn í Reykholtsdal fyrir lesendum blaðsins. Ýmislegt forvitnilegt kemur þar í ljós, ekki síst sú játning þeirra hjóna að þau sofi ekki saman í bústaðnum. Eru þau þess í stað hvort með sitt svefnherbergið og segja það góða tilbreytingu frá því hvernig hjónalífinu er háttað í bænum.

Nauthóll í Borgarfirði

Kaffihúsið **Nauthóll**, sem stóð lengi í Nauthólsvík, er síður en svo dautt úr öllum æðum þótt Reykjavíkurborg hafi bolað því í burtu til að búa til pláss fyrir annað og nýtískulegra kaffihús á svæðinu. Nauthóll er nefnilega kominn til Borgarness þar sem verið er að byggja við húsið. Nauthóll þjónaði gestum og gangandi vel í Nauthólsvíkinni og var vinsæll áfangastaður meðal gönguhópa enda sumarbústaðaleg stemning þar inni og kósíheit. Sirkus veit ekki um fyrirætlanir núverandi eiganda en aðdáendur gamla Nauthóls verða líklega glaðir ef þeir geta stoppað í kaffi á leið sinnu um Borgarnes í framtíðinni.

SiRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjórn Kristján Hjálmarsson,
kristjan@frettabladid.is,
Þóra Karítas,
Snæfríður Ingadóttir
Indíana Ása Hreinsdóttir,
indiana@frettabladid.is
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir,
kristina@frettabladid.is,
Sirkusblaðið Skaftahlíð 24
105 Rvk, sími 512 5000
Sölustjóri Bergur Hjaltested
512 5466 bergurh@365.is

FRAMKVÆMDIR VIÐ SUMARHÚSIÐ Miklar framkvæmdir standa nú yfir á Veiðilæk í Borgarfirði þar sem Sigurður Einarsson byggir. MYND/GVA

SIGURÐUR EINARSSON STJÓRNARFORMAÐUR KAUPÞINGS REISIR SÉR GLÆSILEGA HÖLL. HANN LÉT STÆKKA HÚSIÐ UM 300 FERMETRA FRÁ FYRRI TEIKNINGU.

BYGGIR 840 FERMETRA SUMARHÖLL Í BORGARFIRÐI

SIGURÐUR EINARSSON Byggir sér stórglæsilegt sumarhús í Borgarfirði.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, reisir nú 843 fermetra sumarhöll á Veiðilæk í Borgarfirði. Höllin, sem er krosslaga, er í raun ein og hálf hæð, með hálfgröfnum kjallara.

Fram kom í DV fyrir rúmu ári síðan að framkvæmdir væru hafnar við sumarhöllina á Veiðilæk. Síðan þá hefur Sigurður látið breyta teikningunum og stækkað húsið um rúma 300 fermetra. Samkvæmt nýju teikningunum verður bílskúrinn undir aðalhæð hússins en áður átti hann að standa spölkorn frá húsinu.

Eins og gefur að skilja er nóg pláss í 843 fermetra höllinni. Börn Sigurðar fá hvort sitt herbergið og hjónaherbergið er glæsilegt. Þá er fimmtíu fermetra vínkjallari og risa borðstofa þar sem er gert ráð fyrir að allt að tuttugu manns geti setið til borðs. Þá er auk þess stórglæsilegt sauna-hús með heitum potti og bekkjum sem hanga úr loftinu auk annars munaðar.

Sigurður keypti jörðina Veiðilæk fyrir fimm árum á um 60 milljónir. Samkvæmt heimildum Sirkus hleypur kostnaður við byggingu sumarhallarinnar á allt að 300 milljónum enda er ekkert til sparað. Byggingakrani er nú á jörðinni til að hjálpa til við að reisa höllina. Veiðiréttindi í Norðurá fylgja Veiðilæk en áin liðast framhjá sumarhöllinni glæsilegu þar sem Glanni blasir við. Útsýnið hjá Sigurði og fjölskyldu er heldur ekkert slor. Hinum megin við ána má sjá Grábrók, Baulu og til Bifrastar.

Sigurður og fjölskylda hafa látið fara vel um sig í Lundúnum síðustu ár. Það ætti hins vegar ekki að væsa um þau þegar sumarhúsið verður tilbúið enda plássið miklu meira en nóg. *- kh*

GLÆSILEGT HÚS Eins og teikningarnar sýna er sumarhúsið hans Sigurðar afar glæsilegt.



Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN

Kveður klakann með söknuði

Jú, ég á eflaust eftir að sakna Íslands en það á alveg eftir að koma í ljós hvers maður á helst eftir að sakna," segir leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson sem kveður landann í bili og heldur til New York eftir helgi á vit ævintýranna. Ætlar að hefja nám við hinn margrómaða listaháskóla Julliard í New York, þar sem margir af bestu leikurum heims hafa lært.

Þorvaldur Davíð fór með eitt aðalhlutverkið í leikritinu Killer Joe sem sýnt var í Borgarleikhúsinu í vor. Sýningar á verkinu verða teknar upp aftur í september og því hefur leikstjórinn Stefán Baldursson ráðið annan leikara í hlutverkið. Það er Jörundur Ragnarsson sem tekur við hlutverki Chris í Killer Joe. „Ég treysti Jörundi fullkomlega fyrir hlutverkinu. Hann á eftir að gera þetta vel því hann er flottur í öllu sem hann gerir," segir Þorvaldur sem hlakkar til að spreyta sig í nýju umhverfi og glíma við námið í New York.

ÞORVALDUR DAVÍÐ Heldur á vit ævintýranna í New York strax eftir helgi.

Öflugar og flottar á góðu verði!

Satellite Pro L40-136

Örgjörvi:	Intel Core Duo T2130 / 1.86 GHz
Vinnsluminni:	1024MB 533MHz DDR2
Skjár:	15,4" TFT WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Intel GMA 900
Harður diskur:	80GB, S.M.A.R.T
Skrifari:	8x DVD±RW Dual layer
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Þráðlaustetkort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	Nei
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows Home Basic
Ábyrgð:	2 ár
Vörunúmer:	TOSL40136

Aðeins 69.900 kr./stgr.
Takmarkað magn!

Gerið verðsamanburð!

Satellite Pro A200-1A5

Örgjörvi:	Intel Core 2 Duo T7100P/1.8 GHz
Vinnsluminni:	1024MB 667MHz DDR2
Skjár:	15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Intel GMA 965 Crestline
Harður diskur:	120GB, S.M.A.R.T
Skrifari:	8x DVD±RW Super Multi
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Þráðlaust netkort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	1,3Mp vefmyndavél
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows VISTA Business
Ábyrgð:	2 ár
	Vörunúmer: TOSA2001A5

TOSHIBA

Aðeins 99.900 kr./stgr.

Pavilion DV6317EU

AMD Turion 64 X2 TL-52 /1.6 GHz
1024MB 667MHz DDR2
15,4" Brightview WXGA 1280 x 800
Nvidia GeForce Go 6150
120GB SATA 5400rpm
8x DVD±RW Super Multi
10/100 netkort & 56k v.90 modem
802.11 b/g
Nei
Snertimús
Windows VISTA Home Premium
2 ár
Vörunúmer: HPGH789EA

hp invent

Aðeins 99.900 kr./stgr.

Pavilion DV6331EU

AMD Turion 64 X2 TL-56 / 1.8 GHz
2048MB DDR2
15,4" Brightview WXGA 1280 x 800
Nvidia GeForce Go 7200
160GB SATA 5400rpm
8x DVD±RW Super Multi
10/100 netkort & 56k v.90 modem
802.11 b/g
1,3Mp vefmyndavél
Snertimús
Windows VISTA Home Premium
2 ár
Vörunúmer: HPGH783EA

hp invent

Aðeins 119.900 kr./stgr.

Satellite Pro A200-1KQ

Intel Core Duo T2130/1.86 GHz
2048MB 667MHz DDR2
15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Intel GMA 900GML
200GB, S.M.A.R.T
8x DVD±RW Super Multi
10/100 netkort & 56k v.90 modem
802.11 b/g
Nei
Snertimús
Windows VISTA Business
2 ár
Vörunúmer: TOSA2001KQ

TOSHIBA

Aðeins 89.900 kr./stgr.

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-14

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

SKÍFU LISTINN

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

1	Ýmsir	↑	Pottþétt 44
2	Magni	↑	Magni
3	Megas	↓	Frágangur
4	Ýmsir	↓	Íslandslög 7
5	Ýmsir	↓	Íslandslög 1-6 (6CD)
6	Mika	A	Life in Cartoon Motion
7	KK og Maggi Eiríks	↓	Langferðalög
8	Garðar Thor Cortes	—	Cortes 2007
9	Ýmsir	↓	Í brekkunni: Eyjalögin 2cd
10	Ýmsir	↓	100 Íslensk 80's lög
11	Ljótu Hálfvitarnir	↓	Ljótu Hálfvitarnir
12	Eivör	N	Human Child/Mannabarn
13	Ýmsir	↑	Instant Karma (John Lennon)
14	Amy Winehouse	↑	Back To Black
15	Hvanndalsbræður	↓	Skást of
16	Jógvan	—	Jógvan
17	Gus Gus	N	Forever
18	Justin Timberlake	A	FutureSex/LoveSounds
19	Lay Low	↓	Please Don't Hate Me
20	Avril Lavigne	N	The Best Damn Thing

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækka frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

Listinn gildir vikuna 16. ágúst- 23. ágúst 2007

Magni

Magni er loksins búin að gefa út sína fyrstu sólóplötu. Platan er strax orðin ein af mest seldu plötu landsins í dag. Hörkufín plata!

Eivør

Kemur fersk inn eftir aðeins 2 daga í sölu og strax komin inná Skífulistann. Plata sem vert er að kaupa.

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N

BJARNI BENEDIKTSSON ÞINGMAÐUR NOTAR SKEMMTILEGA AÐFERÐ VIÐ AÐ KOMA SÉR Í FORM.

ÞINGMAÐUR HLEYPUR HEILT MARAÞON

„Þetta er mikil áskorun," segir Bjarni Benediktsson þingmaður sem ætlar að gera sér lítið fyrir og hlaupa heilt maraþon í Glitnishlaupinu sem haldið verður á morgun.

Bjarni er gamall íþróttakappi. Hann lék um tíma knattspyrnu með Stjörnunni en þurfti að leggja skóna á hilluna vegna meiðsla. Nú hefur hann dregið skóna fram að nýju, þó ekki þá með tökkunum.

„Mig vantaði einhverja almennilega áskorun til að koma mér í sæmilegt form. Við vorum nokkrir að æfa saman og það myndaðist stemning fyrir því að taka þátt í hlaupinu," segir Bjarni. Eitthvað hefur þó kvarnast úr upphaflega hópnum. Nú eru aðeins þrír eftir. „Það hefur fækkað heldur í hópnum en eftir standa ég og vinir mínir Jason Ólafsson og Hilmar Hjaltason," segir þingmaðurinn. Félagar hans eru báðir gamalreyndir handboltamenn, Jason fyrrverandi atvinnumaður en Hilmar fyrrum leikmaður Stjörnunnar. Þá hefur Goran Micic einkaþjálfari bæst í hópinn.

Bjarni segist hafa æft sig vel fyrir hlaupið mikla. Hefur nokkrum sinnum farið hálft maraþon og einu sinni 30 kílómetra. Eins og æfingaprógrammið gerir ráð fyrir. „Ég hef aldrei á ævinni verið eins þreyttur og eftir það," segir Bjarni. Æfingarnar gengu þó ekki þrautalaust fyrir sig. Hann átti erfitt með að hlaupa fimm til sex kílómetra fyrstu dagana. Missti neglur af báðum stórutám og átti á stundum erfitt með að fylgja æfingaprógrammi-nu þar sem meiðsl hrjáðu hópinn. „Það var erfitt að fylgja prógramminu eftir einn," segir þingmaðurinn og hlær.

TILBÚINN Í HLAUPIÐ Bjarni Benediktsson er til í hlaupið mikla sem fram fer á morgun.

Bjarni hefur reynt að taka það rólega síðustu daga. Hann er þó meira en tilbúinn þegar hlaupið hefst á morgun. „Það er skemmtileg tilviljun að þennan dag á dóttir mín þriggja ára afmæli og svo er ekki verra að geta hlaupið til góðs," segir Bjarni Benediktsson, þingmaður og hlaupagikkur með meiru sem hefur sennilega aldrei verið í betra formi en einmitt nú.

- kh

ÓLI MEÐ KROSSINN Ólafur Þórðarson með krossinn góða sem hann skar út úr hreindýrshorni. MYND/ VALGARÐUR GÍSLASON

ÓLI ÞÓRÐAR Í SKARTGRIPAHÖNNUN

Ólafur Þórðarson er einn harðskeyttasti þjálfari landsins. Öskrar sig hásan þegar á móti blæs. Líka þegar vel gengur. Hann á sér þó öllu mýkri hlið. Hlið sem fáir vita af. Í frístundum grípur Ólafur stundum í skartgripahönnun.

„Ég föndra þegar ég hef tíma, hef meðal annars skorið út hálsmen og hnífasköft," segir Ólafur sem ber meðal annars sjö sentimetra langan kross um hálsinn sem hann skar sjálfur út. „Ég hef alltaf verið mikill föndrari og skar út þennan kross í hreindýrshorn fyrir tveimur árum. Þetta er þó ekki fyrsti gripurinn sem ég smíða."

Ólafur sker oftast út skartgripina í hreindýrshorn. Á góðan vin sem lætur hann fá efniviðinn góða. „Það er mjög gott að vinna með slík horn. Það eru ýmsir skemmtilegir fletir á því," segir Ólafur sem hefur meira að segja skorið út hjarta. En þó ekki fyrir konuna. „Ég hef nú ekki enn skorið neitt út fyrir hana. En það er aldrei að vita nema hún fái eitthvað einhvern tímann," segir Ólafur Þórðarson sem er kannski ekki alveg jafnharðskeyttur og hann lítur út fyrir að vera.

- kh



ÍSLENSKA SIA.IS LBI 38587 08/07

LEIKARAPARINU UNNI ÖSP STEFÁNSDÓTTUR OG BIRNI THORS HEFUR VERIÐ BOÐIÐ AÐ LEIKA Í HAMSKIPTUNUM EFTIR KAFKA Í LYRIC HAMMERSMITH LEIKHÚSINU Í LONDON Á NÝJU ÁRI. ÞAU EIGNUÐUST SITT FYRSTA BARN Í SUMAR OG ÆTLA AÐ LEGGJA LAND UNDIR FÓT MEÐ FRUMBURÐINN DAG THORS.

LEIKARAFJÖLSKYLDA Á LEIÐ TIL LONDON

Sýning Vesturportsins á Hamskiptunum gekk fyrir troðfullu húsi í London og því vildi leikhússtjórinn endilega taka verkið upp aftur," segir Unnur Ösp Stefánsdóttir, sem nú er á leið til London til að taka við hlutverki í sýningunni sem Gísli Örn Garðarsson leikstýrði í fyrra ásamt leikhússtjóra Lyric Hammersmith, David Farr. „Gísli var búinn að viðra það við okkur að við tækjum við hlutverkum hans og Nínu Daggar úr sýningunni þar sem það lá fyrir að þau hjónin yrðu upptekin við annað verkefni," segir Unnur en Gísli og Nína vinna nú við sviðsetningu á Tillsammans hér á landi með alþjóðlegu stórskotaliði leikara. Tillsammans verður frumsýnt á svipuðum tíma og Hamskiptin í London og úr varð að leikstjórinn David Farr flaug til Íslands til að hitta Björn Thors og Unni Ösp. „Við ætluðum að slá í gegn hjá Bretanum og bjóða honum upp á te þar sem Englendingar drekka varla annað en te. Það fór ekki alveg eins og áætlað var því leikstjórinn hló bara að teúrvalinu. Kom í ljós að við áttum ekkert nema óteljandi tegundir af koffínlausu ávaxtatei svo að hann gerði undantekningu á tedrykkjunni og þáði kaffibolla í staðinn," segir Unnur hlæjandi. Spjallið endaði þó vel því leikstjórinn bauð Birni og Unni aðalhlutverkin og að sögn Unnar er verið að ganga frá samningum við leikhúsið um þessar mundir.

Dagur byrjaður að brosa

„Okkur hefur lengi langað til að búa tímabundið erlendis og fannst þetta því alveg tilvalið tækifæri," segir Unnur en með í ferðalaginu verður frumburðurinn sem þau Björn eignuðust í sumar. „Við eignuðumst lítinn prins sem heitir Dagur og hann blómstrar alveg stórvel. Hann fæddist í hitabylgju í besta sumri frá því að mælingar hófust og það er búið að vera meiriháttar að geta farið strax með hann út og spókað sig í veðurblíðunni," segir Unnur stolt og er undrandi á því hve allt gerist hratt hjá ungviðinu á þessum fyrstu mánuðum. „Þau stækka svo mikið og taka svo stór skref á hverjum degi," segir leikkonan og bætir því við að Dagur litli sé nýbyrjaður að brosa.

„Það eru allir búnir að segja við mann að þetta sé merkilegasta og stórkostlegasta lífsreynsla sem hægt sé að ganga í gegnum en ég held að það sé ekkert sem geti undirbúið mann fyrir þessa reynslu. Þetta er toppurinn á tilverunni og lífið breytt til hins betra og hamingjuríkara að öllu leyti."

Sviðsvanur þrátt fyrir ungan aldur

Dagur verður orðinn hálfs árs þegar fjölskyldan flytur til London. „Við verðum með góða aðstoðarmenn með okkur og erum bara bjartsýn á að þetta gangi allt saman mjög vel. Þegar sýningar hefjast verðum við mikið í frí á daginn og getum notað tímann til að skoða stórborgina almennilega," segir Unnur. Hamskiptin verða sýnd í þrjár vikur í London og svo verður farið á leikferðalag um England. Og þótt Dagur litli sé ekki ýkja gamall er hann nú þegar orðinn þó nokkuð sviðsvanur. „Hann var í maganum á mér þegar ég var að leika í sýningunni Killer Joe í fyrravetur. Við hættum fyrir fullu húsi af því að ég var komin á áttunda mánuð og gat ekki brölt mikið meira upp á húsgögnunum," segir Unnur Ösp.

Skrýtið að leika ekki ófrísk

Unnur Ösp hlaut tilnefningu til Grímuverðlaunanna fyrir leik sinn í Killer Joe og alls hlaut sýningin átta tilnefningar til verðlaunanna, meðal annars sem sýning ársins, fyrir leikstjórn og hlaut Björn Thors tilnefningu sem leikari ársins. „Það var góður endir á leikárinu og við höfum fengið margar fyrirspurnir um sýninguna í sumar," segir Unnur Ösp en nokkrar sýningar verða á Killer Joe í Borgarleikhúsinu í haust og þær hefjast í byrjun september. „Það verður skrýtið fyrir mig að þurfa að leika hlutverkið ein því mér fannst mjög þægilegt að leika með barn í maganum. Ég þróaði líkamshreyfingarnar ólétt og Filippía Elísdóttir hannaði á mig búninginn með kúluna í huga."

Aðspurð um hvort leikkonan sjái framtíðina fyrir sér í London eða Reykjavík segir hún. „Ég held öllu opnu en eins og staðan er í dag sé ég fyrir mér að koma heim með vorinu. Mig langar að vera í kringum ættingja og vini fyrst ég er nýbúin að stofna fjölskyldu og svo bíða líka verkefni hér heima. En það er aldrei að vita nema að London heilli mann upp úr skónum og þá sjáum við bara til með framhaldið."

- þká



UNNUR ÖSP Á leið til London með fjölskyldunni til að taka við hlutverkum í leikritinu Hamskiptunum. MYND/VALLI

Nemendur í HHS við Háskólann á Bifröst

Umsóknarfrestur rennur út 20. ágúst nk.

HHS – heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Félagsvísindadeild býður upp á þverfaglegt grunnnám til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS). Þetta þrískipta nám á sér fyrirmynd í Oxford háskóla í Englandi og er vel þekkt í enskumælandi löndum undir skammstöfuninni PPE (Philosophy, Politics and Economics).

HHS er traust grunnnám sem býr einstaklinga undir margvísleg störf á íslenskum og alþjóðlegum vinnumarkaði. Samsetning námsins tryggir víðari sýn og skarpari greiningartæki en nokkur greinanna þriggja getur veitt ein og sér.

Umsóknareyðublöð ásamt frekari upplýsingum á heimasíðu skólans:

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár



Dæmi um eignir Björgólfsfeðga:

HVERFISGATA 53, 54*, 55, 56*, 57, 58, 59, 61, 84, 86, 88a, 88b, 90, 90a, 92a, 92b og 92c
LAUGAVEGUR 39*, 41, 41a, 43, 45, 65, 67a, 69
FRAKKASTÍGUR 6a, 6b(lóðin), 8
VITASTÍGUR 3*,7,9,9a
SKÚLAGATA 32-34*
VATNSSTÍGUR 8, 10, 10b, 12
LINDARGATA 44, 34 (lóðin)

*ekki öll húseignin

BJÖRGÓLFSFEÐGAR HAFA VERIÐ DUGLEGIR VIÐ AÐ FJÁRFESTA Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR. NÚ ER SVO KOMIÐ AÐ ÞEIR EIGA DÁGÓÐAN SKERF AF MIÐBORGINNI.

EIGA STÓRAN HLUTA MIÐBÆJARINS

Feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson eru orðnir umsvifamestu einkaeigendur fasteigna í miðborginni í gegnum fasteignafélagið Samson Properties. Feðgarnir hafa meðal annars keypt fimmtán hús við Hverfisgötuna og fimm við Laugaveg. Þá eiga þeir einnig hlut í nokkrum húsum við sömu götur. Ekki fæst uppgefið hvað þeir hyggjast gera við fasteignirnar.

Samson Properties gekk í síðustu viku frá kaupum á félögunum Rauðsvík ehf. og Vatn og land ehf. Félögin voru áður skráð á nafn Þorsteins Steingrímssonar fasteignasala, sem er einnig eigandi Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Þorsteinn hefur á síðustu mánuðum keypt upp hús við Laugaveg, Vitastíg og Hverfisgötu. Húseigendur á svæðinu fengu upphringingar og boð um kaup á eignum þeirra. Samkvæmt heimildum Sirkuss nýttu margir sér boðið og seldu.

Þótt kaup Samson Properties á Rauðsvík ehf. og Vatni og landi ehf. hafi ekki gengið í gegn fyrr en í síðustu viku var samkomulag þess efnis gert fyrir ári síðan. Að sögn Ásgeirs Friðgeirssonar, talsmanns Björgólfsfeðga, fylgdu samningnum ákveðin skilyrði sem Þorsteinn varð að uppfylla áður en kaupin gengu í gegn.

ÞORSTEINN STEINGRÍMSSON Fasteignasalinn sem skráður var fyrir félögunum Rauðsvík ehf. og Vatn og land ehf.

Í kjölfar kaupanna er svo komið að Björgólfsfeðgar eiga nær öll húsin á reit sem markast af Barónsstíg, Laugavegi, Vitastíg og Hverfisgötu. Nú síðast keyptu þeir húsið við Laugaveg 65, sem kennt hefur verið við P. Eyfeld.

Ýmsar vangaveltur hafa verið uppi um hvað Björgólfsfeðgar hyggist fyrir með kaupum á svo mörgum eignum og það á samfelldu svæði. Meðal þess sem nefnt hefur verið er að þeir ætli að reisa verslunarmiðstöð. Á svæðinu eru mörg eldri hús, þar af bárujárnshús sem reist voru í byrjun síðustu aldar.

Ásgeir Friðgeirsson segir ekki liggja fyrir hvað gert verði við reitinn. „Það eru ýmsir möguleikar í stöðunni til að skipuleggja reitinn í heild sinni," segir Ásgeir.

Þá hafa Björgólfsfeðgar einnig keypt eina eign við Vitastíg fyrir neðan Hverfisgötu. Sami háttur var hafður þar á, það er að félög í eigu Þorsteins voru undanfari að kaupunum. Þá hafa Björgólfsfeðgar einnig keypt íbúðir við Skúlagötu. Þau kaup gefa til kynna að þeir hafi einnig áhuga á reitnum á milli Hverfisgötu og Skúlagötu, frá Barónsstíg að Vítastíg.

Á reitnum sem liggur á milli Frakkastígs og Vatnsstígs eiga Björgólfsfeðgar einnig mikið af eignum, bæði fyrir ofan og neðan Hverfisgötuna. Þar á meðal byggingarnar sem hýsa kvikmyndahúsið Regnbogann og skemmtistaðinn Vegas.

- snæ/kh



GÖMUL HÚS Reiturinn á milli Vitastígs og Barónsstígs, milli Laugavegar og Hverfisgötu, er svo til allur í eigu Björgólfsfeðga.

BJÖRGÓLFSFEÐGAR Hafa keypt fjöldann allan af húsum á og við Laugaveginn.

MAX RAFTÆKI

3ja ára KASKÓ

ALTRYGGING FYLGIR

Asus A7CC-7S020C
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni
- 120GB harðdiskur, DVD+/-RW skrifari
- 17" skjár (1440x900)
- ATI X1450 512MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Bluetooth
- Innbyggð vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium
- **3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt!**

Mús og taska fylgja

Raðgreiðslur

4.953 kr.

að meðaltali á mánuði í 36 mánuði

129.989 kr. staðgreitt

3ja ára KASKÓ

ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM

Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um trygginguna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.

vörður

Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum

acer ASUS lenovo SONY hp FUJITSU SIEMENS

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

MAX



BESTU BOLIR Í HEIMI

Þrjátíu þúsund börn deyja daglega af orsökum sem er hægt að koma í veg fyrir á einfaldan og ódýran hátt," segir Eygló Erla Ingvarsdóttir, meðlimur í ungmennaráði UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, á Íslandi. „Við vildum hjálpa til og ákváðum því að hanna og selja boli og láta ágóðann af þeim renna til UNICEF. Bolirnir munu því bjarga lífi barna og þess vegna eru þeir bestu bolir í heimi."
Ungmennaráð barnahjálparinnar fékk Hugrúnu, Magna og Stefán Svan í verslununinni Kronkron til liðs við sig og saman hönnuðu þau bolina, sem skreyttir eru loftbelgjum. Bolirnir kosta 2.500 krónur og eru seldir í Kronkron, Nakta apanum, Spúútnik í Kringlunni og Dogma. Sem fyrr segir rennur allur ágóðinn af þeim til UNICEF.
„Loftbelgirnir standa fyrir háleit markmið okkar fyrir betri heim og þeir rísa upp gegn misrétti," útskýrir Eygló Erla. „Fjöldi loftbelgjanna undirstrikar að sameinuð erum við sterk í baráttunni. Svo er einn loftbelgur óklárað ur. Hann samanstendur af litlum tölum og ef þú tengir tölurnar þá klárast loftbelgurinn – sem þýðir að við getum haft áhrif. Við getum klárað loftbelginn ef viljinn er fyrir hendi."

EYGLÓ ERLA Ein af aðstandendum ungmennaráðs UNICEF sem hefur látið hanna bestu boli í heimi.

Fjarnám Iðnskólans í Reykjavík

Innritun í fjarnám Iðnskólans stendur yfir á netinu: **www.ir.is/fjarnam**
Kennsla hefst þriðjudaginn **4. september**.

Alls eru í boði 70 áfangar með áherslu á starfstengt nám.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

KOMDU OG SKIPTU BÓKUM

OPIÐ
NÆSTU HELGI
LAU 10-18
SUN 13-17

VERÐUM Í ÞESSUM ÚTI Á PLANI

BARA
1.890

KAISER REINIVÉL
495 AÐGRÐIR

VERÐ ÁÐUR
7990

NÚ BARA
4.395

SKÓLATASKA
STYRKT BAK MEÐ ÖNDUNARLEIÐ, TASKAN ER ÚR SLITSTERKU EFNI, BOTN OG BAK MEIRA STYRKT. REGNHLÍF YFIR TÖSKUNA FYLGIR.

BARA
99
ÞETTA GILDIR YFIR HELGINA.

STÍLABÓK

GLÁS
AF BÍLASTÆÐUM!!!

GRIFFILL
skeifunni 11 · griffill.is

OPIÐ Í ÁGÚST

15 TIL OG MEÐ 17	10-20
LAUGARDAGINN 18	10-18
SUNNUDAGINN 19	13-17
20 TIL OG MEÐ 22	10-20
23 OG ÞAR EFTIR VIRKA DAGA	10-18
LAUGARDAGUINN 25	10-16
SUNNUDAGURINN 26	13-17

ALLTAF ÓDÝRARI

01 - 10025

Hollywood

Kirsten Dunst Kirsten Dunst er þekktust fyrir hlutverk sitt sem kærasta Spidermans í samnefndum kvikmyndum. Það er ekki að ástæðulausu að stúlkan fékk hlutverk í myndinni Interview with a Vampire. Hún er með svakalegar vígtennur.

Amy Winehouse Söngkonan örmjóa á án efa heiðurinn að ljótustu tönnum og brosi í heimi. Ekki nóg með að kjafturinn á henni sé alveg rammskakkur heldur vantar eina krúsíal tönn fremst. Smart!

Avril Lavigne Kanadíska söngkonan Avril Lavigne á heiðurinn að stífasta brosinu í bransanum. Maður verður eiginlega bara hræddur þegar þessi litla pía byrjar að brosa. Það er pínu svona ég-ætla-að-drepa-þig lúkk yfir brosinu hennar.

Ljótustu stjörnubrosin...og tennur!

Jon Heder Napoleon Dynamite-leikarinn væri ekki svona frægur ef hann væri ekki með þetta furðulega útlit. Það er alveg á hreinu, en ef maður skoðar brosið hans og tennur er þetta alveg stórfurðulegt. En við elskum hann samt.

Hilary Duff Það var ekkert að brosi söngkonunnar Hilary Duff fyrr en hún ákvað að fá sér formaðar tennur. Einhverra hluta vegna fékk daman sér allt of stórar tennur. Þær eru orðnar svo stórar að hún getur notað þær sem upptakara. Sá þessi unga skvísa aldrei There's Something About Mary?

Melinda Doolittle Idol-söngkonan sjarmeraði sjónvarpsáhorfendur upp úr skónum með ofurrödd sinni. En hún er einnig með ofurkjaft. Sumir myndu kalla þetta hestabros. Tyra Banks ætti að taka hana í nokkra tíma. Minna bros er oft meira bros.

Mike Tyson Það er náttúrulega ekkert eðlilegt við Mike Tyson. Tattúið er alveg út í hött, gulltennurnar voru heitar fyrir svona átta árum og svo vantar líka eina tönn. Maður myndi fyrirgefa það ef hann væri eitthvað að boxa, en Tyson er bara gangandi frík í dag.

Leggðu þig, Jennifer!

Ótrúlegt en satt þá verður megastjarnan Jennifer Lopez líka örvinda eins og við hin. Latínóbomban mikla hefur verið á fleygiferð um Bandaríkin að kynna nýjustu mynd sína, El Cantante, þar sem hún leikur aðalhlutverkið á móti eiginmanni sínu Marc Anthony.

Það hlýtur að taka mikið á að hoppa inn og út úr flugvélum til að mæta í hina ýmsu spjallþætti vestanhafs og virðist öll þessi vinna vera að taka sinn toll á leikkonunni/söngkonunni. Hún mætti á heiðurskvöld í Hollywood alveg búin á því eins og sést á myndinni. Ekki einu sinni förðunarfræðingurinn gat bjargað þessu.

NOKKRUM DÖGUM ÁÐUR Hérna er Jennifer alveg í essinu sínu og þreytan ekki farin að segja til sín.

ÚRVINDA Jennifer Lopez alveg búin á því eins og sést á myndinni.

KRAFTAVERKIN GERAST ENN!

Nicole Richie komin með brjóst

STÆKKANDI BRJÓST OG MAGI Brjóstin á Nicole hafa örugglega aldrei verið svona stór.

FLATBRJÓSTA Nicole Richie hefur ekki verið mjög barmmikil.

Það er farið að sjást á nýjustu mömmunni í Hollywood. Og Nicole Richie er að fíla það. Í fyrsta sinn er ekki verið að tala um hversu grönn hún er. Nú er farið að sjást á henni og hún sem er ekki komin nema rétt fjóra mánuði á leið. Nicole virðist njóta þess í botn að vera ófrísk, hún er með óléttufötin alveg á hreinu en það sem mikilvægast er er að hún er loksins komin með brjóst. Skoðið þessar fyrir og eftir myndir. Þetta er alveg magnað. Þetta er í fyrsta skipti sem fólk er sammála um að ungstirnið líti vel út. Til hamingju með það, Nicole.

NÝTT Á DVD

FRÁ HÖFUNDI „SIN CITY“

TVEGGJA DISKA
SÉRÚTGÁFA
TROÐFULL
AF AUKAEFNI.

SAM MYNDIR

fréttir

Frábær ferðamáti

Í fyrra kom á markaðinn sniðugt farartæki sem kallast A-bike, reiðhjól sem hægt er að brjóta saman og taka með sér hvert á land sem er. Hjól þetta er ekki nema 5,5 kg og þegar það er brotið saman er það nógu lítið til þess að passa í bakpoka (67x30x16). Hjólið er bresk uppfinning og var það fimm ár í þróun. Hugmyndin á bak við hjólið er sú að hægt sé að taka það með sér hvert sem maður fer, hvort sem það er í neðanjarðarlest, strætó eða flugvél. Hjólið þykir þannig sérlega góður kostur fyrir ferðamenn í erlendum stórborgum. Í stað þess að reyna að læra á lestarkerfið og eyða dýrmætum tíma í það að bíða eftir næsta strætó þá einfaldlega dregur maður hjólið fram og kemur sér sjálfur á áfangastað. Það tekur ekki nema tíu sekúndur að brjóta hjólið saman og taka sundur og þykir það hið þægilegasta í notkun. Uppistaðan í því er ál og þó það sé með tveimur keðjum þá er þannig gengið frá þeim að þær smita ekki frá sér í föt. Nánari upplýsingar um þennan sérstaka farskjóta má fá á heimasíðunni www.a-bike.co.uk.

GARN-GRAFFITÍ Burt með brúsana og upp með prjónana og heklunálarnar. Nýjasta æðið hjá götulistamönnum er að tjá sig með garni í stað úðabrúsa.

ÞAÐ ER AF SEM ÁÐUR VAR ÞEGAR UNGT FÓLK NOTAÐI ÚÐABRÚSA TIL AÐ SETJA SITT MARK Á UMHVERFIÐ. Í STAÐ BRÚSANNA ERU ÞAÐ NÚ PRJÓNAR, GARN OG HEKLUNÁLAR SEM SJÁ UM VERKIÐ.

PRJÓNUÐ GÖTULIST

Granateplið sem er upprunnið í Persíu, vex upp af undurfögru blómi sem til forna var tákn ástarinnar. Fyrir þá sem hafa áhuga á grænmeti og ávöxtum sem innihalda náttúruleg sterk litarefni og mátt þann sem þau eru sögð hafa gegn veirusýkingum og til lækninga, má benda á að safi granateplanna var áður fyrr notaður til litunar sem segir til um styrk hans.
Litirnir sem eplið gefur eru fagur sítrónugulur og að rauðbrúnum tónum. Það gæti sagt áhugasömum töluvert. Upplýsingar um granatepladrykkinn munu þeir sem sjá um **bonus.is** hafa yfirfært og komið fyrir á aðgengilegan hátt.

Grúsaveisla í Bónus!

EKKERT BRUDL

Svínalundir
kílóverð nú:
1398 KR.
Ferskar svínalundir

Svínagúllas
kílóverð nú:
798 KR.

20 þúsund bakkar af íslensku svínakjöti!

Svínasnitsel
kílóverð nú:
798 KR.

Svínaskankar
kílóverð nú:
198 KR.

Skólaosturinn og lukkuleikurinn í fullum gangi!

EKKERT BRUDL

PÓSTLISTINN
bonus.is

BÓNUS

NÝTT

ENSKI BOLTINN
ER FARINN AÐ RÚLLA!

> MYNDBROT ÚR LEIKJUM > FRÉTTIR > STAÐAN
> LEIKMENN OG SÉRFRÆÐINGAR BLOGGA

www.visir.is/enski

Í SAMSTARFI VIÐ
SÝN2
VÍSIR.IS

STUÐ MILLI STRÍÐA Spider pig

ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON FÓR Í ENSKUSKÓLA HJÁ SIMPSON-FJÖLSKYLDUNNI

Ég er af Simpson-kynslóðinni. Þegar ég var lítill gat ég setið tímunum saman, límdur við skjáinn og fylgst með uppátækjum Simpson-fjölskyldunnar og var Bart þá í sérstöku uppáhaldi. Það var því mikil gleði þegar ég frétti að væntanleg væri kvikmynd í fullri lengd um þessa stórsniðugu fjölskyldu. Einnig þótti mér aðdáunarvert þegar ég frétti að myndin yrði talsett á íslensku.

Ég fór því mjög spenntur á myndina um daginn. Fyrst fór ég á hana á ensku og skemmti mér hið besta. Að sýningunni lokinni færði ég mig yfir í næsta sal og tók seinni kvöldsýninguna á íslensku. Það var ótrúlegt hvað það vandist fljótt að heyra Hómer og félaga tala á íslensku. Eflaust hjálpaði til hvað maður er vanur að heyra sumar þessara radda í talsettu efni. Ég get ekki annað en gefið þýðanda og leikurum fyrstu einkunn fyrir vel unnið verk.

Eftir að ég kom heim fór ég hins vegar að velta fyrir mér talsetningu barnaefnis.

Sennilega hefur enginn kennt mér meira í ensku en Bart Simpson gerði á sínum tíma. Ég, eins og fjölmargir aðrir, tók þættina upp úr sjónvarpinu og horfði á þá aftur og aftur. Ég er ekki frá því að ég hafi lært mun meira af Bart, en í allri enskukennslu sem á eftir fylgdi í grunnskóla og framhaldsskóla.

Mér eldra fólk las Andrés önd á dönsku og býr enn að þeirri reynslu. Enda held ég að dönskukunnáttu landsmanna hafi hrakað mjög síðan farið var að þýða Andrésblöðin á íslensku.

Erlendir ferðamenn sem koma hingað til lands hafa oft orð á því hversu færir landsmenn séu í ensku. Ég efast um að Þjóðverjar fái oft að heyra hvað þeir séu góðir í ensku, enda horfa þeir meira og minna á allt sjónvarpsefni talsett á þýsku.

Ég er því ekki frá því, að þrátt fyrir allt, séu þessi erlendu áhrif ekki það versta sem maður getur orðið fyrir, og kannski er smá sjónvarpsgláp ekki heldur svo slæmt eftir allt saman.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

AFMÆLIS TILBOÐ

VIÐ ERUM ORÐIN 14 ÁRA OG AÐ ÞVÍ TILEFNI ERU NÚ ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS

OPNUNARTÍMAR

17. ÁGÚST	9 - 19
18. ÁGÚST	10 - 18
19. ÁGÚST	13 - 17

VERÐ 94.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og tæknóta-gjald dæmi vaxtum er innifalið. Verðir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

TÖLVULISTINN

Reykjavík • Nóatúni 17 • Sími 414 1700
Akureyri • Glerárgötu 36 • Sími 414 1730
Egilsstaðir • Miðvangur 2-4 • Sími 414 1735
Keflavík • Hafnargötu 90 • Sími 414 1740
Kópavogur • Hlíðasmára 10 • Sími 414 1760

NÚ ERU ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS

TÓNLIST Benni spilar á Sigló á laugardag „heillangt prógramm“.

Benni Hemm Hemm á Sigló

Sumartónleikaröð Þjóðlagaseturs sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði lýkur laugardaginn 18. ágúst. Síðastur en alls ekki sístur til að stíga á svið er Benni Hemm Hemm. Hann vindur sér norður við annan mann: „Þetta er heillangt prógramm, meira og minna allt lagasafnið sem við erum búnir að æfa, ég og Róbert Reynisson gítarleikari, en við verðum bara tveir.“

Benni segist ekki eiga rætur sínar að rekja þangað norður, fólkið hans hafi verið á Húsavík, en þau á Þjóðlagasetrinu hafi haft samband og boðið honum að koma: „Þetta er frábært fólk þarna og bæði þjóðlagahátíðin og Þjóðlagasetrið eru merkileg fyrirbæri.“ Tónleikarnir hefjast kl 21.00 en húsið opnar kl. 20.30. Forsala miða er í Þjóðlagasetrinu.

- pbb

Lýður drottins og flóttinn til fyrirheitna landsins

Óratorían Ísrael í Egyptalandi eftir Händel verður frumflutt á Íslandi í Skálholtsdómkirkju kl. 19 í kvöld og endurflutt í Hallgrímskirkju á sunnudaginn. Verkið, sem er vinsælasta óratoría Händels að Messíasi undanskildum, verður flutt á barokkhljóðfæri.

Flutningurinn í kvöld er annar hápunktur Kirkjulistahátíðar sem hefur staðið yfir í viku og er ekki enn lokið. Hinn margrómaði Robin Blaze kontratenór sem einnig tók þátt í flutningi á messu í H-moll eftir Bach á Kirkjulistahátíð um síðustu helgi syngur einsöng í óratoríunni Ísrael í Egyptalandi ásamt félögum úr kammerkórnum Schola Cantorum en kórinn fagnar um þessar mundir 25 ára afmæli. Robin Blaze sem er á meðal fremstu flytjenda barokktónlistar í heiminum í dag hefur leiðbeint kórnum á æfingum í vikunni. Alþjóðlega barokksveitin í Haag er aftur komin hingað til lands til að gleðja landsmenn með sínum frábæra leik. Eins og kunnugt er leikur hún á upprunaleg barokkhljóðfæri. Stjórnandi er Hörður Áskelsson en hann er listrænn stjórnandi listahátíðarinnar og frumkvöðull í sókn kirkjulista hér á landinu og hefur með sínum nánustu samstarfsmönnum lyft grettistaki með rekstri Kirkjulistahátíðar. Hópurinn hefur dvalið í Skálholti frá því á þriðjudag við æfingar og í kvöld verður orustan háð.

Hörður segir það vera alveg stórkostlega upplifun að fá að taka þátt í flutningi á verki af þessu tagi. „Tónlistin er auðvitað yndisleg og allt hefur gengið upp á æfingum í vikunni. Það er alveg ljóst að frumflutningur á þessu verki er stórviðburður í íslensku tónlistarlífi og ætti enginn tónlistarunnandi að láta þessa tónleika fram hjá sér fara. Robin Blaze og einsöngvararnir úr Schola cantorum fara á kostum og barokksveitin frá Haag stendur svo sannarlega fyrir sínu.“

TÓNLIST Hörður Áskelsson ræðst í hvert stórvirkið af fætur öðru á Kirkjulistahátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verkið lýsir á myndrænan og dramatískan hátt ánauð Ísraelslýðs í Egyptalandi og frelsun hans og förinni til fyrirheitna landsins undir forystu Móse. Þótt Ísrael í Egyptalandi hafi ekki náð að slá í gegn þegar Händel var á lífi er verkið nú meðal þeirra verka hans sem oftast hafa verið flutt eftir hans daga. Í kvöld gefst í fyrsta skipti á Íslandi tækifæri á að heyra þetta glæsilega verk í þriggja þátta lokagerð Händels frá 1756, sem virðist vera afar sjaldan flutt í heiminum á okkar tímum.

Óratorían Ísrael í Egyptalandi verður svo flutt öðru sinni á sunnudag í Hallgrímskirkju á lokatónleikum Kirkjulistahátíðar. Er óhætt að fullyrða að hér er á ferðinni barokk eins og það gerist best með listafólki á heimsmælikvarða.

pbb@frettabladid.is

Sýningarlok Horn og Georgs Guðna

Helgin framundan er sú síðasta í tveimur stórsýningum sem sett hafa svip sinn á myndlistarsumarið: Á Listasafni Akureyrar fer hver að verða síðastur að sjá magnaða yfirlitssýningu Georgs Guðna og hér sunnan heiða lýkur sýningu Roni Horn í Listasafni Reykjavíkur, My Oz.

Báðar sýningarnar hafa hlotið verðskuldaða athygli. Vandað er til þeirra beggja og er ánægjulegt að sjá að bæjarlistasöfn í ekki stærri borgum og bæjum hafi þrek og kunnáttu til að setja sýningar sem þessar saman. Þær eru báðar fullgildar á alþjóðlegum mælikvarða. Vandlega upp settar og lýstar, þaulhugsaðar í vali verka og samsetningu, báðum fylgir bók sem gerir grein fyrir listamönnunum í samhengi tímans.

Horn og Georg Guðni eru afar ólíkir listamenn en uppspretta sköpunar þeirra beggja er hin sama: náttúra Íslands í öllum sínum veðrabrigðum. Georg Guðni er staðfastur í glímu sinni við landslagið en Horn er fjöllyndari. Verkin á sýningunni í Grófinni bera vott um afar agaða afstöðu til

MYNDLIST Annar af tveimur glerskúlptúrum á sýningu Horn í Grófinni. MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR

MYNDLIST Georg Guðni hefur átt framgangi að fagna erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

frágangs á hugkvæmni þessa hollvinar lands og þjóðar. Horn er enda komin hátt í áliti í listasamfélagi heimsins og hefur á síðustu misserum sýnt landinu og þjóðinni margvíslegan sóma með athygli sinni og áhuga á því sem hér er að finna.

Um uppsetningu á sýningu Georgs Guðna segja þeir norðanmenn: „Í stað þess að sýna verk Guðna í réttri tímaröð er hver hinna þriggja sýningarsala safnsins tileinkaður ákveðnu minni sem oft bregður fyrir á ferli Guðna: fjöll, dalir og sjóndeildarhringur. Með því að nálgast verkin út frá þema fremur en tímaröð geta áhorfendur séð hvernig þau hafa þróast gegnum nýja fagurfræðilega og gagnrýna linsu.“

Á báðum söfnunum búa menn sig til frekara sýningarhalds: á Listasafni Reykjavíkur er í vændum stór sýning með verkum Gjörningaklúbbsins, en fyrir norðan er í undirbúningi samsýning þeirra listamanna sem tilnefndir eru til Sjónlistaverðlaunanna í ár.

- pbb

Í DAG!
KIRKJULISTAHÁTÍÐ
FESTIVAL OF SACRED ARTS
2007
11.–19. ágúst
FÖSTUDAGUR 17. ÁGÚST
12.00
TÓNLISTARANDAKT/BUXTEHUDE
19.00 Í SKÁLHOLTSKIRKJU:
ÍSRAEL Í EGYPTALANDI HWV 54
eftir G.F. HANDEL
FRUMFLUTNINGUR Á ÍSLANDI
sjá nánar um einsöngvara og
flytjendur á www.kirkjulistahatid.is
MIÐAVERÐ 4.900/3.600 kr.
ALLIR VIÐBURÐIR FARA FRAM Í HALLGRÍMSKIRKJU NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM
„Ég vil lofsyngja Þrotni“
WWW.KIRKJULISTAHATID.IS – SÍMI 510 1010 – MIÐASALA OPIN 9-17

NÝJAR BÆKUR

Hjá Vöku-Helgafelli er komin út ný saga í ritröðinni um leynilögreglumúsina Geronimo Stilton sem ber heitið Dalur risabeinagrindanna. Höfundur er Geronimo Stilton en Ólöf Gerður Sigfúsdóttir þýddi úr ítölsku. Sagan hefst á því að Styrmir finnur kort af Góbí-eyðimörkinni sem frændi þeirra, Colorado Stilton, hafði átt. Og þetta er ekkert venjulegt kort, heldur FJÁRSJÓÐSKORT! Styrmir vill æða strax af stað, og Tea og Benjamús eru mjög spennt líka. Og auðvitað tekst þeim að draga Geronimo með líka. Áður eru út komnar fjórar bækur um Geronimo Stilton en bækurnar eru hluti af ítölskum metsölubókaflokki sem slegið hefur í gegn víða um heim. Bókin er 123 bls.

Hjá Máli og menningu er unglingasagan Ég er ekki dramadrottning eftir Sif Sigmarsdóttur komin út í kiljuútgáfu. Þegar Emblu er tilkynnt að fjölskyldan ætli að flytja til Lundúna, þar sem kærasti mömmu hennar er að fara í meistaranám í peningum, ákveður hún að gera allt sem í hennar valdi stendur til að koma í veg fyrir það. Hún vill ekki yfirgefa líf sitt í Reykjavík, vinkonurnar og síðast en ekki síst ... GK (fullu nafni Gangandi Kynþokki). Raunsönn frásögn um örlög saklausrar unglingsstúlku sem ER EKKI DRAMADROTTNING! Ég er ekki dramadrottning var vinsælasta unglingabók síðasta árs og hlaut lofsamlegar viðtökur hjá lesendum og gagnrýnendum. Ég er ekki dramadrottning er 166 bls.

Hjá Máli og menningu er fjöruga fjölskyldusagan Fíasól í fínum málum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur komin út í kiljuútgáfu. Fíasól er sjö ára stelpa sem fer sínar eigin leiðir. Til dæmis vill hún BARA ganga í bleikum fötum og svo hefur hún meira að segja rænt sjoppu, en það var nú alveg óvart og hún gerir það aldrei aftur. Oftar en ekki stangast annars fínar hugmyndir Fíusólar á við það sem fullorðna fólkið vill. Og þá getur hún lent í vondum málum. Fíasól í fínum málum er safn skemmtisagna af spræku stelpuskotti eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Halldór Baldursson gaf Fíusól líf í leiftrandi myndum. Fíasól í fínum málum sló rækilega í gegn hjá íslenskum lesendum þegar hún kom út haustið 2004 og með framhaldsbókunum, Fíasól í hosiló og Fíasól á flandri, hafa vinsældir þessarar fjörugu stelpu aukist stöðugt. Fíasól í fínum málum er 91 bls.

Hjá Vöku-Helgafelli er unglingasagan Tár, bros og takkaskór eftir Þorgrím Þráinsson komin út að nýju, nú í kiljuútgáfu. Sagan segir frá vinunum Kidda og Tryggva sem eru nýsestir á skólabekk eftir fjörugt fótboltasumar. Í bekknum er nýr strákur, Skapti, sem verður vinur þeirra þrátt fyrir að hafa meiri áhuga á ballett og ljóðagerð en fótbolta. Þar er líka ný stelpa, Agnes, sem Kiddi fær strax augastað á. Tár, bros og takkaskór kom út í fyrsta sinn haustið 1990. Hún sló strax rækilega í gegn hjá lesendum, var mest selda unglingabók ársins og hefur verið uppáhaldsbók ófárra æ síðan. Fyrir bókina hlaut Þorgrímur Þráinsson Barnabókaverðlaun fræðsluráðs Reykjavíkur. Tár, bros og takkaskór er 188 bls.

HANNA FRIÐRIKSDÓTTIR

JÓN SIGURÐSSON

Hádegistónleikar

Áttundu og síðustu föstudagshádegistónleikar Listasumars verða haldnir í Ketilhúsi í dag kl. 12.00. Þar koma fram þau Hanna Friðriksdóttir sópransöngkona og Jón Sigurðsson píanóleikari.

Dagskráin ber yfirskriftina Frá norðri til suðurs og spannar norsk, ítölsk og brasilísk sönglög.

Hanna Friðriksdóttir nam söng og píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og stundaði framhaldsnám í óperusöng hjá tenórnum Franco Castellana á Ítalíu.

Jón Sigurðsson nam píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og stundaði framhaldsnám í Arizona State University þaðan sem hann lauk meistaraprófi í píanóleik.

THE BODY SHOP™

Betra en útsala!

Við gefum viðskiptavinum okkar 20% afslátt af öllum vörum í verslunum The Body Shop dagana 16.-19. ágúst.

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI

> Í SPILARANUM

Jagúar - Shake it Good
Okkervil River - The Stage Names
The Coral - Roots & Echoes
Elíza - Empire Fall
The New Pornographers - Challengers

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Pönkaður kabarett

Hljómsveitin Rhondda & the Runestones hefur gefið út fjögurra laga plötu, sem ber nafn sveitarinnar. Tónlist hennar hefur verið skilgreind sem kabarett-pönk. Er þar helst verið að vísa til hressilegrar framkomu sveitarinnar á tónleikum og gamalla pönkáhrifa sem má greina í lagasmíðum.

„Við spilum dálítið pönk og erum með mjög líflega og skrautlega sviðsframkomu. Við reynum að klæða okkur upp og vera hress," segir Pétur Geir Óskarsson, liðsmaður sveitarinnar, um kabarett-pönkið. „Okkur finnst leiðinlegt að skilgreina tónlist þannig að við bjuggum til okkar eigin skilgreiningu, eða vinur minn öllu heldur."

RHONDDA & THE RUNESTONES Sveitin, sem var stofnuð fyrir ári, hefur gefið út fjögurra laga plötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Auk Péturs Geirs er hin ársgamla sveit skipuð þeim Einari Johnson, Rhondda Groove, Ara Bjarnasyni og Sigursteini Kristjánssyni. Að sögn Péturs verður hin fjögurra laga plata látin nægja í bili og engin áform eru uppi um að gefa út stóra plötu í bráð. „Það er auðvitað draumurinn en það er ekkert verið að plana það neitt skipulega enn þá. Við höfum allavega ekki efni á því, satt best að segja."

Nýja platan verður fáanleg á tónleikunum sveitarinnar og einnig fæst hún í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Næstu tónleikar Rhondda & the Runestones verða á Bar 11 í kvöld þar sem Steini mun einnig koma fram. - fb

> Plata vikunnar

Jan Mayen - So Much Better Than Your Normal Life

★★★★

Frábær rokkplata sem einkennist af flottu gítarsamspili og melódískum smellum.

TJ

TÓNNINN GEFINN
Steinþór Helgi Arnsteinsson

Korn dagsins í dag

Bylting í rokki og róli á sér alltaf stað með reglulegu millibili. Tónlistarbylgjur sem ganga í hringi segja margir en slíkt er náttúrulega ákveðin einföldun, sem á sér í lagi við um rokktónlist og þá sérstaklega harða söluvæna rokktónlist. Síðasta bylting á þessu sviði var að mínu mati þegar Korn steig fram á sjónarsviðið. Ekki það að ég sé að hygla Korn neitt sérstaklega eða kalla hana eina af merkilegustu hljómsveitum sögunnar. Staðreyndin er samt sú að Korn breytti alveg fáránlega miklu í rokktónlistarlandslaginu.

Síðasta sveit sem ég man eftir og hélt að gæti gert usla líkt og Korn, Nirvana og aðrar sveitir var At the Drive-In. Því miður lagði sú sveit upp laupana fljótlega eftir útkomu langbestu breiðskífu sinnar. Leifarnar í Mars Volta hafa síðan reynst þunglamaleg og hálf leiðinleg eftirköst. Síðustu ár hefur maður því verið að bíða eftir ákveðinni endurnýjun í þessum harða söluvæna rokkbransa. Og maður bíður og bíður og bíður.

THE ARCADE FIRE

Staðreyndin er að lítil endurnýjun hefur verið í þessum geira. Hljómsveitirnar sem voru að gera eitthvað nýtt og flott fyrir fimm til tíu eða fimmtán, jafnvel tuttugu árum, eru kannski enn í dag að gera ágæta hluti en þetta er allt ennþá sama tóbakið. Deftones, Korn, Marilyn Manson, Metallica, Tool og Linkin Park, þetta eru stærstu sveitir dagsins í dag í hörðu söluvænu rokki. Menn hljóta að gera sér grein fyrir því að ákveðin stöðnun ríkir. Sveitir eins og My Chemical Romance, Fall Out Boy og fleiri eru vissulega stórar en geta þær breytt einhverju? Ég er fullviss um að rokkið sé ekki komið á leiðarenda. Enn má taka þetta form, teygja það og beygja, og gera eitthvað nýtt úr því. Í raun þarf ekkert endilega eitthvað alveg glænýtt, eingöngu nýja nálgun og ferskar hugmyndir.

Arcade Fire er dæmi um sveit sem hefur haft áhrif sem leiða af sér ákveðna bylgju. Og hlutirnir sem Arcade Fire er að gera eru langt því frá svo brjálæðislega miklar nýjungar. Samt kveður við annan tón. Og aðrar sveitir fylgja nú í humáttina. Kannski er Arcade Fire þess vegna Korn dagsins í dag?

Ný kynslóð, nýr kraftur

Nýliðun í danstónlistarheiminum hefur verið frekar hæg síðustu ár, en nú virðist loksins vera að koma upp ný kynslóð af hæfileikaríkum danstónlistarmönnum. Trausti Júlíusson skoðaði þróunina og staldraði sérstaklega við þýska dúóið Digitalism.

Eftir frekar daufan tíma virðist nú vera að koma upp ný kynslóð af danstónlistarmönnum sem eru líklegir til að gera stóra hluti. Gömlu hljómsveitirnar eru flestar annað hvort hættar eða hafa ekki gert neitt af viti í langan tíma og elektró-clash-bylgjan sem hrærði upp í hlutunum fyrir nokkrum árum er að mestu liðin undir lok.

Þessar nýju hljómsveitir eru skipaðar ungum tónlistarmönnum og eiga það sameiginlegt að vera undir áhrifum bæði frá danstónlist, poppi og rokki. Á meðal þeirra sem mest hefur borið á eru Frakkarnir í Justice og Ed Banger genginu, ensku sveitirnar Klaxons, Simian Mobile Disco og New Young Pony Club, kanadíska dúóið MSTRKRFT (lesist Master-Kraft) sem er skipað Jesse F. Keeler úr Death From Above 1979 og pródúsernum Al-P og svo hin þýska Digitalism sem sendi nýlega frá sér plötuna Idealism.

DIGITALISM Þeir Isi og Jens í Digitalism eru á meðal fjölmargra efnilegra nýliða í danstónlistarheiminum. Þeir kalla tónlist sína „Dirty-elektró pógó shit".

Kynntust í plötubúð

Digitalism er skipuð þeim Ismail Tuefecki (Isi) og Jens Moelle. Þeir eru báðir frá Hamborg, en Isi er sonur tyrkneskra innflytjenda. Þeir kynntust í plötubúðinni Underground Solution í Hamborg þar sem Isi byrjaði að vinna í lok tíunda áratugarins. Jens var upphaflega ráðinn til að leysa hann af þegar hann fór í frí, en eftir það unnu þeir báðir í búðinni og eiganda hennar datt í hug að fá þá til að koma fram saman sem plötusnúðar. Þeir gerðu það og í kjölfarið fóru þeir að búa til sínar eigin plötur. Sú fyrsta var endurgerð af White Stripes laginu Seven Nation Army. Hún fékk mjög góðar viðtökur og á næstu plötu var fyrsta frumsamda lagið þeirra, Idealistic. Það barst til eyrna Gildas Loaec, eiganda Kitsuné-plötufyrirtækisins í París, sem bauð Digitalism umsvifalaust samning.

Hljóðbrot með Robert Smith

Fyrsta lagið sem Digitalism gerði fyrir Kitsuné heitir Zdarlight og kom út árið 2005. Það fékk frábærar viðtökur og var m.a. hampað af plötusnúðum eins og Soulwax, Tiga, Laurent Garnier og Tiefschwarz. Í kjölfarið voru þeir beðnir um að gera nokkur remix, m.a. fyrir Test Icicles, Futureheads, Tom Vek, Depeche Mode og Daft Punk. Fyrsta stóra plata Digitalism, Idealism kom svo út fyrir nokkrum vikum. Hún var að mestu tekin upp í stúdíóinu þeirra sem er staðsett í gömlu loftvarnarbyrgi frá seinni heimsstyrjöldinni. Snilldarplata.

Eins og Cross með Justice er Idealism undir miklum áhrifum frá Daft Punk, en áhrifin koma víðar að. Nýjasta smáskífan af henni, Pogo, er t.d. undir miklum og augljósum New Order áhrifum og í Digitalism In Cairo heyrist sjálfur Robert Smith úr The Cure syngja „F.I.R.E. I.N.C.A.I.R.O", -hljóðbrot úr samnefndu Cure-lagi notað með blessun Cure-söngvarans.

Eins og áður segir er tónlist Digitalism undir áhrifum bæði frá pönki, danstónlist, fönki og poppi. Hún er unnin bæði með nýjustu græjum og gömlum syntum, trommusetti og gíturum. Frábær plata sem nýtur sín best spiluð hátt í góðum græjum.

BRENNSLAN KARL OLGEIRSSON

„Ég er alltaf að eignast uppáhaldslög. Fyrst og fremst þarf að vera einhver tilfinning í flutningnum sem nær til manns. Svo kemur spilamennskan, útsetningin, upptökustjórnin og hljóðblöndunin. Þegar þetta hjálpast allt að þá er útkoman frábær. Á þessum lista eru lög sem ég hlusta mikið á um þessar mundir," segir tónlistarmaðurinn Karl Olgeirsson.

1. Forever Begins - Common
Af nýju plötunni hans Common. Hún er skemmtileg. Skemmtilegt val á lúppum undir rappinu. Í þessu lagi er trommubítið úr 50 ways to leave your lover.

2. Cleva - Erykah Badu
Ég er nýbúinn að uppgötva snillinginn sem trommar þessa plötu, ?uestlove. Það vill svo til að hann stjórnar líka upptökum. Mér finnst ég vera hörundsdökkur þegar ég hlusta á hann. Annars er ég frekar rjóður bara.

3. To The Sky - Robin Thicke
Pharrell Willams stjórnar þessari endurfæðingu Robins. Margt svalt. Þetta lag er undir miklum Hendrix-áhrifum. Geysiflott.

4. Strawberry Fields Forever - The Beatles
Snilld er þessi Love-plata sem Martinfeðgar settu saman. Bítlar gærdagsins í hljómgæðum dagsins í dag. En alltaf tónlist morgundagsins einhvern veginn... (orðheppinn ég).

5. In A Manner Of Speaking - Nouvelle Vague
Var búinn að hlusta mikið á fyrri plötuna þegar ég loks sá þau á tónleikum. En það var ekki fyrr en þá sem ég áttaði mig á þessu lagi. Það er ekkert ljúfara en smá biturð.

6. Baby You Got Me - The Roots
Þarna er annað lag með ?uestlove á trommum. Dæmigert rapp með sungnu viðlagi. En svo flott gert.

7. Marcie - Joni Mitchell
Af fyrsta disknum hennar frá 1968. Oft óska ég þess að hafa samið gömlu lögin hennar. Stundum finnst mér ég hafa gert það. En það er auðvitað rangt.

8. Ferjumaðurinn - Mannakorn
Þetta er eitt af flottustu lögunum hans Magga Eiríks og þar með íslenskrar dægurlagasögu. Og textinn er frábær. Sveipaður dulúð þjóðsagnanna. „Loks fæ ég svar í hans hinstu orðum; sérðu ekki að sólin með tárum er að kveðja þig?"

9. Dark Lullaby - Helgi Rafn
Pétur Ben er snillingur og þetta er eitt af hans frábæru lögum. Og ég var þar þegar hann samdi það. Sá það gerast, skilurðu.

10. Feel Like Making Love - D'Angelo
?uestlove stýrir upptökum á þessu gamla Robertu Flack lagi. D'Angelo er magnaður söngvari og hljómurinn á þessu er ótrúlega safaríkur. Og grúvið er djúpt.

TRANSFORMERS

LITLU VÉLMENNIN - 1.999 KR. stk.

Protoform Starscream · Brawl · Jazz · Bumblebee · Barricade · Wreckage · Scorponok · Protoform Optimus Prime

STÓRU VÉLMENNIN - 3.999 KR. stk.

Ratchet · Ironhide · Optimus Prime · Megatron · Blackout · Starscream

DULBÚNAR GRÆJUR

SEM BREYTAST Í VÉLMENNI

1.549 KR. stk.

OPTIMUS PRIME PÍLUVARPA

BREYTIST ÚR BÍL Í PÍLUVÖRPU MEÐ EINU HANDTAKI

6.599 KR.

TRANSFORMERS ÞRAMMARAR

GEFA FRÁ SÉR FLOTT BROTHLJÓÐ MEÐ HVERJU SKREFI!

3.999 KR. stk.

OPTIMASH PRIME

KARTAFLA SEM LEYNIR Á SÉR

1.899 KR.

RISAVAXINN OPTIMUS PRIME

MEÐ LJÓSUM HLJÓÐUM OG AUKA-HLUTUM. MEGATRON EINNIG FÁANLEGUR.

8.799 KR.

OPTIMUS PRIME HJÁLMUR

HANN BREYTIR RÖDD PINNI OG GEFUR FRÁ SÉR MÖGNUÐ HLJÓÐ!

5.999 KR.

Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VISSIR ÞÚ?

Hönnuðurinn Karl Lagerfeld mun setja mark sitt á mörg tískublöð haustmánaðanna. Hann tók sér ekki bara tíma til að hanna sex tískulínur: Chanel, Chanel Cruise, Chanel Accessories, K by Karl Lagerfeld, Karl Lagerfeld Gallery og Fendi, heldur ljósmyndaði hann líka auglýsingaherferðir fyrir hverja og eina.

fólk

folk@frettabladid.is

Galdrakarl og teknónorn

Tónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Gísli Galdur Þorgeirsson og myndlistarkonan Ásdís Sif Gunnarsdóttir troða upp á menningarnótt sem spánnýi performance-dúettinn Tecnowitch.

„Þetta er bara glænýtt samstarfsverkefni," sagði Gísli. „Ásdís hefur verið að gera performance út um hvippinn og hvappinn og Technowitch er karakter sem varð til upp úr hennar verkefnum. Ég held meira að segja að karakterinn hafi fyrst komið fram á útgáfutónleikum Trabant á Nasa um árið," sagði Gísli, sem er, eins og kunnugt er, einn af liðsmönnum Trabant, ásamt eiginmanni Ásdísar, Ragnari Kjartanssyni.

Á menningarnótt hyggst dúettinn setja á svið „spádóm í tónlistarformi". „Þetta er teknónorn, sem segir véfréttir og spádóma, ýmist góða eða slæma," útskýrði Gísli, sem mun sjá um tónlistina. „En svo er þetta líka spuni, svo ég veit ekki alveg hvað á eftir að gerast," bætti hann við. Gísli segist hafa kynnst performance-list dálítið í gegnum Ragnar og Ásdísi. „Ég hef eiginlega ekkert verið í þessu, en ég hef mjög gaman af því, samt," sagði hann. „Ég held líka að þetta fari ágætlega saman, teknónornin og galdramaðurinn," sagði hann kíminn. Gísli sagðist reikna með því að samstarfið sé komið til að vera. „Nema þetta fari eitthvað hrikalega illa og maður fái taugaáfall. En ég efast um það," sagði hann og hló við.

Gjörningurinn, sem kallast Prophecy nr. 1, fer fram í Gallerí Ágúst að Baldursgötu 12 um tíuleytið á laugardagskvöld.

- sun

TECHNOWITCH Tónlistarmaðurinn Gísli Galdur Þorgeirsson og myndlistarkonan Ásdís Sif Gunnarsdóttir leiða saman hesta sína og koma fram sem Technowitch á menningarnótt.

SKALLINN Hárið á Nicolas Cage er farið að þynnast allverulega.

Sköllóttur Cage

Bandaríski leikarinn Nicolas Cage var gripinn í landhelgi þar sem hann sat á snæðingi á Ítalíu fyrir skemmstu. Paparazzi-ljósmyndari náði þar myndum sem sýna svo ekki verður um villst að myndarlegur skalli er byrjaður að myndast á höfði Cage.

Cage var nýlega spurður um hvort hárið væri farið að þynnast en leikarinn harðneitaði því, greinilega hræddur um ímynd sína.

ELVIS MINNST VIÐ GRACELAND

Þúsundir aðdáenda Elvis Presley tóku þátt í minningarathöfn fyrir utan Graceland, heimili hans í Memphis, í tilefni af því að þrjátíu ár voru liðin frá dauða hans. Kertum var haldið á lofti og báru tilfinningarnar marga ofurliði enda kóngurinn í guðatölu hjá hinum fjölmörgu aðdáendum.

Í MINNINGU KÓNGSINS

Aðdáendur Elvis frá mörgum heimshornum og úr öllum aldurshópum söfnuðust saman fyrir utan Graceland til að heiðra minningu goðsins. Kenndi þar ýmissa grasa og voru sumir undarlegri en aðrir.

NORDICPHOTOS/AFP

MASTERCARD KYNNIR

DAGUR 3

ÞRJÁR FRUMSÝNINGAR SEM FARA VÍÐA:
BANVÆN SKYNDIBITAMENNING, TAUMLAUS
DÝRAÁST OG SPÆNSKUR LISTMÁLARI

MasterCard
REGNBOGINN
grænaljósið

THE BRIDGE
Hvergi í veröldinni eru framin fleiri sjálfsvíg en á Golden Gate brúnni. Þessi heimildarmynd skrásetur úr leyni sjálfsvígin sem áttu sér stað árið 2004.

DELIVER US FROM EVIL
Sláandi heimildarmynd um prest sem misnotaði óteljandi börn yfir 30 ára tímabil. Presturinn sjálfur rekur hér ógnvænlegu sögu sína.

GOYA'S GHOST FRUMSÝNING
Stórbrotin og epísk mynd eftir meistara Milos Forman. Stellan Skarsgard og Natalie Portman sýna stórleik.

DEATH OF A PRESIDENT
„Heimildarmynd" um morð á George W. Bush, núverandi forseta Bandaríkjaanna og möguleg eftirköst slíks atburðar.

FAST FOOD NATION FRUMSÝNING
Richard Linklater kafar ofan í afleiðingar skyndibitafæðis – ekki bara á heilsuna heldur líka á umhverfið og samfélagið.

ZOO FRUMSÝNING
Lygileg heimildarmynd frá Sundance sem fjallar um efni sem fæstir vilja vita af. Maður í Seattle lést árið 2005 eftir náin kynni við hest.

SICKO
"Mikilvægasta, áhrifamesta og mest ögrandi mynd sem Michael Moore hefur gert!"
- Kenneth Turan, L.A. Times
Nýjasta meistarastykki Michael Moore, höfund myndanna Bowling for Columbine og Fahrenheit 9/11. Nú fær bandaríska heilbrigðiskerfið það skemmtilega á baukinn.

DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á MIÐI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS

REGNBOGINN 15. - 29. ÁGÚST
BÍÓ-DAGAR GRÆNA LJÓSSINS

BEN KINGSLEY Ben Kingsley kyssir áströlsku leikkonuna Rachel Griffiths á verðlaunahátíð í Los Angeles.

Mary kyssir Kingsley

Ungstirnið Mary-Kate Olsen kyssir hinn 63 ára Ben Kingsley í kvikmyndinni The Wackness sem er væntanleg í bíó seinna á árinu. „Það er mjög ástríðufullt atriði í myndinni sem við tókum upp í síðustu viku," sagði Kingsley. „Það gekk mjög vel og hún var mjög einbeitt. Hún stóð sig mjög vel og hagaði sér eins og fagmaður. Hún var alveg yndisleg."

Í myndinni leikur Kingsley sálfræðing sem vingast við ungan eiturlyfjasala. Olsen, sem er 21 árs, leikur einn viðskiptavina salans sem kyssir Kingsley á eftirminnilegan hátt.

24 frestað

Upptökum á sjöundu þáttaröð af 24 hefur verið frestað í annað sinn á skömmum tíma til þess að handritshöfundarnir fái meiri tíma til að þróa söguþráðinn.

Upphaflega átti þáttaröðin að gerast í Afríku. Hætt var við þá hugmynd og þurftu handritshöfundarnir því að leita á önnur mið. Búist er við töluverðum breytingum á þáttunum eftir minnkandi áhorf á síðustu þáttaröð.

Banksy og Warhol í eina sæng

Í menningarmiðstöðinni The Hospital Gallery er nú att saman New York-listamanninum Andy Warhol og breska götulistamanninum Banksy. Þó þessir tveir listamenn eigi alls ólíkan bakgrunn er list þeirra ekki svo ósvipuð og sést það á sýningunni þar sem verk þeirra eru sýnd saman.

Á meðal verka Banksys á sýningunni er portrett af Winston Churchill í anda Warhols. Listaverk af Tesco-súpum í stað þeirra frægu Campbell's frá Andy og Kate Moss stílíseruð líkt og Marilyn Monroe. Banksy er sennilega þekktastur fyrir að fíflast í alvarlegum listasöfnum og tókst meðal annars að lauma mynd í anda fornu hellamyndanna inn á British Museum en hans mynd var ólík hinum að því leyti að hellisbúinn ýtti innkaupakerru á undan sér. Einnig er hann bráðsnjall graffitilistamaður og afar virtur í þeim geira.

The Hospital er í Covent Garden og var sett á stofn af Dave Stewart í hljómsveitinni The Eurithmics. Í þessari skemmtilegu miðstöð má meðal annars finna kvikmynda-, sjónvarps- og upptökustúdíó, listagallerí, bókasafn, þrjá bari og fleira en miðstöðin hefur breytt nánast ónýttu horni af Covent Garden í fjölsóttan og áhugaverðan stað. **- bor**

WINSTON CHURCHILL Listaverk af Churchill í anda Warhols.

DROTTNINGIN Myndin til vinstri er eftir Banksy og sú til hægri eftir Warhol. Ekki virðist sá fyrrnefndi bera mikla virðingu fyrir drottningunni.

KATE MOSS Banksy stílíseraði Moss eins og Warhol Marilyn í gamla daga.

Fyrir heilsuna

vilborga@centrum.is

magimix

Safapressa

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

Verð frá kr.: 23.500

GJAFABRÉF

EIRVÍK

-hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - **www.eirvik.is**

Aðrir söluaðilar: Kokka, Laugavegi, **Egg, Smáratorgi Villeroy & Boch**, Kringlunni, **Líf og list**, Smáralind **Maður lifandi**, Borgartúni og Hæðarsmára

Lífshættulega veikt kerfi

KVIKMYNDIR

Sicko

Leikstjóri: Michael Moore

Sýnd á Bíódögum Græna ljóssins.

★★★★

Áhrifamikil úttekt á stórgölluðu heilbrigðiskerfi Bandaríkjanna. Myndin er laus við predikunartóninn sem hefur verið viðloðandi myndir hans. Góð afþreying sem skilur eitthvað eftir sig.

Michael Moore er mættur með nýja heimildarmynd, Sicko, sem fjallar um hið stórgallaða bandaríska heilbrigðiskerfi. Moore er þekktasti heimildarmyndagerðarmaður í heimi. Bæði elskaður og hataður fyrir harða ádeilu sína á bandarískt samfélag.

Síðasta mynd hans, Fahrenheit 911, sem fjallaði um tengsl Bush-stjórnarinnar við Sádi-Arabíu og Bin Laden, varð fyrsta heimildarmyndin til að vinna gullpálmann á Cannes-kvikmyndahátíðinni og þar á undan hafði myndin Bowling for Columbine, um morðin í Columbine-skólanum og byssueign Bandaríkjamanna, vakið mikla athygli.

Í nýju myndinni tekur Moore fyrir bandaríska heilbrigðiskerfið. Heimildarmynd um heilbrigðismál hljómar ekki sérstaklega spennandi en Moore gerir þetta meistaralega vel. Þrátt fyrir erfitt efni er myndin ótrúlega skemmtileg. Michael Moore hefur náð gríðargóðum tökum á forminu. Hann fær fólk til að gapa í forundran, hlæja og gráta til skiptis. Honum tekst líka að halda athygli áhorfenda allan tímann.

Það sem Moore hefur að segja um bandaríska heilbrigðiskerfið er rosalegt. Samkvæmt myndinni deyja um 50 manns á dag í Bandaríkjunum eingöngu vegna þess að þeir eru án sjúkratryggingar, þar á meðal börn.

Versti gallinn á kerfinu er síðan sá að Moore sýnir fram á að þótt þú sért með tryggingu er alls ekki víst að þú sért öruggur. Hver einasta aðgerð og öll lyf sem læknar vilja gefa þér þurfa að vera samþykkt af tryggingarfélaginu áður en nokkuð er gert. Í framkvæmd þýðir það að fólki er oft synjað um lífsnauðsynleg lyf og aðgerðir til að spara peninga fyrir tryggingafélögin. Tryggingafélögin hafa því úrslitavald um líf og heilsu fólks.

Tilfinningin sem fylgdi mér út úr bíóinu var bæði þakklæti fyrir að búa þrátt fyrir allt við ágætis heilbrigðiskerfi og hræðsla við að það verði fiktað of mikið í því. Ég get bara talað fyrir sjálfa mig en eftir að hafa séð svart á hvítu hvernig bandaríska kerfið virkar held ég að það sé álíka skynsamlegt að taka það sér til fyrirmyndar með of mikilli einkavæðingu og að fá Charlie Manson í siðfræðikennslu í grunnskóla.

Moore hefur í fyrri myndum sínum verið gagnrýndur fyrir að fara of frjálslega með staðreyndir og að hans eigin skoðanir séu of fyrirferðarmiklar. Þessi vandamál eru ekki til staðar í Sicko heldur er hún raunsæ og skemmtileg rannsókn á alvarlegu samfélagsvandamáli. Þetta gæti því vel orðið hans áhrifamesta mynd til þessa.

Jarþrúður Karlsdóttir



Bond fastur í fortíð

Matt Damon, sem leikur aðalhlutverkið í The Bourne Supremacy, segir að persónan James Bond sé pikkföst í fortíðinni.

„Bond-persónan mun alltaf eiga rætur sínar í sjöunda áratugnum og í gildum þess tíma," sagði Damon. Bætti hann því við að það sé algjör tímaskekkja að færa persónuna inn í nútímann en tók reyndar fram að persóna hans, Jason Bourne, sé hvorki betri né verri en Bond. „Bond er stjórnvaldssinni sem drepur fólk með bros á vör, drekkur Martini og segir brandara. Bourne er aftur á móti einn á báti og gerir ekkert nema að hugsa um kærustuna sína sem er dáin."

Damon hefur ekki útilokað að leika Bourne í fjórðu myndinni,

MATT DAMON Matt Damon fer með hlutverk Jasons Bourne í myndinni The Bourne Supremacy.

svo lengi sem breski leikstjórinn Paul Greengrass fái að halda starfi sínu. Greengrass þykir að vonum mikið til ævintýra Jasons Bourne koma á hvíta tjaldinu. „Bournemyndirnar snúast ekki um að klæðast Prada-fötum og horfa á konur sem koma upp úr sjónum í bikinifötum. Þær snúast um innihald og sannleika, ekki glanskennda yfirborðsmennsku."

Tuttugu ár frá útgáfu Birthday

Tuttugu ár eru í dag liðin síðan Sykurmolarnir gáfu út í Bretlandi sína fyrstu smáskífu, Birthday. Viku síðar var hún valin smáskífa vikunnar í tímaritinu Melody Maker og vakti það mikla athygli á sveitinni í Bretlandi.

Einar Örn Benediktsson, fyrrverandi Sykurmoli, segir að ekkert verði gert í tilefni dagsins og enginn breskur blaðamaður hafi haft samband við hann af þessu tilefni. „Ég held að menn séu svo dreifðir um byggðir landins og heimsins að það er enginn að spá í neitt út af þessu," segir Einar Örn.

Sykurmolarnir héldu eftirminnilega tónleika í Laugardalshöll 21. nóvember í fyrra þegar haldið var upp á tuttugu ára útgáfuafmæli lagsins hér á landi sem og hljómsveitarinnar. Verða sú hátíðarhöld látin nægja að sögn Einars. „Þegar við lögðum upp í konsertinn var það á þeim forsendum að það væru tuttugu ár frá því að Ammæli hafði komið út á Íslandi, þannig að það er ekki hægt að vera halda upp á þetta oft."

Lagið Birthday fékk fljúgandi start eftir að Melody

Í HÖLLINNI Björk og Einar Örn á tónleikunum í Laugardalshöll í fyrra. Tuttugu ár eru liðin síðan Birthday kom út í Bretlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Maker veitti því athygli á sínum tíma og var það meðal annars mikið spilað í útvarpsþætti Johns Peel. Í kjölfarið nutu fleiri lög af fyrstu plötu Sykurmolanna, Life´s Too Good, vinsælda, þar á meðal Coldsweat, Deus og Motorcrash. - fb

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýjasta par Hollywood eru þau **John Mayer** og **Cameron Diaz** sem hafa víst verið að hittast að undanförnu. Hún fílar tónlistarmenn og hann blondínur svo þetta virðist vera hið fullkomna par. Þau fóru á rómantískt stefnumót á þriðjudaginn. „Þau fóru á nokkra staði bara þau tvö," sagði heimildarmaður tímaritsins Us Weekly. „Þetta var tæknilega séð ekki í fyrsta sinn sem þau héngu saman en þau hafa hist ásamt vinum áður. Þetta er alveg nýtt hjá þeim en þeim kemur vel saman og stefnumótið gekk vel."

Jake Gyllenhaal mun fara með hlutverk á fjölum Broadway á næstunni en hann leikur í leikritinu Farragut North sem er framleitt og leikstýrt af **Mike Nichols**. Leikritið mun verða frumsýnt haustið 2008 og fjallar um forsetakosningar enda er það skrifað af kosningaráðgjafanum fyrrverandi **Howard Dean**.

Tengdamóðir söngkonunnar **Amy Winehouse**, Georgette Civil, segir hana háða heróíni og kókaíni. „Það er ekki hægt að kenna neinum um, hvorki Amy né Blake. Þau eru bæði jafn slæm. Það er það erfiðasta í heiminum fyrir mig að segja það í fjölmiðlum að sonur minn og konan hans eigi við fíkniefnavandamál að stríða. Ég hringdi í Amy um daginn og fékk þetta á hreint, hún sagðist vera háð heróíni og kókaíni."

ORGAN

FÖS. 17. ÁGÚST KL. 00:00
DJ Margeir

LAU. 18. ÁGÚST KL. 22:00-00:00
Menningarnótt (í portinu)
Skátar
Lights on the Highway
Últra Mega
Technobandið Stefán

KL. 01:00
Jagúar
9 ára afmælistónleikar

MIÐ. 22. ÁGÚST KL. 21:00
Líkn

FIM. 23. ÁGÚST KL. 21:00
Forgotten Lores
Mr. Silla
BK

HAFNARSTRÆTI 1-3, BAKHÚS
SUN-FIM 19:00-01:00 FÖS-LAU 19:00-05:00
WWW.MYSPACE.COM/ORGANREYKJAVIK

HAUSTNÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST

Gítarnámskeið fyrir alla!

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum*

Gítarnámskeið fyrir byrjendur.

Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski bara að stofna rokkhljómsveit? Þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitur. Kennt er í 5-10 manna hópum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni helstu gítargripin. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri.

Lengd námskeiðs: 12 vikur
Aldur: Fyrir alla aldurshópa
Verð: Kr. 39.900.-
(15% staðgreiðsluafsláttur.)

Aðeins 27.900 kr.
með notkun frístundakorts

Fyrir þá sem vilja læra meira

Í hópi fyrir lengra komna verður farið í nokkur þekktustu lög rokksögunnar, kenndar upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Linkin´ Park og Nirvana. Uppbygging gítarsólóa og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix". Farið verður í mismunandi "karakter"-tegundir gítara og gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri.

Lengd námskeiðs: 12 vikur
Aldur: Fyrir alla aldurshópa
Verð: Kr. 39.900.-
(15% staðgreiðsluafsláttur.)

Aðeins 27.900 kr.
með notkun frístundakorts

Gítarnámskeið fyrir leikskólakennara og foreldra.

Gítarnámskeið fyrir leikskólakennara og foreldra þar sem farið verður yfir grunnatriði gítarleiks. Eftir 12 vikna námskeið er markmiðið að þáttakendur kunni öll helstu gítargripin og þar að auki mörg helstu barna- og vísnalög sem þekkt eru á meðal íslensku þjóðarinnar.

Lengd námskeiðs: 12 vikur
Verð: Kr. 39.900.-
(15% staðgreiðsluafsláttur.)

Aðeins 27.900 kr.
með notkun frístundakorts

Leiðbeinendur á námskeiðum eru:
Vignir Snær Vigfússon (Írafár),
Gunnar Þór Jónsson (Sól Dögg) og fleiri.

Námskeiðin hefjast í september.
Kennt verður í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur.

Skráningar í síma 534 9090
eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is

* Upplýsingar um Frístundakortin er að finna á www.itr.is

TÓNVINNSLUSKÓLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

> Stál í stál hjá Fram og Val

Vegna fréttar Fréttablaðsins um mál Sigfúsar Sigfússonar sendir Valur frá sér eftirfarandi yfirlýsingu: Í viðaukasamningi dags. 19. júní 2007 á milli Fram og Sigfúsar Páls Sigfússonar segir: „4. Leikmaður hefur heimild til að ræða við önnur félög um félagaskipti á tímabilinu 20. júní-20. júlí 2007. Komi vilji hans fram til þess á tímabilinu þá eiga liðir 2 og 3 við að ofan." Leikmaðurinn nýtti sér þessa heimild. Í 2. og 3. lið samningsins segir: „Hámarksfjárhæð í samningum um félagaskipti við smálið erlendis eru 5000 evrur .." (um það bil 450.000 kr.) „....3. Gæta skal sanngirni í samningum um félagaskipti við innlend lið og stórlið erlendis." Valur hefur boðið Fram annars vegar 600.000 kr. og hins vegar 1.500.000 kr. Framarar hafa ekkert formlegt gagntilboð sett fram og hafnað tilboðum Vals. Ennfremur hefur Fram hafnað tillögu Vals um skipan sérstaks gerðardóms til að ákvarða sanngjarna greiðslu vegna félagaskiptanna.

sport
sport@frettabladid.is

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR: VALIN BESTI LEIKMAÐUR LANDSBANKADEILDAR KVENNA Í UMFERÐUM 7-12

Þykir sérstaklega vænt um viðurkenninguna

Hólmfríður Magnúsdóttir var í gær valin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna fyrir 7.-12. umferð. Hún segir að valið hafi komið sér á óvart en hún slasaðist illa í vetur og spilaði ekkert með KR lengst af.

„Þetta kom mér á óvart en ég átti von á því að einhver í KR fengi verðlaunin," sagði Hólmfríður.

Hún slasaðist í mars síðastliðnum í deildarbikarleik með KR gegn Stjörnunni. „Viðbeinið fór úr lið, stakkst í gegnum bringuna og inn í brjóstholið," segir Hólmfríður er hún lýsir atvikinu. „Þetta var mjög erfiður tími og þurfti ég meira en 30 töflur á sólarhring til að halda mér verkjalausri."

Hólmfríður var send á slysavarnardeild með sjúkrabíl frá vellinum en eftir skoðun var hún send heim til sín með þau skilaboð að ekkert amaði að henni. „Mig verkjaði auðvitað gríðarlega mikið og svaf ekkert þessa nótt. Morguninn eftir fékk ég strax tíma hjá Sveinbirni Brandssyni sem sendi mig strax aftur upp á slysó þar sem ég fór síðan í aðgerð. Það kom í ljós að viðbeinið lá hjá mjög hættulegum taugum og æðum og hefði getað farið verr."

Hólmfríður segir að margar vökunætur hafi tekið við og hafi hún fyrstu vikurnar þurft að sofa í hægindastól. Upphaflega var búist við að hún gæti ekki spilað aftur fyrr en um miðjan júlí en batinn gekk skjótar fyrir sig en búist var við.

„Það munaði miklu að ég mátti spila fótbolta um leið og ég mátti hreyfa mig."

Hólmfríður var svo valin í landsliðið í vor þrátt fyrir að hafa ekkert spilað með KR í deildinni. „Siggi Raggi (landsliðsþjálfari) sýndi mér mikið traust með þessu og hafa reyndar allir í kringum mig veitt mér mikinn styrk og verið mér til aðstoðar. Það hefur líka skipt miklu máli."

Hún getur því ekki neitað því að viðurkenningin sem hún fékk í gær sé enn

HK 2-1 Keflavík

Kópavogsvöllur, áhorf.: 595 — Kristinn Jakobsson (7)

1-0 Oliver Jaeger (50.)
1-1 Guðmundur Steinarsson, víti (77.)
2-1 Jón Þorgrímur Stefánsson (79.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–9 (4–5)
Varin skot	Gunnleifur 2 – Bjarki 0
Horn	4–4
Aukaspyrnur fengnar	9–10
Rangstöður	3–2

HK 4–5–1		KEFLAV. 4–5–1	
Gunnleifur Gunn.	7	Bjarki Guðmunds.	6
Stefán Eggertsson	6	Guðjón Árni	5
Ásgrímur Alberts.	6	Kenneth Gustafsson	6
***Finnbogi Llorens**	**7**	Nicolai Jörgensen	5
Hermann Þórsson	6	Branislav Milicevic	5
Calum Bett	3	(74., Guðm. Stein.	-)
Hólmar Örn Eyjólfs.	6	Magnús Þorsteins.	5
Rúnar Páll Sigmunds.	6	(58., Pétur Kristjáns.	4)
Þórður Birgisson	6	Jónas Guðni Sævars.	6
(74., Ólafur Júl.	-)	Hallgrímur Jónasson	5
Jón Þ. Stefánsson	7	Baldur Sigurðsson	5
(81., Hörður Már	-)	(81., Marco Kotilain.	-)
Oliver Jaeger	7	Símun Samuelsen	5
		Þórarinn Kristjáns.	5

*Maður leiksins

Víkingur 0-1 KR

Víkingsvöllur, áhorf.: 1.141 — Magnús Þórisson (6)

0-1 Gunnlaugur Jónsson (73.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9–13 (3–5)
Varin skot	Ingvar 2 – Stefán 1
Horn	1–6
Aukaspyrnur fengnar	19–10
Rangstöður	4–1

VÍKING. 5–4–1		KR 4–5–1	
Ingvar Þór Kale	8	Stefán Logi Magnús.	8
Hörður Bjarnason	6	Sigþór Júlíusson	6
Grétar S. Sigurðsson	7	Pétur Marteinsson	6
Milos Glogovac	7	***Gunnlaugur Jóns.**	**8**
Höskuldur Eiríksson	5	Guðm. Gunnarsson	6
(75., Dragan Galic	-)	Sigmundur Kristjáns.	5
Þorvaldur Sveinsson	6	Rúnar Kristinsson	6
Egill Atlason	4	Bjarnólfur Lárusson	6
(80., Pétur Svansson	-)	(88., Ágúst Gylfason	-)
Jökull Elísabetarson	6	Grétar Hjartarson	5
Stefán Sveinbjörns.	6	Óskar Örn Hauksson	3
Gunnar Kristjánsson	5	(83., Atli Jóhanns.	-)
(57., Arnar Jón	5)	Björgólfur Takefusa	4
Sinisa Kekic	5	(75., Jóhann Þórh.	-)

*Maður leiksins

Óhemju mikilvægur sigur

Gunnlaugur Jónsson var hetja KR í gær er varnarmaðurinn öflugi skoraði sigurmark sinna manna gegn Víkingi á útivelli. Fyrir vikið tókst KR að lyfta sér af botni deildarinnar í fyrsta sinn í mjög langan tíma. Fallbaráttan er þó enn hörð.

FÓTBOLTI Leikur Víkings og KR var væntanlega einn þýðingamesti leikur tímabilsins. Um var að ræða hreinræktaðan fallbaráttuslag og eftir afar dapurt gengi í allt sumar tókst KR-ingum að innbyrða sinn annan sigur en um leið óskaplega dýrmætan.

Leikurinn byrjaði af miklum krafti, bæði innan vallar sem utan. Leikmenn og áhorfendur voru með alveg á hreinu hvað væri undir hjá báðum liðoum.

KR-ingar byrjuðu leikinn betur og Björgólfur Takefusa átti tvö góð færi snemma leiks, það síðara var skot sem hafnaði í stöng Víkingsmarksins. En Gunnar Kristjánsson svaraði fyrir Víking með föstu skoti af löngu færi sem hafnaði í slánni.

Víkingar virkuðu óstyrkir í varnarleiknum sínum en það lagaðist eftir því sem á leið í hálfleiknum. Á lokamínútum hálfleiksins fengu liðin bæði ágætt færi. Ingvar Kale varði glæsilega frá Björgólfi og þá spiluðu Víkingar sig í gegnum vörn KR-inga og komu boltanum í netið. Markið var þó ekki gilt þar sem rangstaða var dæmd.

Síðari hálfleikur byrjaði á sama máta og sá fyrri með mikilli baráttu. Færin létu hins vegar á sér standa, þar til á 62. mínútu er Bjarnólfur Lárusson bjargaði á línu eftir skalla Stefáns Kára Sveinbjörnssonar. Fimm mínútum síðar komst Grétar Sigurðarson í ágætt færi en Ingvar Kale var vel á verði.

Mark KR kom svo á 73. mínútu.

SIGURMARKIÐ Gunnlaugur Jónsson brá sér skyndilega í sókn KR í gær og skoraði sigurmark sinna manna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Rúnar Kristinsson náði þá fyrirgjöf fyrir mark Víkinga og fór boltinn í gegnum vörnina á fjarstöngina þar sem Gunnlaugur Jónsson var mættur til að ýta boltanum yfir línuna.

Magnús Þórisson dæmdi svo víti á 80. mínútu þegar það virtist brotist á Pétri Marteinssyni. En hann dró þann dóm til baka þegar hann sá að Gunnar Gylfason línuvörður var búinn að flagga rangstöðu. Skömmu síðar átti Grétar Sigurðarson skot í slá á eigin marki þegar hann reyndi að forða boltanum frá hættu.

Tíminn vann vel með KR eftir þetta en þeir voru frekar nærri því að bæta við forystu sína en Víkingar að jafna.

„Þetta var óhemju mikilvægur sigur," sagði Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði og markaskorari KR. „Enda algjör úrslitaleikur um okkar framhald. Ég var svolítið hræddur við það fyrir leik að menn virtust bara ekki trúa því að liðið gæti fallið en hugarfarið var gott í dag. Markið kom loksins og sem betur fer dugði það."

Gunnlaugur skorar ekki mörg mörk enda varnarmaður en markið í dag var afar dýrmætt. „Ég hef átt það til að bregða mér í sóknina og þarna var ég bara mættur á fjarstöngina og vildi fá sendinguna fyrir. Þetta var bara eins og í þriðja flokki," sagði hann og hló.

Víkingar eru enn í hörðum fallslag ásamt Fram og KR. Víkingar eru með bestu stöðuna af þessum þremur liðum en hljóta að naga sig í handarbökin yfir þessu tapi í gærkvöldi. eirikur@frettabladid.is

Ungmennafélag Álftanes auglýsir eftir knattspyrnuþjálfurum fyrir eftirfarandi flokka:

- Meistaraflokk karla
- Yfirþjálfara yngri flokka
- 5. flokk drengja og stúlkna
- 6. flokk drengja og stúlkna
- 7. flokk drengja og stúlkna
- 8. flokk drengja

Áhugasamir sendi fyrirspurnir og/eða umsóknir á knd@umfa.is.

ÁLFTANES UMFÁ

Bikarmeistarar Keflavíkur eru enn í frjálsu falli og töpuðu í gær fyrrir HK:

Baráttan skilaði HK þrem stigum

FÓTBOLTI HK er í ágætum málum eftir fínan 2-1 sigur á Keflavík í gær. Þetta var fyrsti leikur HK síðan 26. júlí en ekki er hægt að segja að liðið hafi verið ryðgað.

Keflvíkingar náðu fljótt tökum á leiknum án þess þó að valda vörn HK miklum vandræðum. Það var ekki fyrr en á 23. mínútu að dró til tíðinda. Þórarinn Kristjánsson féll í teignum eftir viðskipti við Calum Bett. Klaufalegt brot en Gunnleifur Gunnleifsson kom HK til bjargar. Hann varði vítaspyrnu Jónasar Guðna frábærlega út við stöng vinstra megin.

Fátt markvert annað gerðist í fyrri hálfleik en seinni hálfleikur var ekki gamall þegar Oliver Jaeger kom HK yfir. Rúnar Páll átti frábæra sendingu fram á Jón Þorgrím sem lagði boltann út á Jaeger sem hamraði boltann viðstöðulaust efst í vinstra hornið á marki Keflavíkur.

Meiri hraði færðist í leikinn við þetta en Keflavík átti enn í vandræðum með að finna göt á vörn HK. Það var þó á 77. mínútu að Símun Samuelsen krækti í aðra vítaspyrnu Keflavíkur sem Guðmundur Steinarsson skoraði úr af miklu öryggi.

Í stað þess að hengja haus eins og oft vill gerast hjá liðum í fallbaráttu svöruðu HK-ingar strax. Hermann Geir sendi fyrir frá vinstri á Jaeger sem náði ekki nógu góðu skoti á mark. Jaeger fékk boltann aftur og renndi honum á Jón Þorgrím sem stóð einn og óvaldaður á markteig og sendi boltann í markið. Sanngjarn sigur HK þar með staðreynd.

„Við lékum mjög skipulagðan og agaðan varnarleik. Liðið var mjög þétt allt frá fremsta manni til þess aftasta. Ég vil sérstaklega hæla Rúnari Páli á miðjunni, hann var frábær," sagði Gunnleifur, fyrirliði HK.

Kristján Guðmundsson þjálfari Keflavíkur sagði að hann hefði ekkert á móti Kópavogsbúum þrátt fyrir þrjú töp í röð fyrir liðum úr Kópavogi.

„Þetta er hræðilegur völlur. Nú fáum við smá tíma til að skipuleggja okkur upp á nýtt og vinna í því sem er að hjá okkur. Við spiluðum ekki nógu hratt gegn liði sem hélt sig aftur og færði sig

TVEIR LEMSTRAÐIR Keflvíkingurinn Hallgrímur Jónasson og Þórður Birgisson, HK, voru heldur óárennilegir í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bara til hliðar," sagði Kristján og bætti við að það væri ekki farið að hitna undir honum. „Í Keflavík vinna allir að sama markmiði. - gmi

HLAUPARARNIR NÁLGAST!

Stærsti íþróttaviðburður ársins verður á laugardaginn, þegar Reykjavíkurmaraþon Glitnis verður ræst í 24. sinn.

Svona umfangsmikið hlaup hefur í för með sér talsverða truflun á umferð. Við viljum hvetja vegfarendur til að kynna sér upplýsingarnar hér til hliðar og sýna aðgát og tillitssemi.

Nánari upplýsingar á www.marathon.is.

Bílastæði fyrir Latabæjarhlaupið eru við Háskólabíó, Þjóðarbókhlöðu og Háskóla Íslands við Oddagötu.

LOKUN KL. 01.00–15.00

- Lækjargata milli Vonarstrætis og Skólabrúar.
- Fríkirkjuvegur frá kl. 07.30.
- Geirsgata, Kalkofnsvegur, Sæbraut austur að Dalbraut frá kl. 08.00.
- Sæmundargata kl. 08.00–16.00.

EINSTEFNA KL. 8.00–15.00

- Vestur Ægissíðu og Nesveg.
- Austur Eiðsgranda.
- Austur Mýrargötu.
- Austur Sæbraut milli Laugarnesvegar og Dalbrautar.
- Suður Engjaveg frá Gnoðarvogi.

TRUFLUN Á UMFERÐ KL. 8.00–12.00

- Skothúsvegur, Suðurgata, Melatorg og Lynghagi.
- Suðurströnd, Lindarbraut og Norðurströnd.
- Hringtorg vestast á Hringbraut, Ánanaust og hringtorg við enda Mýrargötu.
- Skothúsvegur, Suðurgata, Hringbraut, Bræðraborgarstígur, Vesturgata, Hafnarstræti.
- Gatnamót Borgartúns og Kringlumýrarbrautar.
- Gatnamót Suðurlandsbrautar og Reykjavegar.
- Gatnamót Suðurlandsbrautar og Grensásvegar.
- Engjavegur við Fjölskyldugarð.
- Álfheimar við Glæsibæ.
- Skeiðarvogur við Suðurlandsbraut.

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS
18. ÁGÚST 2007

GLITNIR



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA _ 07-0581

FH og Fram gerðu 3-3 jafntefli í frábærum fótboltaleik í Hafnarfirði í gær:

FH og Fram blésu til sóknar í Kaplakrika

FÓTBOLTI Strax í upphafi leiks var ljóst hvert stefndi. Svo virtist sem bæði lið kæmu til leiks með það markmið eitt að skemmta áhorfendum. Blásið var til sóknar og varnir látnar lönd og leið.

Fyrsta mark leiksins kom á 27. mínútu þegar Davíð Þór Viðarsson fékk boltann á miðjum vallarhelmingi Framara og lét vaða af um þrjátíu metra færi. Boltinn söng í markhorninu.

Í kjölfarið leit út fyrir að FH-ingar ætluðu að taka öll völd á vellinum. Framarar stóðust hins vegar pressuna. Á 39. mínútu tókst Fram að skora. Óðinn Árnason vann boltann af FH-ingum á eigin vallarhelmingi og sendi á Theódór Óskarsson inni í miðjuhringnum. Theódór tók eina snertingu á boltann, og sendi hárnákvæma sendingu á Hjálmar Þórarinsson á hægri vængnum. Hjálmar lék að markteigshorni og sneri boltann framhjá Daða með stæl.

Framarar komu steinsofandi til síðari hálfleiks og voru komnir tveimur mörkum undir eftir fjórar mínútur. Fyrst skoraði Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, af stuttu færi og síðan vippaði Guðmundur Sævarsson knettinum í fjærhornið eftir undirbúning Mattíasar Vilhjálmssonar.

Framarar voru þó ekki af baki dottnir og náðu að minnka muninn. Þar var að verki gamli FH-ingurinn, Jónas Grani, með góðum skalla eftir fyrirgjöf Hans Mathiesen. Áfram héldu Framarar sóknarleiknum, og Jónas Grani jafnaði leikinn á 58. mínútu eftir skyndisókn, þar sem Alexander Steen var einu sinni sem oftar arkitektinn.

Mikið fjör var í leiknum allt til loka. Bæði lið sóttu líkt og enginn væri morgundagurinn, og létu varnarleikinn sitja á hakanum. Nokkur hættuleg færi sköpuðust á báða bóga, en inn vildi boltinn ekki.

Jafntefli verður að teljast sanngjörn úrslit þegar upp er staðið. Bæði lið eiga heiður skilinn fyrir frábæran sóknarleik, og það segir sína sögu að markmenn beggja liða áttu góðan dag þrátt fyrir að fá á sig þrjú mörk. Besti maður vallarins var hinn smái en knái Alexander Steen sem opnaði vörn FH-inga hvað eftir annað, að því er virtist fyrirhafnarlaust, með eitruðum sendingum.

Ólafur Þórðarsson, þjálfari Framara, sagði sína menn hafa sýnt frábæran karakter. „Strákarnir eiga heiður skilinn fyrir að rífa sig upp. Við höfum verið að reyna að spila sóknarleik í allt sumar, og þurfum ekki að kvíða framhaldinu ef við höldum áfram að spila svona.“ **- js**

1-0 Landsliðsmaðurinn Davíð Þór Viðarsson kemur hér FH yfir gegn Fram með glæsilegu skoti utan teigs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

3-3

FH – Fram

Kaplakriki, áhorf.: 2.850 — Ólafur Ragnarsson (8)

1-0 Davíð Þór Viðarsson (32.)
1-1 Hjálmar Þórarinsson (39.)
2-1 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (46.)
3-1 Guðmundur Sævarsson (50.)
3-2 Jónas Grani Garðarsson (53.)
3-3 Jónas Grani Garðarsson (58.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–12 (8–7)
Varin skot	Daði 5 – Hannes 4
Horn	7–4
Aukaspyrnur fengnar	8–10
Rangstöður	0–0

FH 4–3–3		FRAM 4–4–2	
Daði Lárusson	7	Hannes Halldórsson	6
Guðm. Sævarsson	6	Óðinn Árnason	6
Auðun Helgason	3	Reynir Leósson	6
(66., Tommy Niels.	6)	Kristján Hauksson	6
Sverrir Garðarsson	6	Daði Guðmunds.	5
Freyr Bjarnason	5	(67., Ívar Björnsson	6)
(75., Hjörtur Logi	-)	Henrik Eggerts	7
Davíð Þór Viðarsson	7	(32., Theódór Ósk.	7)
Ásgeir G. Ásgeirsson	6	Hans Mathiesen	6
Matthías Vilhjálms.	6	Ingvar Ólason	6
(78., Bjarki Gunnl.	-)	Hjálmar Þórarinsson	7
Matthías Guðmunds.	6	(88., Patrick Redo	-)
Atli Guðnason	6	***Alexander Steen**	**8**
Tryggvi Guðmunds.	5	Jónas Grani Garðars.	7

*Maður leiksins

Verðum að gera betur í varnarleiknum

Tveir heitustu framherjar Landsbankadeildarinnar skoruðu tvö mörk hvor í kaflaskiptum leik Vals og Breiðabliks í gær. 2-2 jafntefli urðu úrslitin og segir Helgi Sigurðsson að Valsmenn þurfi einfaldlega að gera betur.

FÓTBOLTI „Við erum lið sem er að berjast á toppnum og þá á að vera nóg fyrir okkur að skora tvö mörk. Við höfum núna fengið á okkur sex mörk í síðustu tveimur heimaleikjum sem er einfaldlega ekki nægilega gott. Við verðum að gera betur í varnarleiknum,“ sagði Helgi Sigurðsson, markaskorari Valsmanna í gær og besti leikmaður liðsins.

Valur er með 25 stig í 2. sæti Landsbankadeildarinnar eftir leikinn í gær, tveimur stigum á eftir Íslandsmeisturum FH sem eiga auk þess leik til góða. „Við höldum að sjálfsögðu ennþá í vonina og sem betur fer tapaði FH líka stigum í þetta skiptið. En leikjunum fækkar sífellt og við þurfum að spila betur,“ bætti Helgi við, ómyrkur í máli.

Fyrri hálfleikurinn í gær reyndist vera frábær skemmtun og litu fjögur gullfalleg mörk þá dagsins ljós. Helgi, lævísari en refur eins og endranær, nýtti sér varnarmistök Blika í tvígang og skoraði tvö virkilega góð mörk. Þau voru þó langt frá því að toppa ótrúleg tilþrif Rajcomar. Hollendingurinn jafnaði metin rúmri mínútu eftir fyrra mark Helga þegar hann stýrði sendingu Gunnars Arnar Jónssonar í netið með hælnum. Tæpum tveimur mínútum síðar var hann aftur á ferðinni þegar hann lét vaða af um 20 metra færi og sneri boltanum upp í samskeytin fjær eftir fallegan sprett upp vinstri vænginn. Stórkostlegt mark.

Það tók Helga rúmar 20 mínútur að jafna metin fyrir Val og átti hann markið fyllilega skilið. Helgi fékk mörg færi í leiknum í gær og hefði sett þau mun fleiri ef heppnin hefði verið með honum. „Ég hefði getað skorað fleiri en ég verð að vera þokkalega sáttur með tvö,“ sagði Helgi.

Síðari hálfleikurinn var gjörólíkur þeim fyrri og greinilegt að þjálfarar beggja liða höfðu lagt áherslu á að þétta varnirnar, sem litu afar illa út á köflum í fyrri hálfleik. Fyrir vikið hægðist leikurinn mikið þó svo að bæði lið hefðu fengið færi til að tryggja sér öll stigin þrjú.

„Það er ánægjulegt að skora tvö mörk en ég hefði fórnað þeim báðum fyrir þrjú stig. Við erum ekki sáttir með frammistöðu okkar í þessum leik,“ sagði Rajcomar við Fréttablaðið eftir leikinn. Hann viðurkenndi að bæði mörkin séu með þeim betri sem hann hefur skorað á sínum ferli. „Ég hitti hann vel í bæði skiptin og þegar sjálfstraustið er mikið fara svona skot frekar inn. Ég vona bara að ég geti haldið áfram á sömu braut.“

Sá hollenski hefur skorað fjögur mörk í síðustu þremur leikjum Blika og er að reynast liði sínu algjör gullmoli. Þrátt fyrir að hann eigi það til að týnast inn á milli sýndi hann það og sannaði í gær að hann er leikmaður sem getur klárað leiki upp á eigin spýtur, sem er ómetanlegur eiginleiki í íslenska boltanum. Þá hæfileika hefur Helgi Sigurðsson hins vegar einnig, og það var því kannski vel við hæfi að þeir sættust á jafnan hlut í gærkvöldi. **vignir@frettabladid.is**



SJÓÐHEITUR Helgi Sigurðsson, framherji Vals, skoraði tvö mörk gegn Breiðablik í gær og er markahæstur í deildinni með 11 mörk. FRÉTTABLAIÐIÐ/DANÍEL

2-2

Valur – Breiðablik

Laugardalsv., áhorf.: 997. — Erlendur Eiríksson (6)

1-0 Helgi Sigurðsson (15.)
1-1 Prince Rajcomar (17.)
1-2 Prince Rajcomar (19.)
2-2 Helgi Sigurðsson (38.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–11 (5–3)
Varin skot	Kjartan 1 – Casper 3
Horn	5–1
Aukaspyrnur fengnar	9–10
Rangstöður	4–1

VALUR 4–4–2		BREIÐAB. 4–4–2	
Kjartan Sturluson	6	Casper Jacobsen	7
René Carlsen	5	Árni K. Gunnarsson	4
(76., Daníel Hjaltas.	-)	Srdjan Gasic	6
Barry Smith	5	Guðmann Þórisson	5
Atli Sveinn Þórarins.	5	Arnór Aðalsteins.	7
Birkir Már Sævars.	6	Gunnar Örn Jónsson	6
Baldur Aðalsteins.	6	(64., Steinþór Þors.	6)
Bjarni Ólafur Eiríks.	4	Arnar Grétarsson	6
Pálmi Rafn Pálma.	7	Nenad Petrovic	6
Hafþór Ægir Vilhj.	5	(86., Olgeir Sigurg.	-)
(76., Dennis Morte.	-)	Nenad Zivanovic	6
Guðm. Benediktsson	7	(71., Magnús Páll	-)
***Helgi Sigurðsson**	**8**	Kristinn Steindórsson	5
		Prince Rajcomar	8

*Maður leiksins

Skagamenn náðu ekki að hefna bikartapsins gegn Fylki á Akranesi í gær:

Skagabaninn Halldór sá um ÍA annan leikinn í röð

FÓTBOLTI Fylkir vann sinn þriðja sigur í röð í Landsbankadeild karla þegar þeir unnu 2-0 sigur á ÍA upp á Akranesi í gærkvöldi. Skagamenn höfðu ekki tapað leik síðan 14. júní þegar þeir fóru inn í tvo leiki við Fylki á stuttum tíma í bikar á sunnudag og í deildinni í gær. Fylkir vann báða leiki og í bæði skiptin var það hinn snaggaralegi Halldór Hilmisson sem réði úrslitum.

Aðeins fimm dögum eftir að hann tryggði Fylki sæti í undanúrslitum VISA-bikars karla með tveimur mörkum gegn Skagamönnum í framlengingu tryggði Halldór sigurinn í gær með tveimur mörkum á síðasta korterinu á Akranesi í gær. Það fyrra skoraði hann með stórglæsilegu vinstrifótarskoti á 76. mínútu eftir skallasendingu Peter Gravesen og hið síðara af stuttu færi úr markteignum á 87. mínútu eftir frábæran undirbúning varamannsins Páls Einarssonar

Fjalar Þorgeirsson sýndi landsliðstakta í Fylkismarkinu þegar hann varði frá Vjekoslav Svadumovic á 29. mínútu en hann var þá kominn í dauðafæri eftir frábæra sendingu Björns Bergmanns Sigurðarsonar og Fjalar var mjög traustur í öllum sínum aðgerðum í gær.

Fyrri hálfleikurinn bauð ekki upp á mörg góð marktækifæri en liðin sýndu þó oft á ágætt samspil úti á velli. Skagamenn voru skeinuhættari í sínum upphlaupum en Fylkismenn reyndu helst langskot fyrir utan það að vinna sér inn alls 11 horn í fyrri hálfleiknum.

Fylkismönnum óx ásmeginn eftir því sem leið á seinni hálfleikinn og það var eftir gangi leiksins þegar þeir komust yfir. Fylkismenn hafa nú unnið þrjá deildarleiki í röð og eru komnir upp að hlið Skagamanna í þriðja sæti deildarinnar. Þetta var hins vegar erfið vika fyrir Skagamenn sem duttu út úr bikarnum og misstu dýrmæt stig í toppbaráttunni þökk sé öflugum Árbæingum sem líkar lífið vel upp á Skaga þar sem þeir hafa ekki tapað í fimm ár.

„Leikurinn í dag er ábending um það að við höfum ekki og þá getu að færa okkur með mikið fleiri menn fram á völlinn. Það var ekkert sem benti til þess að Fylkir myndi vinna leikinn fyrr en ég breytti leikkerfinu og freistaðist til þess að setja fleiri menn fram til þess að reyna að vinna leikinn. Þau lið sem voru í kringum okkur voru að tapa stigum og ég vildi reyna að styrkja stöðu okkar í deildinni. Ég er að reyna að finna út á hvaða þroskastigi liðið mitt er og í dag er það ekki á því þroskastigi sem ég vil sjá það í framtíðinni,“ sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA eftir leik.

„Við erum með gott lið sem er gaman að vera frammi í því þá fær maður færi,“ sagði Halldór Hilmisson sem færði sig framar eftir því sem leið á leikinn. „Maður laumast fram og þegar við náum skyndisóknum þá keyrir maður fram,“ sagði Halldór sem var mjög hógvær eftir leikinn en Skagamenn mun dreyma hann örugglega næstu vikurnar eftir þessi fjögur mörk á fimm dögum. **- óój**

HVAR ER BOLTINN? Fylkismaðurinn Guðni Rúnar Helgason virðist vart vita í hvorn fótinn hann á að stíga á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

0-2

ÍA – Fylkir

Akranesv., áhorf.: 1.156 — Garðar Örn Hinriksson (8)

0-1 Halldór Hilmisson (76.)
0-2 Halldór Hilmisson (87.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6–11 (4–3)
Varin skot	Páll 0 – Fjalar 3
Horn	3–14
Aukaspyrnur fengnar	16–13
Rangstöður	3–2

ÍA 5–3–2		FYLKIR 4–4–2	
Páll Gísli Jónsson	5	Fjalar Þorgeirsson	7
Helgi P. Magnússon	4	Guðni Rúnar Helga.	6
Árni Thor Guðm.	6	Kristján Valdimars.	7
Dario Cingel	6	David Hannah	7
Heimir Einarsson	6	Viðir Leifsson	7
Guðjón H. Sveinsson	6	Ólafur Stígsson	6
(76., Andri Júlíusson	-)	(79., Páll Einarsson	-)
Jón Vilhelm Ákason	5	***Halldór Hilmisson**	**7**
Bjarni Guðjónsson	4	Valur Fannar Gísla.	7
Þórður Guðjónsson	5	Peter Gravesen	6
Björn Bergmann	6	Haukur Ingi Guðna.	5
V. Svadumovic	5	(29., Andrés Jóh.	7)
		Albert Ingason	6

*Maður leiksins

STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI:

1. FH	12	8	3	1	27:15	27
2. Valur	**13**	**7**	**4**	**2**	**28:16**	**25**
3. ÍA	13	6	3	4	25:20	21
4. Fylkir	13	6	3	4	14:13	21
5. Breiðablik	**13**	**4**	**6**	**3**	**20:11**	**18**
6. Keflavík	**13**	**5**	**3**	**5**	**20:20**	**18**
7. HK	**12**	**4**	**2**	**6**	**11:23**	**14**
8. Víkingur	13	3	3	7	12:20	12
9. KR	**13**	**2**	**4**	**7**	**10:20**	**10**
10. Fram	13	2	3	8	16:25	9

NÝJA LÍNAN FRÁ TOSHIBA

IPOD 2GB

FYLGIR 21.999

Takmarkað magn

FLAKKARI

FYLGIR 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

TOSHIBA

PSAE0E-04T01GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1ML
Intel Core Duo T2080
15.4" TFT WXGA TruBrite
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

129.999

15.4" WXGA TruBrite skjár
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

Intel Core 2 Duo
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

1GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

DV Ready - FireWire
FireWire tengið notar þú við myndband-stökuvél. Einfalt er að klippa til myndbönd og brenna á disk.

BT LÁN™
Verð frá: 3.693
59 mánaða

FRÁBÆRIR KAUPAUKAR FYLGJA MEÐ VÖLDUM VÉLUM

1. GREIÐSLA

1. nóvember 2007

IPOD

FYLGIR 21.999

Takmarkað magn

FLAKKARI

FYLGIR 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

OFFICE 2007

Office pakkinn
Leyfi fyrir 3 tölvur

9.999
16.999

Ef keypt með tölvu

FUJITSU SIEMENS COMPUTERS

BAT:NOM1-NSUM7-LA1
FSC AMILO LA1703 AMD
AMD Sempron 3500+
15,4" CrystalView skjár
- 1280 x 768 upplausn
UniChrome Pro skjástýring
512MB DDR2 vinnsluminni (533)
80GB SATA Harður Diskur
Innbyggt þráðlaust net
DVD Skrifari - Dual Layer
Windows Vista Basic
MS Works
WinDVD
Nero 7
Norman Antivirus (3mán)

69.999

Ótrúlegt VERÐ

AMD Turion 64 X2
Nýjasta fartölvutæknin frá AMD. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

15.4" WXGA TruBrite skjár
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

BT LÁN™
Verð frá: 2.104
59 mánaða

TOSHIBA

PSL40E-02R01QN5
TOSHIBA SATELLITE L40-139
Intel Celeron M 520
15.4" TFT WXGA
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows® Vista Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

89.999

Intel® Celeron M örgjörvi
Öflugur örgjörvi af nýjustu gerð Intel Celeron örgjörvanna frá Intel.

120GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

VAR AÐ LENDA

BT LÁN™
Verð frá: 2.634
59 mánaða

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri

dagskrá

> Tommy Lee Jones

Tommy hlaut skólastyrk eftir menntaskóla til að fara í Harvard. Hann bjó á heimavistinni en herbergisfélagi hans var enginn annar en fyrrverandi forsetaframbjóðandi og umhverfissinninn Al Gore. Tommy lauk BA-gráðu í ensku frá skólanum árið 1969 með heiðurseinkunn. Hann leikur í myndinni The Missing á Stöð 2 kl. 22.40.

VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON LENTI Í VALDARÁNI

Sá enski hefur innrás í Vesturbæinn

Undanfarna þrjá mánuði eða svo hefur íþróttaþorstanum verið svalað með stöðugum göngum og æfingasveiflum með barnakylfu fyrir framan sjónvarpið við mátulega litla hrifningu annarra heimilismanna. Upp úr þurru bölvar húsbóndinn síðan upphátt þegar sá útvaldi slær enn eitt glæsihöggið og hann finnur hvernig sjálfstraustið brotnar niður smátt og smátt og verður loks að engu.

En nú hyllir undir lok göngutúranna enda lækkar sólin brátt flugið og veturinn tekur öll völd. Skammdegið hefur innreið sína í líf Íslendinga sem breytast úr hamingjusömum og sólþyrstum eyjarskeggjum yfir í lokaða og fúla Íslendinga. Því miður fyrir aðrar þjóðir eru hamingjukannanir yfirleitt framkvæmdar yfir sumartímann og þá er ekki nema von að þjóðin mælist sú glaðasta í heimi.

Ólíkt því sem gerðist í seinni heimstyrjöldinni, þegar Bretinn, rjóður og svo yndislega góður, kom og bjargaði íslenskum konum frá sveitalúðunum í Reykjavík, þá er það karlpeningurinn sem að þessu sinni fær að kynnast góðmennsku Tjallans þegar hann birtist á skjánum.

JAFN MIKILVÆGUR OG DAVÍÐ Gerrard er álíka nauðsynlegur fyrir Liverpool og nærvera Davíðs Oddssonar var fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Og þetta er lítið gamanmál, tilvist þess enska á heimilum landsins. Steven Gerrard er til að mynda jafn mikilvægur fyrir aðdáendur Liverpool og Davíð Oddson var fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Rígurinn milli Manchester City og United er engu minni en orrustur Skagamanna og Keflvíkinga. Leikmannakaup sumarsins eru rædd af jafn mikilli ástríðu og efnahagsmálin og þessir tuttugu og tveir einstaklingar og leðurtuðran sem þeir sparka sín á milli á hundrað metra löngum velli verða hægt og bítandi mikilvægari en næring og ferskt loft í lífi hinna íslensk-ensku sófaíþróttamanna. Og þeir berja sér á brjóst þegar liðið þeirra hefur unnið sigur og steyta hnefann framan í sjónvarpið. „Þetta verður okkar tímabil! Þetta verður tímabilið sem Liverpool vinnur titilinn!“

EKKI MISSA AF

▶ **23.05 3000 mílur til Graceland** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.15 Breakin´ All the Rules** STÖÐ 2

▶ **20.00 Matchstick Men** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **22.45 Hustle** SIRKUS

▶ **22.00 Law & Order: Criminal Intent** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.35 14-2 e.
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Músahús Mikka (19:28)
18.23 En hvað það var skrítið (2:4) Ævintýri Nasa nashyrnings og vina hans á hitabeltisgresju Afríku.
18.30 Ungar ofurhetjur (14:26) (Teen Titans, Ser. II)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Stórtónleikar á Laugardalsvelli Bein útsending Sjónvarpsins frá stórtónleikum á Laugardalsvelli. Meðal flytjenda eru SSSól, Bubbi Morthens. Páll Óskar, Nylon, Luxor, Garðar Thor Cortes, Mugison, Todmobile, Stuðmenn og Björgvin Halldórsson.
▶**23.05 3000 mílur til Graceland** (3000 Miles to Graceland) Bandarísk gamanmynd frá 2001. Hópur fyrrverandi fanga rænir spilavíti meðan Elvis-ráðstefna stendur yfir. Leikstjóri er Demian Lichtenstein og meðal leikenda eru Kurt Russell, Kevin Costner, Courteney Cox, Christian Slater, Kevin Pollak og Thomas Haden Church. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
01.10 Staðfastir í trúnni (Keeping the Faith) Bandarísk bíómynd frá 2000 um tvo vini, katólskan prest og rabbína, sem verða ástfangnir af sömu stúlkunni. Leikstjóri er Edward Norton og meðal leikenda eru Ben Stiller, Edward Norton, Jenna Elfman, Anne Bancroft, Eli Wallach, Ron Rifkin og Milos Forman. e.
03.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Matchstick Men
08:00 All Dogs Go to Heaven 2
10:00 Finding Neverland
12:00 Jersey Girl
14:00 All Dogs Go to Heaven 2
16:00 Finding Neverland
18:00 Jersey Girl
▶ **20:00 Matchstick Men** Þrælfyndin og dramatísk glæpagamanmynd. Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Sam Rockwell, Alison Lohman. Bönnuð börnum.
22:00 Cinderella Man
00:20 From Dusk Till Dawn 2: Texas
02:00 Unbreakable
04:00 Cinderella Man

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Litlu Tommi og Jenni
07.45 Krakkarnir í næsta húsi
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi 2005
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Forboðin fegurð (114:114)
10.15 Homefront
11.00 Whose Line Is it Anyway?
11.25 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin fegurð (53:114)
13.55 Forboðin fegurð (54:114)
14.45 Lífsaugað (e)
15.20 Blue Collar
15.50 Kringlukast
16.13 Cubix
16.38 Justice League Unlimited
17.03 Barney
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
19.40 Friends Við sýnum nú vel valinn þátt af Vinum.
20.05 Friends (4:24) (Vinir 7)
20.30 So You Think You Can Dance (17:23) Tíu keppendur stigu dans og nú kemur í ljós hvaða tveir verða sendir heim.
▶**21.15 Breakin´ All the Rules** Bráðfyndin rómantísk gamanmynd með Óskarsverðlaunaleikaranum Jamie Foxx í aðalhlutverki. Quincy veit ekki hvað hann á að gera þegar kærastan fer frá honum enda var hann við það biðja hennar.
22.40 The Missing Dramatísk mynd um konu sem þarf að leita hjálpar hjá föður sínum þegar dóttur hennar er rænt. Aðalhlutverk: Tommy Lee Jones, Cate Blanchett, Evan Rachel Wood. Stranglega bönnuð börnum.
00.55 Poirot - Cards on the Table
02.30 Medium (11:22)
03.15 Bones (9:22)
04.00 So You Think You Can Dance (17:23)
04.45 Blue Collar
05.10 Fréttir og Ísland í dag
06.20 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí

SÝN besta sætið

07.00 Landsbankamörkin 2007
07.30 Landsbankamörkin 2007
08.00 Landsbankamörkin 2007
08.30 Landsbankamörkin 2007
09.00 Landsbankamörkin 2007
17.40 Landsbankadeildin 2007 Útsending frá leik FH og Fram í 13. umferð Landsbankadeildarinnar.
19.30 Landsbankamörkin 2007
20.00 Það helsta í PGA mótaröðinni Inside the PGA Tour er frábær þáttur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni.
20.30 Gillette World Sport 2007 Íþróttir í lofti, á láði og legi.
21.00 World Supercross GP 2006-2007 (RCA Dome)
22.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006
22.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006
23.40 FC Barcelona 2006-2007 Knattspyrnuliðið FC Barcelona er þekkt um allan heim enda saga liðsins glæsileg. Áhugavert er því að rifja upp leiki með þessu stórveldi í knattspyrnuheiminum.

SÝN 2

19.10 Man. Utd. - Reading
20.50 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
21.20 Premier League Preview (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
21.50 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.
22.20 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Svipmyndir frá leik Liverpool og Blackburn leiktíðina 1994-1995.
22.50 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
23.50 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

SKJÁREINN

07.35 Everybody Loves Raymond (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
15.35 Vörutorg
16.35 7th Heaven (e)
17.25 Greatest Dishes in the World (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 All of Us - Lokaþáttur Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
20.00 Charmed (6:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir.
21.00 The Biggest Loser (4:12) Það er komið að úrslitastund hjá trúlofuðu pörunum. Þau verða að undirbúa brúðkaupsdaginn og breyta um lífsstíl með leiðbeiningum sem þau fengu í æfingabúðunum.
▶**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (4:22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum.
22.50 Everybody Loves Raymond
23.15 Backpackers (7:26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn.
23.45 Law & Order: SVU (e)
00.35 World's Most Amazing Videos (e)
01.25 3 Lbs (e)
02.15 High School Reunion (e)
03.05 Tvöfaldur Jay Leno (e)
04.45 Vörutorg
05.45 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30
So You Think You Can Dance

Úrslitakeppnin er í fullum gangi. Í hverri viku draga dansararnir um dans sem þeir þurfa að fullkomna á örfáum dögum. Dómararnir eru miskunnarlausir í leit sinni að fullkomnun en áhorfendur hafa valdið. Í gær kepptu tíu dansarar um hylli kjósenda en í kvöld kemur í ljós hvaða tveir keppendur verða sendir heim. Þetta er hörkuspennandi þáttur fyrir alla dansáhugamenn.

▶ Við mælum með
STÓRTÓNLEIKAR Á LAUGARDALSVELLI
Sjónvarpið kl. 20.05

Sjónvarpið verður beina útsendingu frá stórtónleikum á Laugardalsvelli í kvöld. Meðal tónlistarmanna sem koma fram eru SSSól, Bubbi Morthens. Páll Óskar, Nylon, Luxor, Garðar Thor Cortes, Mugison, Todmobile, Stuðmenn og Björgvin Halldórsson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Minningar um merkisfólk
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Snaran
14.30 Miðdegistónar
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Tímakornið
19.40 Pollapönk
20.10 Litir í tónum og orðum: svart og hvítt
21.00 Kampavín og kaloríur
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Brot af eilífðinni
23.00 Kvöldgestir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SKJÁR SIRKUS

18.00 Insider
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.40 The War at Home (16:22) Gamanþættirnir The War At Home hafa slegið í gegn. Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu.
20.10 Entertainment Tonight
20.40 Ren & Stimpy Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.
21.10 Jake 2.0 (5:16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Er hann nú sterkari og sneggri en nokkur annar og ákveður leyniþjónusta Bandaríkjanna að nýta sér krafta hans. Jake er nú orðinn leynivopn Bandaríkjanna þar sem hann tekur að sér verkefni sem enginn annar getur leyst. Hörkuspennandi þættir.
22.00 Bones (13:21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. (13:22) Brennan rannsakar morð á menntaskólastelpu en þarf nú að vinna með nýjum félaga.
▶**22.45 Hustle** (4:6) Svikahrapparnir í Hustle snúa aftur í fjórða sinn en þeir eru enn með nægar hugmyndir að svikamyllum. Meðal þess sem þeir taka sér fyrir hendur í nýjustu þáttaröðinni er að selja Hollywood-skiltið sem virðist ómögulegt en ekkert er Hustle-hópnum ofviða. Þetta er hágæða bresk glæpasaga sem hefur verið tilnefnd til fjölda verðlauna. 2006.
23.40 The War at Home (16:22) (e)
00.10 Entertainment Tonight (e)
00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Vanity Fair **13.00** Waking the Dead **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Lenny's Big Atlantic Adventure **18.00** Hustle **19.00** New Tricks **20.00** The Rotters' Club **21.00** Hustle **22.00** The Good Life **22.30** New Tricks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** Mastermind **1.00** Hustle **2.00** Vanity Fair **3.00** A Place in France **3.30** Balamory 3.50 Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies 5.15 Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

DR 1

12.20 Danmarks mindste mejeri **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Tjenesten - nu på TV **13.30** Boogie Listen **14.30** F for Får **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Danni **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA! **19.00** TV Avisen **19.30** Godzilla **21.45** Pansernæven **23.30** Boogie Listen **5.30** Den lille røde traktor **5.40** Noddy **5.50** Disney Sjov

NRK 1

12.00 Jukeboks: Du skal høe mye **13.20** Reisen til Melonia **15.00** Margits saga **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Konstanse **16.05** Pippi Langstrømpe **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Karibia - et vilt paradis **18.45** 20 spørsmål **19.10** Inspektør Lynley **20.40** Litt av en luring **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotell Babylon **22.05** Komiprisen - årets morsomste **22.10** Dark Side of the Moon **23.00** Svarte Orm **5.30** Sommermorgen **5.31** Fimlene **5.50** Peppa Gris **5.58** Danny og Daddy

SVT 1

13.00 Att vara lite extra **13.30** Anna-Lena på duk **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Sorgens ansikten **15.30** Sommartorpet **16.00** Bella och Theo **16.30** Hej hej sommar **16.31** Fåret Shaun **16.40** Hej hej sommar **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Tre kärlekar **18.55** Radiohjälpen hjälper - Nytt liv **19.00** Torpedo **20.30** Ridsport: EM 2007 Mannheim **21.00** Rapport **21.10** Vår käre Elvis **22.05** Arvet **23.55** Sändningar från SVT24

HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?

„Þó að ég hafi einhvern tíma verið í leðurjakka og ekið um á mótorhjóli – og geri stundum enn - gerir það mig ekki að einhverjum eilífðartöffara.“

Valdimar Örn Flygenring í Pressunni 1992.

„Þetta stendur svo vel að þetta er orðin klassík. Ég er bara eins og ég er, ennþá stundum á mótorhjóli og í leðurjakka, þetta mörgum árum seinna,“ segir Valdimar í dag.

Þórhallur hagræðir í Efstaleitinu

„Hér er ekki verið að sprengja neina skala,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV en athygli hefur vakið hversu mikil áhersla verður lögð á innlenda dagskrárgerð þar á bæ í vetur. Slíkt hefur oftar en ekki verið þyrnir í augum íslensku sjónvarpsstöðvanna sökum kostnaðar. Einhverjir hafa því viljað halda því fram að Þórhallur hafi fengið ríflega og gott betur en það úr buddu ríkissjóðs en dagskrárstjórinn segir það af og frá. Dagskráin verði ekki mikið dýrari en undanfarin ár.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir viku verður skemmtiþáttur á dagskrá á laugardegi þar sem Eurovision-framlag Íslands verður valið. En í stað þess að viðburðafyrirtækið BaseCamp haldi utan um þá keppni verður hún á snærum RÚV að öllu leyti. Þá munu þeir Jón Ólafsson og Þorsteinn J. Vilhjálmsson vera hvor með sinn þáttinn auk þess sem Egill Helgason stýrir sínu Silfri og síðan er það spurningaþáttur sveitarfélaganna. Þórhallur segir að með aukinni hagræðingu og betri nýtingu fjármagnsins sé hægt að láta slíka dagskrá verða að raunveruleika. „Við erum að nota fólkið hérna innanhúss betur þannig að það er ekki bundið algjörlega við einn þátt og við slíkar ráðstafanir sparast nokkur peningur,“ útskýrir dagskrárstjórinn.

Í gær var síðan sagt frá því í fjölmiðlum að leikstjórinn Ragnar Bragason hefði verið ráðinn til að stýra Skaupinu. Fréttablaðið greindi frá því að Skaupið í fyrra hefði kostað 38 milljónir og þar með verið dýrasta Skaup sögunnar. Þórhallur segir að Ragnar fái ekki alveg jafn mikið fjármagn og starfsbróðir hans, Reynir Lyngdal. Skaupið verði ódýrara í ár. „En það ætti ekki að koma niður á gæðunum,“ segir Þórhallur. - fgg

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON Kostnaður við gerð Skaupsins verður eitthvað skorinn niður en Þórhallur segir að það eigi ekki að bitna á gæðunum.



LÁRÉTT
2. gáski **6.** pot **8.** keyra **9.** stroff **11.** gat **12.** uppgerðarveiki **14.** stundir **16.** tveir eins **17.** flýti **18.** af **20.** tveir eins **21.** borg.

LÓÐRÉTT
1. hróss **3.** guð **4.** hæðast **5.** þunnur vökvi **7.** duttlungar **10.** þrí **13.** hljóma **15.** þekkja leið **16.** upphrópun **19.** tímaeining.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. ærsl, **6.** ot, **8.** aka, **9.** ítt, **11.** op, **12.** skrýp, **14.** tímar, **16.** úú, **17.** asa, **18.** frá, **20.** tt, **21.** farið.

LÓÐRÉTT: 1. lofs, **3.** ra, **4.** skopast, **5.** lap, **7.** tiktúra, **10.** trí, **13.** óma, **15.** rata, **16.** úff, **19.** ár.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Sex.
2. Hún tekur höfuðstökk.
3. Ítalskt.

MEGAS: NÝJA PLATAN SELST EINS OG HEITAR LUMMUR

Ekki vinsælli í tuttugu ár

Nýjasta plata Megasar, Frágangur, er söluhæsta plata Megasar í tuttugu ár, eða síðan Loftmynd kom út árið 1987. Platan hefur selst í hátt á þriðja þúsund eintaka síðan hún kom út í síðasta mánuði og er þegar orðin fjórða söluhæsta plata Megasar frá upphafi.

Megas segir viðtökurnar betri en hann bjóst við en vill ekki meina að hann hafi lagt upp með að gera aðgengilega plötu. „Ég hef áður gert plötur sem mér hefur líkað við en ekki öðrum, þannig að ég veit ekki hvar minn smekkur rímar við almennan smekk. Það eru kannski einhverjar sögulegar sættir komnar á varðandi smekk manna, eða þá að umfjallanir blaðanna hafi haft svona mikið að segja. En ég segi ekki annað en að ég sé ánægður,“ segir Megas.

Loftmynd seldist í um sex þúsund eintökum á fyrstu mánuðum sínum en er nú komin í sjö til átta þúsund eintök og á Frágangur því nokkuð í land með að ná þeim góða árangri. Einnig þarf nýja platan að slá út Millilendingu og Í góðri trú sem komu út 1975 og 1986. Í góðri trú seldist í um fjögur þúsund eintökum til að byrja með en hefur núna selst í fimm til sex þúsundum, auk þess sem Millilending hefur selst í yfir þrjú þúsund eintökum.

Að sögn Eiðs Arnarssonar, útgáfustjóra Senu, seljast plötur Megasar venjulega í um tvö þúsund eintökum og því hafi þetta góða gengi komið skemmtilega á óvart. „Það má segja að Megas sé kominn inn í hlýjuna. Hann er miklu betur metinn heldur en hann var, sem er gott mál því hann á það svo gjörsamlega skilið. Hann er ekkert annað en snillingur.“

Þrátt fyrir að Frágangur nálgist óðfluga söluhæstu plötur Megasar segist hann ekki líta hana öðrum augum en aðrar plötur. „Síðasta plata sem ég hef gert er venjulega í uppáhaldi hjá manni. Hins vegar geri ég ekkert upp á milli platna. Þær eiga sér mismunandi sögur og stúdíóvinnan fer fram með mismunandi hætti. Það er alltaf mjög ánægjulegt að gera plötur en ég er ekki mikið að raða áhuga mínum í tíu bestu eða eitthvað slíkt.“

Meistarinn er um þessar mundir að fullgera næstu plötu sína sem kemur út í haust. Framundan eru síðan tónleikar á Miklatúni á menningarnótt, í Keflavík, á Ísafirði og Akureyri auk þess sem stórtónleikar í Laugardalshöll eru fyrirhugaðir í október.

freyr@frettabladid.is

FÁHEYRÐAR VINSÆLDIR Nýjasta plata Megasar hefur fengið frábærar viðtökur síðan hún kom út í síðasta mánuði. Hann hefur ekki selt jafn mikið í tuttugu ár, eða síðan Loftmynd kom út. Megas hefur því efni á að brosa. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þúsundir Íslendinga flykkjast í miðborgina á menningarnótt á ári hverju. Annað kvöld verður að minnsta kosti eitt mexíkóskt andlit að finna í mannhafinu, því kvikmyndastjarnan **Gael García Bernal** mun leggja leið sína á menningarhátíðina. Með honum í för verða fleiri stórleikarar, því allur leikhópur uppfærslu **Gísla Arnar Garðarssonar** á Tillsammans verður á svæðinu. **Daniel Brühl** verður einnig á staðnum, ásamt Gísla sjálfum, **Nínu Dögg Filippusdóttur** og fleira framafólki. Erfitt er að spá um hvað muni kveikja áhuga stjörnunnar, en flugeldasýningin ku vera ofarlega á lista yfir hugðarefnin.



Sigríður Snævarr sendiherra spókar sig nú um í Vesturbænum með glæsilegan barnavagn, en hún og **Kjartan Gunnarsson**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, eignuðust sem kunnugt er sitt fyrsta barn fyrr í sumar. Ekki ætti að væsa um erfingjann því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er honum ekið um í Silver Cross Balmoral vagni. Ef marka má netsíður hafa leikkonurnar **Angelina Jolie**, **Gwyneth Paltrow** og **Kate Hudson** auk **Britneyar Spears** keyrt hvítvoðunga sína um í slíkum kerrum sem jafnan eru kallaðar „Bentley“ barnavagnanna af sérfræðingum í barnavörum.

- sun/fgg

Forstjóri Kaupþings söng með Helga Björns

„Ætli við getum ekki orðað það svo að þetta hafi verið upphafið og endirinn á mínum söngferli,“ segir Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi, en hann tók lagið með stórsöngvaranum Helga Björnssyni í gær í tilefni af afmælistónleikum bankans sem fram fara á Laugardalsvelli í kvöld. Helgi og Ingólfur sungu gamla slagarann „Mér finnst rigningin góð“ og nutu aðstoðar nokkurra af þeim poppurum sem koma fram á tónleikunum í kvöld. Einar Bárðarson, aðalskipuleggjandi tónleikanna, var á meðal þeirra sem hlýddu á Ingólf og segir umboðsmaðurinn að bankastjórinn leyni á sér í tónlistinni. „Hann söng betur en ég hélt og það er spurning hvort við kýlum ekki á plötu fyrir jól,“ sagði Einar í léttum dúr. Ingólfur tók ekki alveg eins djúpt í árinni og kvaðst ætla að halda sig við bankastörfin. „Það þurfa ekki allir bankastjórar að syngja þó einn kunni það ágætlega,“ sagði Ingólfur.

Engu verður til sparað til að gera tónleikana í kvöld sem glæsilegasta og hefur verið rætt um að þeir séu hugsanlega þeir dýrustu sem haldnir hafa verið hér á landi. Hafa kostnaðartölur upp á 30-40 milljónir króna heyrst í því sambandi. Einar vildi ekkert ræða um kostnaðinn og ítrekar að hann sé í raun algjört aukaatriði. „Aðalmálið er að Kaupþing er að halda þarna einhverja glæsilegustu afmælisveislu í sögu þjóðarinnar og ég á ekki von á að það verði send út nein afkomuviðvörun vegna þeirra.“ - vig

MIKIÐ STUÐ Helgi Björnsson kemur fram á tónleikum Kaupþings í kvöld en mun þá ekki njóta fullþingis Ingólfs Helgasonar bankastjóra.

Sængurver og teppasett í sérflokki

Komdu og upplifðu allt það nýjasta í svefnherbergið

Betra BAK

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

LYFJA
- Lífið heil

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24 alla daga

BAKÞANKAR
KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

Illt í maganum

Litríkasta helgi sumarsins er yfirstaðin. Allt frá prestum yfir í teknótæfur flykktust niður í miðbæ til að veifa fánum til stuðnings samkynhneigðum. Allt var blessað í bak og fyrir og bólaði ekki á Gunnari í Krossinum, sem fjölmiðlar eru vanir að draga fram í sviðsljósið í hvert sinn sem minnst er á réttindabaráttu samkynhneigðra. Til þess að spyrja hvað honum finnist nú um þetta.

EINHVERN VEGINN er það týpískt fyrir fjölmiðla hvernig Gunnari í Krossinum, sem yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar álítur rugludall, er alltaf stillt upp sem holdgervingi þeirra fordóma sem samkynhneigðir mæta í þjóðfélaginu – og marktækum andstæðingi. Ekkert gæti verið fjær sannleikanum. Bókstafstrúarfólk er hverfandi minnihlutahópur í íslensku samfélagi, staðalímyndir um samkynhneigða hafa sjaldnast að gera með kristna trú og fordómarnir byggjast á fáfræði og krónískum geldingarótta karlmanna á stórum jeppum.

GUNNAR í Krossinum er þægilegur andstæðingur, það verður ekki af honum tekið. Hann stendur keikur og hefur sitt á hreinu: sódómistar skulu grýttir. Sömu sögu er ekki að segja um ríkiskirkjuna. Þar á bæ tvístíga forystusauðirnir vandræðalegir þegar kemur að málefnum samkynhneigðra og reyna í örvæntingu að sætta bókstaf og raunveruleika(kynvillingarskyndilega ekki lengur kynvillingar heldur „menn sem leggjast á börn og fatlaða“ eða hvernig sem nýja biblíuþýðingin hljómar). Prestar gefa saman samkynhneigða ef þeim sýnist svo en opinber stefna er vægast sagt óljós.

ÞAÐ ER leiðinlegt að þurfa að taka umdeildar ákvarðanir. Ákvörðunin um stefnu þjóðkirkjunnar í málum samkynhneigðra er enn óþægilegri vegna þess að hún flækist óhjákvæmilega inn í spurninguna um samband ríkis og kirkju. Ríkið skuldbindur sig til að tryggja öllum þegnum sínum jafnrétti fyrir lögum og hefur tryggt jafna réttarstöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Kirkjunni sem trúfélagi ætti að vera í sjálfsvald sett hvernig hún túlkar eigin skyldur gagnvart meðlimum sínum. Hins vegar er hæpið að kirkjan sem ríkisstofnun hafi rétt á að setja reglur að eigin hentisemi. Það er löngu orðið tímabært að slaka á tilfinningaseminni og aðskilja ríki og kirkju, en alltaf verða ráðamenn á svipinn eins og þeim sé illt í maganum.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ARI ÞRÖSTUR ARNARSSON
LATABÆJARHLAUPARI
1 KM / UNICEF

KATLA KRISTINSDÓTTIR
LATABÆJARHLAUPARI
1 KM / UNICEF

HENRIK NÓI KEMP
LATABÆJARHLAUPARI
1 KM / UNICEF

LATABÆJARHLAUPIÐ ER Á MORGUN!

DAGSKRÁ VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS
13.30–17.00 við Sæmundargötu

Kl. 14.00 hlaupa börn fædd árin 1998 og 1999
Kl. 14.30 hlaupa börn fædd árið 2000
Kl. 15.00 hlaupa börn fædd árið 2001 – mega hafa einn fylgdarmann
Kl. 15.30 hlaupa börn fædd árið 2002 og síðar – með fylgd; kerrur og vagnar aftast
Kl. 16.00 Latabæjarskemmtun
Kl. 17.00 Dagskrárlok

SKEMMTIDAGSKRÁ

- Skemmtidagskrá frá Latabæ
- Harasystur
- Nylon söngflokkurinn
- Georg sparibaukur
- Jump Fit sýning
- Danssýning frá dansdeild ÍR
- Natasha breikdanskennari ásamt danshópnum Pure Vibes

SIGGI SÆTI
VERÐUR Á STAÐNUM

LATABÆJARHLAUPIÐ

Latabæjarhlaupið verður haldið á morgun fyrir framan Háskóla Íslands. Skráðir hlauparar þurfa að sækja boli og skráningargögn í Laugardalshöllina í dag milli kl. 12.00 og 21.00.

Þátttökugjöld í Latabæjarhlaupinu renna óskipt til UNICEF – Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Síðustu forvöð til að skrá sig í Latabæjarhlaupið er í dag í Laugardalshöllinni milli kl. 12.00 og 21.00.

ALLIR SIGRA 18. ÁGÚST! unicef

HLAUPALEIÐ LATABÆJAR

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS
18. ÁGÚST 2007

GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 07-0581